

SJÖTUG OG SÍUNG

VINNSLUSTÖÐIN 1946-2016

ATLI RÚNAR HALLDÓRSSON

**SJÖTUG OG SÍUNG
VINNSLUSTÖÐIN 1946-2016**

Sjötug og síung, Vinnslustöðin 1946-2016

Útgefandi	Vinnslustöðin hf. í desember 2016
Höfundur	Atli Rúnar Halldórsson ©
Hönnun og umbrot	Þorleifur R. Örnólfsson
Ljósmynd framan á kápu	Ísleifur Arnar Vignisson (Addi) í London
Ljósmynd aftan á kápu	Helgi Hannes Atlason
Aðrar ljósmyndir:	Sigurgeir Jónasson, Atli Rúnar Halldórsson o.fl.
Prentun	Pixel

Fylgt úr hlaði

Saga Vinnslustöðvarinnar spannar mesta framfara- og umbrotatímabil Íslandssögunnar og speglar á sinn hátt gríðarlegar breytingar í atvinnuháttum, samfélagi og efnahag þjóðarinnar. Hægt er að segja þá sögu á marga vegu, frá mismunandi sjónarhornum.

„Æviferil“ Vinnslustöðvarinnar mætti til dæmis rekja aðallega sem atvinnusögu en einnig sem fyrst og fremst sem byggðasögu, átakasögu, mannlífssögu, félagssögu eftir fundargerðum og fjölmiðlaumfjöllun eða grípa sitt lítið af hverju á hillu aðferðafræðinnar og blanda saman. Sagan er alls ekki einsleitt fyrirbæri, heldur er hún í þessu tilviki sem fleirum bæði fjölbreytt og fjölskrúðug.

Þegar Vinnslustöðin varð sextug ritstýrði ég blaði sem dreift var í hvert hús í Vestmannaeyjum í desember 2006. Þátt Hermanns Kr. Jónssonar í þeirri útgáfu ber að nefna sérstaklega. Hann safnaði saman efni og upplýsingum í þann burðarkafli þar sem stiklað var á stóru í 60 ára sögu fyrirtækisins.

Núna 10 árum síðar var byggt á þessum grunni og aukið við sögulegar „stiklur“ í 70 ár. Þann þráð spanna Þór Vilhjálmsson að miklu leyti og var auk þess óþreytandi að aðstoða við að afla efnis, velja viðmælendur, rifja upp og segja sögur. Hermann kom líka við sögu nú við efnisöflun og ábendingar.

Heiðursmennirnir Hermann Kr. og Þór eiga stóran þátt í afmælisblaðinu 2006 og í afmælisbókinni 2016. Hafi þeir bestu þakkir fyrir. Að starfa með slíkum fróðleiksbrunnum, gleðipinnunum og spaugurum telst auðvitað til forréttinda.

Sjálfgefið er að nefna líka Sigurgeir Jónasson og

ómetanlegt ljósmyndasafn hans. Þvílík gæfa fyrir Vestmannaeyinga sá menningarsjóður skuli vera til.

Nefndu manninn, bátinn, húsið, fyrirtækið, vinnustaðinn, samkomuna – áratugi inn í fortíðina. Ætli sé til ljósmynd? Svar: já, nema í undan-tekningartilvikum! Saga Vinnslustöðvarinnar skrifar sig eiginlega sjálf að miklu leyti gegnum linsur myndavéla Sigurgeirs. Myndirnar hans segja oft margtalt meira en nokkur orð.

Sú leið var valin hér að varpa ljósi á Vinnslustöðina sem vinnustað og eina af meginstöðum atvinnulífs, mannlífs og byggðar í Vestmannaeyjum með frásögnum núverandi og fyrrverandi starfsfólks fyrirtækisins og sögum af ýmsu tagi í gamni og alvöru. Þá aðferð má gjarnan kalla blaðamannasagnfræði.

Verkefnið var áhugaverð og skemmtileg áskorun. Efniviðurinn var óþrjótandi, vandasamast var að velja og hafna. Hnjóti lesendur um missagnir er við mig einan að eiga um þær.

Vinnslustöðvarfólki óska ég til hamingju með afmælið og þakka það traust sem mér var sýnt með því að fela mér að spreyta mig á því að raða saman sjötíu ára sögubrotum í bók. Þannig kynntist ég í leiðinni sjálfum hjartarótum samfélagsins í Eyjum og það er nú engin smáræðisbúbót fyrir reynsluheim drengs úr Svarfaðardal.

*26. nóvember 2016
Atli Rúnar Halldórsson*

Þríheilagt hjá Vinnslustöðinni á afmælisári

15. október 2016: Ný uppsjávarvinnsla tekin í notkun með viðhöfn, afmælisveisla, árshátíð.

Áður fyrr var talað um að þríheilagt væri þegar sama hátíðin stóð yfir í þrjá daga. Nú til dags er þríheilagt þegar þrjú mismunandi mannamót eru á vegum sama gestgjafans á einum og sama deginum. Það var stæll Vinnslustöðvarinnar á afmælisári.

I.

Nýja uppsjávarvinnsluhúsið stóð opið til sýnis í tvær klukkustundir á stífbónuðu hafnarsvæðinu. Um 400 bæjarbúar og aðrir gestir mættu til að kynna sér starfsemina, sýna sig og sjá aðra. Framkvæmdasagan og vinnsluferlið var rakið enn frekar í máli og myndum Adda í London og SIGVA media/Sighvats Jónssonar í tveimur frystiklefum (sem í var reyndar þíðviðri í tilefni dagsins).

Ef einhverjum spurningum var enn ósvarað voru Sindri Viðarsson, sviðsstjóri uppsjávarsviðs,



Jens Garðar Helgason, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi; Hildur Sólveig Sigurðardóttir, forseti bæjarstjórnar Vestmannaeyja; Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarformaður VSV; Sindri Viðarsson, sviðsstjóri með soninn Nökkva Dan í fanginu, og Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri VSV.

og samstarfsmenn hans innan seilingar til að sýna og útskýra.



Sindri Viðarsson, sviðsstjóri uppsjávarsviðs, stjórnaði samkomunni í nýja fiskvinnsluhúsinu.



Starfsmenn í sölu- og markaðsmálum VSV hérlandis og erlendis léttrir í lundu í nýja uppsjávarhúsinu.



(Marhólmur – vantar nöfn á fólkið)

Í tveimur öðrum frystiklefum var kynnt umfangsmikil sölu- og markaðsstarfsemi VSV annars vegar og hins vegar vöruframboð tveggja Eyjafyrirtækja sem Vinnslustöðin er meðeigandi í: Marhólma og Idunn Seafoods. Starfsmenn fyrirtækjanna þriggja komu sveitungum sínum og öðrum gestum greinilega á óvart.

Fæstir höfðu gert sér grein fyrir því hve sölu- og markaðsstarf VSV er orðið umfangsmikið víða um álfur. Mörgum kom líka á óvart hve fjölbreytt fullvinnsla sjávarafurða er í Vestmannaeyjum og hve góðum árangri fyrirtækin hafa náð með vörunar sínar á kröfuhörðum, erlendum mörkuðum.

II.

Að kvöldi dags var hin eiginlega afmælisveisla Vinnslustöðvarinnar í Eldheimum, boð fyrir gesti með tilheyrandi mannfagnaði, ræðuhöldum, gjöfum og glaumi.

Þegar Vinnslustöðin fagnaði sextugsafmæli í desember 2006 var efnt til hátíðar í Höllinni. Fagnaðurinn tókst afar vel en skarð í þá gleði var að boðsgestir að sunnan komust ekki nær samkomunni en að hringisóla í Fokker yfir flugvælinum í 20 mínútur og hverfa svo suður aftur.




Jens Garðar Helgason, formaður Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi, biður gesti að skála fyrir afmælisbarninu, Vinnslustöðinni. Sigurgeir Brynjar framkvæmdastjóri lengst til vinstri.



Ingi Árni Júlíusson – Ingi Júl t.v. hefur verið verkstjóri í Vinnslustöðinni í 48 ára og var þar áður í Fiskidýgunni, sem sameinaðist síðar VSV. Með öðrum orðum verkstjóri í fyrirtækinu í meira en hálfa öld.



Veislupjónusta Einsa kalda braut blað í eldhúsinu í Höllinni með því að nota færiband af Gandi VE í fyrsta sinn til að braða afgangi af rétti fyrir gesti í sal. Nýjung í veitingabransanum sem virkaði svo vel að eftir var tekið!



Allt er sextugum fær

Mannlíf í Vinnslustöðinni

Forsíða blaðs sem Vinnslustöðin gaf út í tilefni sextugsafmælis síns og dreifði í hvert hús í Eyjum um miðjan desember 2006.

III.

Síðust en ekki síst í hátíðarþrenningunni var árshátíð Vinnslustöðvarinnar í Höllinni, sú fjölmennasta í sögu félagsins og stóð langt fram á nótt. Þarna sátu um 450 manns veislu og skemmtu sér konunglega.

Veislustjórinn var heldur ekki hver sem er, Kenneth Máni Johnson (áður Ketill Máni Ás-
laugarson), stærsti smáglæpamaður landsins.



Kenneth Máni, stærsti smáglæpamaður landsins, stjórnaði árshátíðinni á þann hátt að enginn kemst með sporin þar sem hann hefur hælana í þeim efnum.

Björn Thors leikari túlkar þennan merkismann sem er hömlulaus, lesblindur, ofvirkur með athyglisbrest og aðra siðferðisvitund en allur fjöldinn.

Þarna sannaðist hið fornkveðna að gæfuríkt er

að skemmta sér í góðum hópi með gott á disk og í glasi og njóta leiðsagnar eilífðarfanga við að líta tilveruna björtum augum.

Vinnslustöðin fjárfestir og fjölgar störfum í heimabyggðinni

„Vinnslustöðin er mun sterkara og stöndugra fyrirtæki þegar hún kemst á áttæðisaldurinn í lok ársins en á sextugsafmælinu 2006. Liðinn áratugur hefur verið sögulegur með efnahagshruni og pólitískri atögu stjórnvalda að atvinnugreininni. Við erum samt betur stödd en áður. Hins vegar er pólitískt ástand á Íslandi þannig núna að hlýtur að teljast meiri óvissuþáttur í rekstri sjávarútvegs-fyrirtækis en erlendir markaðir eða sjálft lífríki sjávarins. Óvissan eykst frekar en hitt.“

Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson framkvæmdastjóri – Binna í Vinnslustöðinni sagði í afmælisriti VSV í desember 2006 að fyrirtækið myndi að líkindum endurnýja bæði húsakost sinn og skipastól að einhverju leyti næsta áratuginn og styrkja jafnframt innviði sína enn frekar. Það hefur gengið eftir og meira til.

„Við opnuðum nýja uppsjávarvinnslu núna á afmælisárinu, seldum eldri skip og keyptum yngri og fullkomnari í staðinn og fáum togarann Breka



Elsta myndin af Binna sem til er í safni VSV, tekin á aðalfundi ????



Binni (lengst til hægri við borðið) málstofustjóri á Sjávarútvegsráðstefnunni í Hörpu 25. nóvember 2016.

nýsmíðaðan heim frá Kína á árinu 2017. Þá vil ég halda því til haga að við eigum tæpan helming í Huginn.

Ég nefni alveg sérstaklega fullvinnslufyrirtækin í sjávarútvegi sem við höfum tekið þátt í að stofna í Vestmannaeyjum. Vinnslustöðin er meirihluta-eigandi í Marhólmum og meðeigandi og bakhjarl í Löngu og Idunn Seafoods.

Við höfum stóraukið markaðs- og sölustarfsemi okkar hér heima og með söluskrifstofum og eigin erindrekum í Finnlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Portúgal, Japan, Suðaustur-Asíu og víðar.

Með frystigeymslunni á Eiði, sem nú er verið að margfalda að stærð, flytjum við heim störf og starfsemi frá Hollandi.

Með stofnun Hafnareyrar jukum við fagþekkingu og þjónustu í Vestmannaeyjum.

Þegar á heildina er litið ber allt að sama brunni. Við höfum fjölgað störfum í Vestmannaeyjum, ekki síst eftirsóknarverðum og verðmætum störfum sem krefjast háskólamenntunar og fagþekkingar.

Við fjárfestum í heimabyggð og styrkjum beinlínis stöðir hennar með því að efla starfsemina hérlandis og erlendis.

Vinnslustöðin skuldar ögn meira í evrum talið nú en hún gerði fyrir tíu árum en er miklu öflugra fyrirtæki nú en þá.“

– *Hvernig rímar það sem þú segir núna við spádóma þína á sínum tíma vegna veiðigjaldanna sem*



Framkvæmdastjórinn, varaformaður stjórnar VSV og formaður stjórnar: Binni, Einar Þór Sverrisson og Guðmundur Örn Gunnarsson.

lögð voru á og þú fullyrtir að myndu sliga sjávarútvegsfyrirtækin í stórum stíl, þar á meðal Vinnslustöðina?

„Ég þarf ekki að éta neitt ofan í mig af því sem ég sagði um veiðigjöldin og segi enn. Veiðigjöldin sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar boðaði forðum jafngiltu 30-50 milljörðum króna á verðlagi ársins 2016. Það þarf ekkert gáfumenni til að sjá og skilja að fyrirtækin hefðu ekki staðið undir afborgunum lána, vöxtum og öðrum skyldbindingum með slíkar klyfjar á herðunum í viðbót við önnur opinber gjöld, sem við borgum að sjálfsögðu líka. Álögð veiðigjöld urðu sem betur fer mun lægri en talað

var um í fyrstu en eru samt þungbær fyrir fjölda fyrirtækja.

Varla líður svo dagurinn að okkur sé ekki boðið að kaupa kvóta smábáts eða minni útgerðar einhvers staðar á landinu. Fjöldi fólks í einstaklingsútgerð bognar undar skattheimtunni og reynir að forða sér úr sjávarútveginum. Pólitíska ástandið í landinu að alþingiskosningum loknum hefur þar að auki ekki beinlínis stuðlað að því að róa þá sem órólegir voru og kvíðnir fyrir.“

– Engu að síður var borð fyrir báru hjá Vinnslustöðinni að fara í verulegar fjárfestingar á tiltölulega skömmum tíma?

„Þörfin fyrir endurnýjun og fjárfestingar var

brýn en við fórum varlega, afar varlega. Við ætl-uðum að reisa frystihús fyrir hrun og höfðum boðið út niðurrif norðurbyggingarinnar á hafnar-svæðinu en fundum árið 2008 að eitthvað var að í íslenska fjármálakerfinu. Bankarnir treystu sér ekki til að fjármagna framkvæmdir og standa við bakið á okkur. Svo hrundu þeir eins og spilaborgir.

Árið 2011 tókum við upp þráðinn að nýju og ræddum fjárfestingar og endurnýjun í stjórn og eigendahópi en lögðum þau áform snarlega á hilluna þegar Jóhanna og Steingrímur J. fóru að sveifla ofurveiðigjöldum yfir hausamótum okkar með tilheyrandi hótunum. Það kæmi mér ekki á óvart þótt við sæjum þá sögu endurtaka sig á því kjörtímabili Alþingis sem nýhafið er. Kosninga-baráttan var samfelld kapphlaup stjórnmalaflokka í loforðum um að stórhækka veiðigjöldin.“

– *Veiðigjöldin eru eitt en eru ekki fleiri þættir sem valda óvissu?*

„Vissulega er það svo. Við göngum reyndar út

frá því að lífríki sjávarins sveiflist. Reynslan kennar það einfaldlega. Loðna getur brugðist og enginn ætti að ganga að makrílnum gefnum, svo dæmi sé tekið. Þarna ríkir ekki stöðugleiki en stjórnkerfi fiskveiða hjálpar okkur að draga úr áhrifum og jafna sveiflur. Því er mikilvægt að verja fiskveiði-stjórnarkerfið fyrir pólitískum atögum og afskap-lega mikilvægt líka að hér ríki bærilega stöðugt pólitískt ástand í landinu. Það er nú öðru nær og ástæða til að hafa áhyggur af afleiðingunum.

Ánægjulegt er samt á afmælisári að geta sagt með sanni að Vinnslustöðin hefur nógu sterka innviði og fjárhagslega stöðu til þola umtalsverða erfiðleika, mótlæti eða jafnvel áföll, hvort heldur við tölum um sveiflur í lífríki, á erlendum mörk-uðum eða í íslenskum stjórnmálum!

Við erum betur sett en áður og eignarhaldið er traust. Við erum Eyjafyrirtæki og ætlum að vera það. Ræturnar eru í Vestmannaeyjum og þar er vettvangurinn sem við viljum starfa á og dafna.“



Í febrúarbliðu 2014. Haraldur Gíslason – Halli Gísla, Binni og Eyjólfur Guðjónsson.

Stiklað á stóru 1946-2016

2. október 1946

Fundur Útvegsbændafélags Vestmannaeyja í Samkomuhúsinu til undirbúnings stofnunar fiskvinnslustöðvar útgerðarmanna í Eyjum. Eftirtaldir kjörnir til að vinna að málinu: Jóhann Sigfússon, Helgi Benediktsson, Ársæll Sveinsson, Guðlaugur Gíslason. Til vara: Sighvatur Bjarnason, Ragnar Stefánsson.

24. október 1946

Undirbúningsnefndin kom saman heima hjá Helga Benediktssyni og skipti með sér verkum: Jóhann Sigfússon formaður, Helgi Benediktsson varaformaður og Ragnar Stefánsson ritari. Helga Benediktssyni, Guðlaugi Gíslasyni og Ragnari Stefánssyni falið að semja drög að félagslögum.

1. nóvember 1946

Drög að félagssamþykktum rædd í undirbúningsnefnd og samþykkt að leita fyrir sér hjá Útvegsbanka Íslands um lán til byggingar á móti stofnláni frá stofnlánasjóði. Ragnari Stefánssyni falið að skrifa bankanum greinargerð með lántöku-beiðninni sem nefndin lagði inn hjá bankastjóra útibúsins í Eyjum daginn eftir, laugardaginn 2. nóvember kl. 11 f.h.

30. desember 1946

Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda stofnuð í Vestmannaeyjum. Stofnendur voru 105 útvegsmenn í Eyjum sem „sameinuðust um fiskvinnslu til hagsbóta fyrir sig og byggðarlagið.“

Í fyrstu stjórn félagsins voru kjörnir Ársæll

Sveinsson, Guðlaugur Gíslason, Helgi Benediktsson, Jóhann Sigfússon, Ólafur Á. Kristjánsson, Ragnar Stefánsson og Sighvatur Bjarnason. Jóhann kjörinn formaður/framkvæmdastjóri á fyrsta stjórnarfund 3. janúar 1947, Sighvatur varaformaður og Helgi ritari. Óskar Sigurðsson tók að sér eftirlit með bókhaldi.

- Verkun bolfisks hófst á vegum nýja félagsins á vetrarvertíðinni 1948 og þá einungis í salt eða hann hertur.
- Bolfiskfrysting er talin hefjast 1949 eða þar um bil.
- Síldarsöltun og síldarfrysting er talin hefjast um 1950.
- Bræðsla loðnu er talin hefjast um 1964.
- Veiðar og vinnsla humars hófst 1955 eða 1956.
- Loðnufrysting er talin hefjast um 1968.
- Frysting loðnuhroga hófst 1974.

10. janúar 1947

Ákveðið á stjórnarfund 10. janúar 1947 að sækja um tiltekna lóð ofan við Básaskersbryggju.

3. febrúar 1947

Bókað á stjórnarfund 3. febrúar 1947 að lóðin ofan við Básaskersbryggju væri of lítil. Ákveðið að sækja um lóð norðan við fiskverkunina Fiskur og ís inni í Friðarhöfn.

29. júní 1947

Stjórnin fjallaði um teikningar að nýbyggingu sem dr. Jakob Sigurðsson upplýsti að hann hefði tilbúna í frumdráttum. Dr. Jakobi falið í símtali

að senda frumteikningar til nýbyggingaráðs og stjórninni afrit af teikningum og kostnaðaráætlun til frekari athugunar og samþykktar.

16. október 1947

Á stjórnarfundum kom fram að Magnús Guðbjartsson, eigandi Fisks og íss, óskaði eftir að ræða við stjórn Vinnslustöðvarinnar um hugsanleg kaup á fyrirtæki hans.

21. október 1947

Stjórn ræddi við Magnús Guðbjartsson um Fisk og ís með tilliti til mögulegra kaupa á húsinu. Stjórnin einhuga um að ekki yrði um kaup að ræða nema að öllu leyti en ekki á vissum hluta-bréfanna.

Október 1947

Framkvæmdir hófust við fyrsta áfanga fiskiðjuvers við Friðarhafnarbryggju með það að markmiði að taka á móti fiski á næstu vetrarvertíð. Það tókst en þann vetur var eingöngu unninn saltfiskur.

19. janúar 1948

Samþykkt að ráða Ragnar Stefánsson sem framkvæmdastjóra og Helga Benónýsson frá Vesturhúsum sem verkstjóra.

20. febrúar 1948

Samþykkt að ráða Mörtu Sigurðardóttir frá Nýjabæ sem starfsstúlku á skrifstofu.

14. júní 1948

Aðalfundur. Nokkrar umræður um launamál stjórnarmanna og urðu málalyktir þær að allir í stjórn neituðu að taka við þóknun fyrir störf sín í þágu félagsins.

Framkvæmdastjóri tók til máls og vítti aðfarir

þeirra félagsmanna er svikist hefðu undan merkjum við félagið og lagt afla sinn inn hjá öðrum fyrirtækjum. Hann kvað heimild í lögum félagsins til þess að refsa fyrir slíkar aðgjörðir.

Ólafur Halldórsson benti stjórninni á hvort ekki væri rétt að félagið sækti um að fá einn af hinum 10 nýsköpunartogurum er úthluta ætti á næstunni.

16. júlí 1948

Á stjórnarfundum kom fram að Ragnar Stefánsson hefði sagt starfi sínu lausu. Samþykkt að fela Óskari Sigurðssyni (mynd) framkvæmdastjórn fjármála og bókhald fyrir félagið frá því að Ragnar Stefánsson legði niður störf hjá félaginu þar til öðru vísi yrði ákveðið.

Óskar Sigurðsson var skrifstofu- og fjármála-stjóri Vinnslustöðvarinnar frá 1948 til 1969. Hann var þá bráðkvaddur fyrir aldur fram. Óskar var borinn og barnfæddur Eyjamaður, Verslunarskólagenginn og lauk prófi sem endurskoðandi í Þýskalandi. Hann starfaði við verslun, endurskoðun og útgerð, stofnaði eigin endurskoðunarstofu í Vestmannaeyjum, var gjaldkeri Fiskimjölsværksmiðjunnar og Bataábyrgðarfélags Vestmannaeyja, gerði út Kára VE, átti efna-laugina Straum á móti Jóhanni Sigfússyni, framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar 1950-1959, og stofnaði útgerðarfélagið Hugin 1959 ásamt Guðmundi Inga Guðmundssyni. Sigurður, sonur Óskars, var stjórnarformaður Vinnslustöðvarinnar frá 1976 til 1986.

27. ágúst 1948

Þar sem vart hafði orðið við rauðátu í saltfiski stöðvarinnar var samþykkt í stjórn að fela Halldóri J. Einarssyni að útvega menn og láta fara í gegnum fiskinn og þvo úr honum rauðátuna.

20. desember 1948

Rætt um mötuneyti. Stjórnarmenn höfðu athugað með húsnæði hjá Ársæli Sveinssyni sem gaf kost á húsnæðisplássi gegn 1.000 króna mánaðargreiðslu til 5 mánaða notkunar með ljósi og hita, án rafmagns til suðu og eldunar og til 5 ára. Ársæll lagði til borð og stóla í matsalinn en leigutaki lagði til eldunaráhöld og eldavél. Samþykkt að taka þessu leigutilboði að því tilskyldu að hafa eldhúsið til geymslu afurða allt að einu ári án leiguhækkunar.

4. janúar 1949

Bókað á stjórnarfundum að félagið tæki daginn eftir (5. janúar) við frystihúsi Fisks og íss. Gengið var frá yfirtöku lána hjá Landsbanka Íslands í Reykjavík í því sambandi.

24. janúar 1949

Rætt um bílaleigu. Guðni Guðnason vildi leigja bíl í 4 mánuði á kr. 1.500 á mánuði og borga viðhald bílsins en að Vinnslustöðin borgaði bensínið. Samþykkt að taka þessu tilboði.

9. febrúar 1949

Mötuneytið tilbúið til starfrækslu. Ákveðið að láta útgerðarmenn taka að sér fæðisverslun manna sinna, sem drægist frá aflainnleggi. Fæði annarra manna skyldi dregið frá kaupum þeirra.

31. mars 1950

Jóhann Sigfússon ráðinn framkvæmdastjóri.

29. september 1950

Vinnslustöðin fékk 500 dósir af niðursoðnum ávöxtum og ákveðið var að deila 12 dósum á hvern bát sem í Vinnslustöðinni voru og reikna bátunum ekki andvirðið.

1950

Fiskimjölsverksmiðjunni í Vestmannaeyjum breytt í hlutafélag en hún hafði verið rekin frá árinu 1913. Vinnslustöðin og Fiskiðjan komu inn í félagið 1953.

13. júní 1952

Fyrir stjórnarfundum lá bréf frá Helga Benediktssyni ásamt ávísun sem honum var send með bréfi 3. júní sl. vegna brota á lögum félagsins með afhendingu afla.

Athugasemd til skýringar:

Í stofnsamþykktum Vinnslustöðvarinnar var kveðið á um að félagsmönnum væri skylt að leggja inn afla sinn hjá félaginu, að lifur undanskilinni. Þar var jafnframt kveðið á um að ef félagsmönnum væri vikið úr félaginu vegna brota á samþykktum ætti að endurgreiða þeim stofnframlög sín. Helgi Benediktsson var staðinn að því að landa annars staðar en hjá Vinnslustöðinni og fékk stofnfé sitt endurgreitt með ávísun. Hann sætti sig ekki við þau mála- lok og endursendi stjórn félagsins ávísunina með tilheyrandi bréfi. Niðurstaðan varð sú að hann var áfram í Vinnslustöðinni.

22. september 1953

Samþykkt að fá Gísla Hermannsson verkfræðing til að gera drög að teikningum að uppbyggingu á frystihúsi félagsins og skipulagningu á lóð stöðvarinnar. Þar sem Gísli var á förum til Þýskalands var hann beðinn um að athuga flatningsvél og roðflettingarvél og ef honum litist á vélarnar að festa kaup á þeim og jafnframt að útvega innflutningsleyfi fyrir vélunum.

Kína, hvað?

Margt er skrítið í kýrhausnum og auðvelt að klóra sér í kolli yfir fyrisögn í Þjóðviljanum frá því milli jóla og nýárs 1953.

Jósef Stalín dó á bolludaginn á því ágæta ári og kínverska alþýðulýðveldið átti fjögurra ára afmæli með Maó formann í fullu fjöri.

Á Íslandi var Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum dæmd í Hæstarétti fyrir tengsl við Kína!

Pegar að er gáð koma Maó og félagar við sögu málsins en vissulega mjög á ská ef menn vilja fara djúpt í söguskýringar. Kína var vissulega Kína en í Eyjum þekkt bæði sem land, kommúnistaríki – og HÚS!

Fréttaritari Alþýðublaðsins í Vestmannaeyjum afhjúpaði leyndardóminn 9. maí 1952. Í frétt um fádæma aflabrögð og blússandi atvinnu í Eyjum segir meðal annars:

„Vinnslustöðin er samvinnufélag og eiga meðlimir félagsins 40 báta. Félagið var stofnað 1947 en framkvæmdastjóri er Jóhann Sigfússon. Keypt var hraðfrystihús inni við Friðarhöfn og það hefur verið stækkað mikið og endurbætt og auk þess fellt inn í það stórt hús er Kína hét. Til gamans má geta þess að Haukur Björnsson hafði nokkuð með þetta hús að gera á árunum þegar kommarnir voru með hugann allan austur í Kína og þannig stendur á nafninu.“

Vinnslustöðinni var óheimilt að tengja Kína við orkuveitu sína

Nýlega var í Hæstarétti dæmt í máli, þar sem deilt var um rétt fiskvinnslustöðvar í Vestmannaeyjum til að reka einkarafstöð.

Atvök voru þau, að á árinu 1950 tók til starfa í Vestmannaeyjum ný rafstöð í eigu bæjarfélagsins, mun stærri en sú sem áður var þar. Bæjarstjórnin fór þá fram á það við atvinnuáráðuneytið að það veitti rafveitunni einkarétt til sölu rafmagns í Eyjum og gaf ráðuneytið út auglýsingu í þá átt hinn 27. júní 1950. Í auglýsingu þessari var skýrt frá því að ráðuneytið hefði ákveðið að Vestmannaeyjabær skyldi vera sérstakt orkuveituvæði héraðsrafmagnsveitu, en jafnframt var tekið fram að þeir sem kynnu að eiga raforkuveitur á orkuveituvæðinu skyldu skýra ráðuneytinu frá þeim innan ákveðins frests, ef þeir óskuðu að halda starfrækslunni áfram.

Vegna fyrrgreindrar auglýsingar skrifaði Vinns- og aðlumistöð Vestmannaeyja atvinnuáráðuneytinu bréf og fór fram á að sér yrði leyft eins og áður að starfrækja sína eigin rafveitu, en Vinnslustöðin hafði um áramótin 1948–49 keypt hraðfrystihús Fisks & Íss h.f., sem rekið hafði frystihúsið um rúmlega 7 ára skeið og notað eigin raforku að nokkru leyti til starfsemi sinnar. Eftir að kaupin fóru fram var starfræksla fyrirtækisins aukin mikið og bætt við nýjum rafölum. Sumarið 1951 var jarðkapall lagður milli hraðfrystihússins og fiskeöltunarhúss, sem stóð nokkurn spöl norðar, niður við Friðarhafnarbyggju og straumi hleypst á rafkerfið hinn 11. júní 1952. Um áramótin 1951–52 keypti Vinnslustöðin síðan húsið Kína við Strand-

veg. Var húsið notað til fiskeöngerðar og tengt við einkarafstöð fyrirtækisins.

Atvinnuáráðuneytið ritaði bæjarstjórn Vestmannaeyja bréf í marz 1952, þar sem henni var veittur einkaréttur til þess að reka héraðsrafveitu í Eyjum, veita raforku um orkusvæðið og selja hana, „þó þannig að þeir, sem áttu rafveitur til einkanota fyrir 15. okt. 1951, megji reka þær áfram á sama hátt og áður, fyrst um sinn þar til ráðuneytið ákveður annað“. Eftir móttöku bréfs þessa var rafveitustjóri Vestmannaeyja falið að láta stöðva framleiðslu rafmagns, er færi í bága við einkaleyfi rafveitunnar, og gæta þess að þeir, sem rétt hefðu til einkastöðva ykju ekki not sín af eigin rafmagni frá því sem var fyrir 15. okt. '52. Rafveitustjóri taldi að Vinnslustöðin hefði brotið einkarétt rafveitunnar með því að tengja öltunarhúsið og Kína við orkuveituna, og krafðist þess því að orkuflutningurinn til þessara húsa yrði rofinn með fógetavaldi.

Úrslit málsins í fógetarétti urðu þau, að Vinnslustöðinni var talið óheimligt að tengja aðgerðarhúsið Kína við orkuveituna og var orkuflutningur til þess því rofinn, en hins vegar var ekki talið unnt að rjúfa orkuflutning til öltunarhússins. Meirihluti Hæstaréttar staðfesti þennan úrskurð fógeta, en tveir dómendur töldu að synja ætti algerlega um framkvæmd fógetaðarinnar, einnig að því er snerti Kinahúsið.

Þjóðviljinn 29. desember 1953

VINNSLUSTÖÐIN.

Tíðindamanni AB þótti rétt að afla sér nokkurra upplýsinga um reksturinn hjá þessu stórfyrirtæki, bæði vegna hinnar afla sælu vertíðar og svo hins, að í Vinnslustöðinni hafa farið fram ýmsar endurbætur að undanfögnu, sem allar miða að því að auka afkastamöguleikana, vanda vöruna og gera vistlegra fyrir verkafólkið, sem við framleiðsluna vinnur.

Vinnslustöðin er samvinnufélag og eiga meðlimir félagsins 40 báta. Félagið var stofnað árið 1947, en framkvæmdastjóri er Jóhann Sigfússon. Keypt var hraðfrystihús inni við Friðarhöfn og hefur það verið stækkað mikið og endurbætt og auk þess felld inn í það stórt hús, er Kína hét. Til gamans má geta þess hér, að Haukur Björnsson hafði nokkuð með þetta hús að gera á árunum, þegar kommarnir voru með hugann allan austur í Kína; og þannig stendur á nafninu. Afköst hraðfrystihússins eru nú 26 tonn af frystum flökum á dag. Færibanda-kerfi hraðfrystihússins er 600 metrar á lengd og eitt hið fullkomnast héraðs; og algert einsdæmi mun það í þessu húsi, að kerfið er tvöfalt, þannig að hægt er að vinna tvær tegundir af fiski samtímis.

Alþýðublaðið 9. maí 1952

1953

Vinnslustöðin byggði yfir sig Hvíta húsið að Strandvegi 50. Þar var mötuneyti á jarðhæð og skrifstofur á efri hæðum.

Á afmælisárinu 2016 eru Þekkingarsetur Vestmannaeyja og Fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja í Hvíta húsinu.

17. desember 1953

Aðalfundur. Samþykkt að fyrirtækið skyldi heita Vinnslustöðin. Á fundinum kom fram tillaga frá Júlíusi Ingibergssyni, sem var rædd en reyndist ekki hafa stuðning fundarmanna:

Þar sem bátum fjölga nú mjög ört í plássinu er það samþykkt í félaginu að ekki verði teknir fleiri bátar í Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðanda nema með samþykki meirihluta félagsmanna. Ég álit að það geti verið hættulegt fyrir félagið ef svo mikill fiskur berst að landi að ekki hafist undan að koma honum í salt og þar af leiðandi geti fiskurinn, sem félagið á, stórskemmt.

17. desember 1954

Aðalfundur. Fram kom að helstu framkvæmdir væru bygging skrifstofuhúsnæðis við Strandveg, ásamt byggingu við fiskvinnsluhús, og vélarhús við H-30, ásamt skreiðarskemmu.

13. mars 1955

Samþykkt að ráða vélstjóra í frystihúsið og talið sjálfsagt að hann væri jafnframt eigandi í stöðinni „að gefnu tilefni frá verkfallinu í febrúar sl.“

12. júní 1955

Fyrir tekið að ræða um verkfall það er Vélstjórafélag Vestmannaeyja hafði boðað í frystihúsinu

Jökull og Kristján stúdera páskahrotu sem brást

„Ég hef reynt að afgreiða málin með ýmsu móti og komist að raun um að það borgar sig ekki alltaf bezt að beita hörðu. Ég hef rætt við marga sem hafa brotið af sér og sett þeim tvo kosti: að mál þeirra fari fyrir dómstólana ellegar þeir verði burt úr Eyjunum og fái sér vinnu annars staðar og bæti síðar það sem þeir hafa brotið af sér.

Þetta hefur gefið góða raun. Þeir hafa haft stöðugt samband við mig, hringt og skrifað, sent mér peninga til að bæta tjón sem þeir hafa valdið og komið fram eins og heiðarleg prúðmenni. Og sumir sem við höfum átt í brösum við og reynt að leiða til betri vegar, hafa komið til að kveðja mig áður en þeir fóru.

Þeir eru orðnir nokkuð margir sem þannig hafa þakkað fyrir sig. Og svo hafa þeir sent mér sektir og bætur eftir efnum og ástæðum. Margir þeirra eru á góðri leið til manndóms.“

Þannig útlistar Stefán Árnason yfirlögregluþjónn hugmyndafræði löggæslu

á vertíð í Vestmannaeyjum fyrir Jökli Jakobssyni, blaðamanni og rithöfund, í Tímanum. Jökull var á ferð til að kanna vertíðarstemninguna og hafði með sér ljósmyndara blaðsins, Kristján Magnússon, atvinnuljósmyndara um árabíl en ekki síður þekktan fyrir magnaðan djasspíanóleik með KK sextettunum, eigin hljómsveit og víðar. Afrakstur Eyjaferðar þeirra birtist í tveimur opnum í blaðinu 3. og 4. maí 1960.

Jökull og Kristján komust að því að aflahrota um páska hafði brugðist og það var víst sjaldgæft. Skólafólk sem kom til Eyja og ætlaði að raka saman peningunum í páskahrotunni hafði lítið upp úr krafsinu.

„... á Smárabar ræddu stúlkurnar um það sín á milli hvort þær mundu nú eiga fyrir farinu heim í lokin. Sumar þeirra höfðu tekið út mikið vörumagn í sölubúðunum þeirri von að auður hafsins breyttist í skotsilfur í höndum þeirra. En þorskurinn hélt upp á páskana fjarri Eyjum þetta vor.“

frá kl. 12 næstu nótt. Samþykkt að fara fram á það við bæjarfógeta að „skapa lögregluvernd til að eigendur frystihús okkar, þ.e. félagsmennirnir, geti óhindrað af óviðkomandi mönnum keyrt vélar hússins til að forða frá skemmdum þeim verðmætum sem í húsinu eru.“

22. október 1955

Vinnslustöðin keypti meirihluta í Gunnari Ólafssyni & Co (Jóhann Þ. Jósefsson og Gunnar Ólafsson áttu áfram 16% hlutafjár í fyrirtækinu).

Með fylgdu tveir vertíðarbátar, verslunin Tanginn og vefnaðarvörubúð í Drífanda. Bátarnir

voru fljótlega seldir og Drifandabúðin sömuleiðis. Tanginn varð stærsta matvöruverslunin í Eyjum og annaðist afgreiðslu Eimskips og síðar Samskipa.

19. máj 1958

Samþykkt að hefja byggingu hæðar ofan á norð-urálmu Vinnslustöðvarinnar og innrétta þar herbergi fyrir starfsfólk (verbuðir).

24. ágúst 1959

Jóhann Sigfússon sagði upp starfi sínu sem framkvæmdastjóri félagsins og óskaði eftir að losna í nóvember nk.

1. nóvember 1959

Sighvatur Bjarnason eldri tók við sem stjórnarformaður og framkvæmdastjóri í stað Jóhanns Sigfússonar sem verið hafði stjórnarformaður frá upphafi.

18. desember 1959

Samþykkt á aðalfundi að breyta félagsforminu úr samlagsfélagi í hlutafélag.

1963

Afkastahvetjandi launakerfi (bónus) tekið upp í Vinnslustöðinni og öðrum frystihúsum í Eyjum. Þetta bónuskerfi var hið fyrsta sinnar tegundar á landinu.

Tími kominn til að þjóðnýta frystihúsin?

„Er ekki kominn tími til að þjóðnýting hraðsfrystihúsanna sé tekin á dagskrá?“ spyr Þjóðviljinn á forsíðu 25. febrúar 1961, í texta sem fylgir myndum af stærstu fyrirtækjum Vestmannaeyja: Hraðfrystistöðinni, Fiskiðjunni, Ísfélaginu og Vinnslustöðinni. „Öll eru þessi fyrirtæki byggð fyrir arðinn af vinnu verkafólks í Vestmannaeyja og lánsfé þjóðarheildarinnar en samt tekur fámenn klíka atvinnurekenda, Einar ríki og aðrir slíkir, sér vald til þess að stöðva þau til þess að reyna að svipta verkafólk réttmætum launagreiðslum.“

Tæplega ári áður, 20. maí 1960, hafði Þjóðviljinn, yfirlýst málagn sósíalisma, birt hlutlægt og upplýsandi opnuviðtal við Sighvat Bjarnason, framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar. Snemma árs 1961 var tónninn allt annar. Áður var talað um Vestmannaeyinga í fyrirsögn sem „stórveldi í fiskframleiðslu landsmanna“ en nú hljóðaði fyrirsögnin um sjávarútvegsfyrirtækin í Eyjum „Þjóðin – eða 4 hrokagikkir“!

Ófriðlegt var um að litast í þjóðfélaginu á þessum tíma og reyndar logandi vinnudeilur víða. Ástandið var sérlega eldfimt og sérstakt í Vestmannaeyjum. Í ársbyrjun 1961 lýstu útvegsmenn í Eyjum yfir verkbanni til að mótmæla fiskverði sem fiskvinnslustöðvarnar greiddu.



*Þjóðviljinn
25. febrúar 1961*

Sjómenn voru jafnframt í verkfalli og landverkafólk á leið í verkfall 24. janúar. Úr greiddist að nokkru fáeinum sólarhringum síðar þegar náðust samningar um kjör bátasjómannna en það var ekki róíð vegna verkabanns útgerðarmanna og skemmst er frá að segja að það var ekki fyrr en langt var liðið á árið að tókst að leysa hnútana þannig að verkföllum og verkbönum var aflýst.

Þjóðviljinn gerði sér mat úr ástandinu og vakti sérstaka athyglu á forsíðumynd í Morgunblaðinu 21. febrúar 1961. Þar stend-

ur Sighvatur Bjarnason framkvæmdastjóri í auðum þökkunarsal Vinnslustöðvarinar „þar sem um þetta leyti ættu 180 stúlkur að keppast við að vinna.“

Elín Pálmadóttir, blaðamaður á Morgunblaðinu, lýsir því þegar hún rölti um hafnar­svæðið í Vestmannaeyjum og hitti fyrir báta­formenn í hóp, sem horfðu á bátafлотann bundinn við bryggju í verkfallinu: Jón Guð­jónsson á Eyjaberginu, Harald Hannesson á Baldri, Aðalstein Gunnlaugsson á Atla og Helga Bergsveinsson á Stíganda, aflakóng



Morgunblaðið 21. febrúar 1961

Verkfall hefur nú staðist yfir í Vestmannaeyjum frá árs-
mótum. Öll vinna liggur ger-
umleiga stillri í höndum. Myrd
þout er tekið fyrir helgina
af Slighvatti Björnssyni, fram-
kvæmdastjóra Vinnuáðstöðvar-
lunnar, sem er stórlega fyrir-
tekið í höndum. Hann stendur
eftir í auknum þökkunarul-
um í Vinnuáðstöðinni, þar sem
um þetta leyti eru 180 stöfk-
ur til þess að vís á vinum.
Nánnar er sagt frá herinnis-
mót Vinnuáðstöðarja á síðu 2 og
10 í blaðinu. Ljósum. Sigurstele
Ejnarsson.

Eyjanna 1960. Aflaklærnar voru ekki ánægðar með það hlutskipti sitt að komast ekki á sjó: „Við hlustum á útvarpið. Og þvóum upp með konunum áður en við rönglum út. Það er aðalverkefnið núna, að þvo upp með konunni.“



Morgunblaðið 21. febrúar 1961

23. mars 1965

Fyrir lá ný teikning af matstofunni og verbúð ofan á mötuneytisbyggingunni. Samþykkt að vinna eftir teikningunni.

24. apríl 1967

Eldur kviknaði í Fiskimjölsverksmiðjunni og hún skemmdist mikið.

8. febrúar 1971

Fyrir lá bréf frá áfengisvarnarnefnd Vestmannaeyja þar sem hún fór fram á álit stjórnarinnar um hvort loka ætti áfengisútsölunni í Vestmannaeyjum. Stjórnin leit svo á að „vandkvæði af drykkjuskap hefðu stórversnað við opnun útsölnnar“.

Gosafmæli og „hundsbatúr frá Viðlagasjóði“

„Í dag eru 4 ár liðin síðan eldgos-ið hófst í Heimaey 23. jan. 1973. Um 4.400 íbúar eru nú í Eyjum miðað við 5.300 fyrr gos, en alls eru það um 1.700 Vestmannaeyingar sem ekki hafa snúið aftur heim til Eyja og eru ástæðurnar bæði fjárhagslegar og félagslegar. Fyrir liggur samkvæmt úttektarnefnd ríkisstjórnarinnar að 400-600 millj. kr. vantar í dæmið hjá bæjarfélaginu einu sér til þess að það standi eðlilega fjárhagslega miðað við önnur bæjarfélög og er þá sleppt margs konar tjóni á mannvirkjum bæjarins.“ [...]

„Miðað við staðreyndir um stöðu bæjarsjóðs, vangoldnar batúr til einstaklinga í Eyjum og fyrirtækjanna á staðnum, liggur fyrir að Eyjamenn sitja uppi með þúsund millj. króna tjón eftir eldgosinu og er það um að ræða peninga sem vantar til þess að endar nái saman.“

Í Morgunblaðinu 23. janúar 1977 var birt þriggja blaðsíðna samantekt eftir Árna Johnsen um fjárhagslegt skarð sem náttúruhamfarirnar skildu eftir sig hjá Vest-

Útvegsbændur og talsmenn frystihúsanna í Eyjum kvarta yfir því að bráðnauðsynleg og eðlileg endurnýjun og aukning bátflotans í Eyjum hafi ekki fengist framkvæmd og kemur það m.a. í ljós með minnkandi aflamagni á sama tíma og aðrir stórir fiskvinnslubær hafa stóraukið hráefnismagn sitt með tilkomu fjölda skuttogara og annarra fiskiskipa. Vestmannaeyjar eru langstærsta verstöð landsins miðað við afla á ári. Eftirfarandi tafla sýnir vel hve Vestmannaeyjar hafa orðið á eftir í uppbyggingu bátflotans, því framleiðslumagn frystihúsanna er í samræmi við það sem á land berst.

Taflan sýnir framleiðslumagn í tonnum:

1972:

1. Fiskiðjan VE 3744 tonn.
2. Vinnslustöðin VE 2909 tonn.
3. Ísfélag Vestmannaeyja 2908 tonn.
4. Útg. fél. Akureyrar 2862 tonn.
5. BÚR 2632 tonn.
6. Bæjarútg. Hafnarfjarðar 2330 tonn.
7. Íshúsfélag Bolungarvíkur 2252 tonn.
8. Hraðfrystistöð VE 2032 tonn.

1976:

1. Útgerðarfélag Akureyrar 5010 tonn.
2. BÚR 3518 tonn.
3. Íshúsfélag Bolungarvíkur 3130 tonn.
4. Íshúsfélag Ísafjarðar 3112 tonn.
5. Norðurtanginn, Ísafirði 3048 tonn.
6. Ísfélag Vestmannaeyja 2895 tonn.
7. Fiskiðjan VE 2856 tonn.
8. Vinnslustöðin VE 2578 tonn.

Tölur yfir 1976 telja loðnufrystingu með en taflan sýnir að Eyjafrystihúsin hafa ekki náð hlut sínum hlutfallslega og Hraðfrystistöð VE er dottin út eins og gefur að skilja því hún er ekki til lengur.

Morgunblaðið 23. janúar 1977

mannaeyjabæ, fyrirtækjum og einstaklingum.

Fyrir gos (1972) voru þrjú sjávarútvegsfyrirtæki í Vestmannaeyjum í 1., 2. og 3. sæti á landinu þegar horft var til framleiðslu

í tonnum talið. Eftir gos (1976) voru Eyja-fyrirtækin komin niður í 6., 7. og 8. sæti á listanum.

Ráðamenn fyrirtækjanna lýstu í Morgunblaðsúttektinni eftir sérstakri fyrirgreiðslu og opinberri aðstoð vegna tjónsins í gosinu. „Við fengum hundsbatúr frá Viðlagasjóði og þar með búið, og þær fengust með eftirtölum,“ sagði einn viðmælandi.

Annar sagði: „Það er óhagganleg og hrikaleg staðreynd að þeir sem töpuðu eignum sínum hér standa í flestum tilvikum algjörlega slyppir og snauðir frammi fyrir því að verða að byrja algjörlega upp á nýtt á eigin spýtur.“

„Fyrirtækin hafa ekki rétt úr kútnum“.

Vinnslustöð Vestmannaeyja varð þekkt fyrirtæki í eldgosinu. Þá voru hús stöðvarinnar mikið notuð vegna björgunaraðgerða með Sighvat heitinn Bjarnason í fyrirsvari.

Vinnslustöðin eins og önnur frystihús í Eyjum hefur um árabíl verið í röð afkastamestu frystihúsa landsins, en við spurðum Stefán Runólfsson framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar að því hvernig staða fyrirtækisins væri eftir gosáratímabilið?

„Því miður verður að segja það,“ sagði Stefán, „að fjárhagsaðstaðan er slæm þar sem fyrirtækin hafa ekki almennt rétt úr kútnum eftir þetta áfall. Öll endurnýjun og uppbygging eftir gosið hefur orðið svo margfalt dýrari en þær tjónabætur sem greiddar hafa

verið og þær hrökkva hvergi nálægt til. Það er hreint út sagt smámarlegt hvernig þetta mál hefur verið afgreitt gagnvart Vestmannaeyingum.

Fyrir eldgosíð 1973 voru fyrirtækin hér um áratuga skeið einhver sterkustu fiskvinnslufyrirtæki landsins, bæði hvað varðar framleiðslu og afkomu. Vinnslustöðin eins og flest önnur fyrirtæki hér varð fyrir það miklu fjárhagsáfalli að mikið vantar á að unnt sé að jafna við stöðuna fyrir gosið. Megináðstæðurnar eru þær að ekki hafa verið greiddar náðar næri eðlilegar bætur vegna uppbyggingarinnar og að vinnsla féll niður á árstímabili þegar órar breytingar eru á sviði verðbólgu og athafnalífs í landinu.

Tjónabæturnar til handa Vinnslustöðinni vegna skemmdu námu 2,3 millj. kr. og auk þess 1,3 millj. kr. fyrir stálgrindahús sem eyðilagðist algjörlega, en endurbygging slíks húss s.l. ár hefur verið á bilinu 12—15 millj. kr. Bætur ná aðeins yfir brot af raunverulegu tjóni.

„Hvað er efst á baugi hjá ykkur?“

„Það sem ég hygg að sé efst á blaði hjá fyrirtækjunum er hráefnisöflun. Ég tel að þessu atvinnutæki verði ekki rekin af neinum myndarskap nema þau hafi litið í hráefnisöflun. Eins og þetta er og hefur verið, hafa fyrirtækin ekki fengið fisk í 5 mánuði á ári. Það segir sína sögu að ýmis frystihús á stöðum, sem hafa fengið margskonar fyrirgreiðslu í uppbyggingu, hafa skotið frystihúsinum hér aftur fyrir sig í röð yfir afkastamestu frystihús landsins. Fyrir gos voru öll frystihús hér að jafnaði í 5 eftu sætum yfir afkasta-

mestu frystihús landsins, en síðustu skýrslur sína að frystihúsið á Akureyri er eitt með yfir 5000 tonn (45% aukning), yfir 3000 tonn eru frystihús BÚR, Ísafjarðar, Bolungarvíkur og Norðurþingi á Ísafirði. Yfir 2500 tonn eru síðan Íslélag Vestmannaeyja, Vinnslustöð Vestmannaeyja og Fiskidagurinn í Vestmannaeyjum. Þetta segir sína sögu, málið er alvarlegra nú en um lagnan tíma. Stóru loðnubátarnir skila ekki alla til frystihúsanna og mjög takmarkaðin vinnu til fólks. Við verður því að auka hráefnisöflunina, auka línuvæðing og aðrar veifar sem skila göðu hráefni til vinnslu í fiskverkunarhúsinum.“

„Hvað verðið þið með marga báta í vetur?“

„Bátafjöldi verður svipaður og fyrr, 20—22 bátar, og þá er skuttogarinn Klakkur væntanlegur í febrúar, en við munum fá alla af honum með Fiskidagurinn og Íslélaginu. Við verðum með um 150—200 manns í vinnu að vanda og það er mikið framboð af fólki, en heima fólk hefur fjölgað mjög í starfi hjá okkur. Margt aðkomufólk kemur einnig hingað á vantið, fólk úr sveitum Skagafjarðar og Norðurlands, Suðurlands og reyndar frá öllu landinu. Öll hefur fólk frá sömu héruðum ráðast á frystihúsinn. Mývetningar til Íslélagssins, fólk úr nærsveitum Suðurlands, Kelduhverfi og Meirákkasléttu til Fiskidagunnar og Skagfirðinga til Vinnslustöðvarinnar. Úrtökugott fólk sem við fáum þaðan.“

Við erum bjartsýnir á framtíðina. Ef fríður verður á vinnumarkaðnum og veður góð, er útist fyrir góðan vetur, loðnufrystingu og góðan alla. Við erum bjartsýnir einfaldlega vegna þess að það fer svo margt eftir því hvort menn ganga til verks með slíku hugafari. Hins vegar liggja þau fyrir vandanin sem taka verður á, algjör hugafarsbreyting í sambandi við hráefnisöflun okkar, betri nýting á ýmsum sviðum, svo sem niðurlagning hrogra, slídar og lifrar. Það verður að gera athafnalífið fjölbreyttara en það er.

Éf tekið er á þessum málum af skynsemi og raunsæi er unnt að koma hlutunum í eðlilegt horf á stuttum tíma, en ef ekki færst leiðrétting á þessum málum sem upp hafa komið í sambandi við eldgosíð, þá mun það taka mörg ár enn að rétta úr kútnum.“

Morgunblaðið 23. janúar 1977

1972

Frystihúsin í Eyjum stofnuðu Samfrost og sameinuðust þar meðal annars um vinnulauna- og bónusútreikninga.

23. janúar 1973

Gos hófst á Heimaey og öll starfsemi Vinnslustöðvarinnar lagðist af. Byrjað að flytja vélar, tól og tæki fyrirtækisins í land en það verk var stöðvað að undirlagi Sighvats Bjarnasonar framkvæmdastjóra, í andstöðu við stjórn Viðlagasjóðs.

28. maí 1973

Stjórn Vinnslustöðvarinnar hittist í Reykjavík og ræddi möguleika á að hefja á ný fiskvinnslu í Eyjum. Í framhaldinu var byrjað að taka móti fiski til söltunar.

23. október 1973

Fiskvinnsla til frystingar hófst að nýju í Vinnslustöðinni.

Nóvember 1974

Stefán Runólfsson tók við af Sighvati Bjarnasyni sem framkvæmdastjóri. Sighvatur gegndi áfram stjórnarformennsku til dauðadags 1975.

1975

Mötuneyti starfsfólks opnað í húsi Vinnslustöðvarinnar við Friðarhöfn. Þar voru líka teknar í gagnið verbúðir sem þóttu bæði stórar og veglegar og áttu eftir að hýsa fjölda aðkomufólks á vertíð í Eyjum.

1976

Vinnslustöðin, Fiskiðjan og Ísfélag Vestmannaeyja stofnuðu útgerðarfélagið Klakk og keyptu fyrsta togarann, Klakk.

1977

Fiskimjölsverksmiðjan keypti togarana Sindra og Breka.

1. janúar 1980

Vinnslustöðin, Fiskiðjan, Ísfélagið og Fiskimjölsverksmiðjan stofnuðu Samtog til að annast útgerð togaranna Klakks, Sindra og Breka. Félagið gerði samning 1981 um smíði tveggja skipa í Póllandi, Gideons og Halkions, sem komu til heimahafnar 1984.

Ágúst 1983

Tölvuöldin hóf innreið sína. Stjórn Vinnslustöðvarinnar samþykkti að kaupa sjálfvirkt, tölvustýrt vigtunarkerfi og ári síðar ákvað stjórnin að félagið tengdist sameiginlegu upplýsingakerfi fyrir frystihúsin í Eyjum, ásamt Fiskiðjunni og Ísfélaginu.

29. desember 1983

Kona mætti í fyrsta sinn á hluthafafund hjá Vinnslustöðinni, Helga Jónsdóttir, Fjólugötu 19 í Vestmannaeyjum (dóttir Jóns útgerðarmanns og skipstjóra á Ver og systir Gunnars skipstjóra á Ísleifi).

1987

Ísfélagið fór út úr Samtogi og eignaðist Gideon og Halkion.

1987

Vinnslustöðin opnaði eigið barnaheimili, Bjarnaborg, og rak næstu þrjú árin. Engin önnur dæmi eru fyrir eða síðar um einkastarfsemi af því tagi í Eyjum. Húsnæðið var keypt af íþróttafélaginu Þór.

31. desember 1987

Björn Úlfjótsson ráðinn fjármálalegur framkvæmdastjóri og Viðar Elíasson ráðinn rekstrarlegur framkvæmdastjóri. Þeir tóku við af Stefáni Runólfssyni framkvæmdastjóra.

11. desember 1988

Vinnslustöðin vann bíl í happdrætti Sjálfsbjargar.

1989

Vinnslustöðin eignaðist að fullu Lifrarsamlag Vestmannaeyja sem fram að því hafði verið sameign Vinnslustöðvarinnar, Ísfélagsins, Hraðfrystistöðvarinnar og Bergs Hugins.

1. janúar 1990

Útgerðarfélagið Knörr hf. stofnað um útgerðarrekstur Vinnslustöðvarinnar í samræmi við stjórnarsamþykkt frá 10. desember 1989.

8. september 1990

Formaður greindi frá viðræðum við Fiskiðjumenn um sameiningu fyrirtækjanna. Stjórnin samþykkti samhljóða að taka ekki þátt í frekari viðræðum.

1990

Samtög lagt niður. Vinnslustöðin eignaðist Breka en Fiskiðjan Sindra og Klakk.

28. desember 1990

Formaður lagði til að Vinnslustöðin segði sig úr Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna (SH) frá og með 31. desember 1990 að telja. Tillagan var samþykkt með atkvæðum Bjarna Sighvatssonar, Leifs Ársælssonar og Richards Sighvatssonar. Haraldur Gíslason var andvígur en Guðmundur Ingi Guðmundsson sat hjá.

2. janúar 1991

Haraldur reifaði úrsögn úr SH og fór út í nánari efnisatriði og ábyrgð sem fylgdi úrsögn. Samþykkt að kalla á stjórnarformann og framkvæmdastjóra SH til fundar.

Nýr fundur settur með sömu mönnum og fyrr um daginn kl. 16:30. Auk stjórnarmanna mættu til fundarins Viðar Elíasson, Jón Ingvarsson, Friðrik Pálsson og Bjarni Lúðvíksson. Rætt um ágreiningsmál Vinnslustöðvarinnar við SH.

Gestir viku af fundi og var þá samþykkt að draga til baka úrsagnarbeiðnina frá 28. desember 1990.

13. desember 1991

Formaður greindi frá viðræðum við Þorvarð Gunnarsson, löggiltan endurskoðanda, sem kom í vikunni með niðurstöður í samningaviðræðum Fiskiðjunnar og Vinnslustöðvarinnar. Útvegsbankinn þrýsti mjög á en niðurstöður sýndu að Vinnslustöðin, sem eining með sínum dótturfyrirtækjum, væri betri lausn en sameining við Fiskiðjuna.

24. desember 1991

Stjórnin ákvað að gefa hafnarsjóði vigt fyrirtækisins. Hafnarsjóður samþykkti gjöfina með þökkum og tók við vigtinni um áramótin 1991/1992.

1. janúar 1992

Fiskiðjan, Fiskimjölsverksmiðjan – FIVE, Lifrar-samlagið, Gunnar Ólafsson & Co, Knörr og Vinnslustöðin sameinuðust undir nafni Vinnslustöðvarinnar hf. í samræmi við samhljóða samþykkt hluthafafundar frá 30. desember 1991.

Á hluthafafundinum 30. desember 1991 var jafnframt samþykkt að Vinnslustöðin keypti öll hlutabréf í Fiskiðjunni og að gefin yrðu út ný hlutabréf í Vinnslustöðinni til að afhenda eigendum Fiskiðjunnar í skiptum fyrir hlutabréf sín í Fiskiðjunni. Tveir fyrrum eigendur Fiskiðjunnar tóku sæti í aðalstjórn Vinnslustöðvarinnar á aðalfundi 11. apríl 1992 en svo er að sjá af fundargerðum sem Vinnslustöðin og Fiskiðjan hafi ekki sameinast formlega fyrr en 5. nóvember 1994.

1. júlí 1992

Sighvatur Bjarnason yngri ráðinn framkvæmdastjóri og tók við af Birni Úlfjótssyni og Viðari Elíassyni.

1992

Vinnslustöðin lagði af verslunarrekstur á sínum vegum.

1992

Bjarni Sighvatsson og fjölskylda seldu Íslenskum sjávarafurðum hf. hlut sinn í Vinnslustöðinni. Íslenskar sjávarafurðir, Olúfélagið hf. og Vátryggingafélag Íslands hf. urðu þar með stærstu hluthafar félagsins.

15. janúar 1993

Fram kom að búið væri að segja upp starfsfólki Samfrosts og að yrði lagt niður. Starfseminni haldið áfram að einhverju leyti í félögum fyrri eigenda en tölvudeild gerð sjálfstæð.

Framkvæmdastjóra og fjármálastjóra veitt heimild til að ganga til samninga við eigendur m.b. Katrínar VE um kaup á skipinu.

Apríl 1993

Samþykktir samningar bæjarsjóðs Vestmannaeyja og Vinnslustöðvarinnar um kaup bæjarins á Sindra VE-60 og Frigg VE-41.

1994

Vinnslustöðin sagði sig úr Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna og fól Íslenskum sjávarafurðum og SÍF að annast afurðasölumál sín.

5. nóvember 1994

Stjórn Vinnslustöðarinnar samþykkti að Fiskiðjan sameinaðist félaginu, sem Vinnslustöðin átti að öllu leyti. Félögin sameinuðust undir nafni Vinnslustöðvarinnar hf. sem tók við öllum réttindum og skyldum Fiskiðjunnar frá og með 1. september 1994.

20. janúar 1995

Mikil umræða í stjórn um kaup á m.b. Drangavík og samþykkt að kaupa skipið.

Samþykkt að selja Jóhanni Jónssyni Lifrarsamlagið. Hann tók við rekstrinum um áramótin 1994/1995.

24. apríl 1996

Sighvati Bjarnasyni framkvæmdastjóra veitt heimild til að ganga frá kaupum á skipinu Gunnar Langve.

30. desember 1996

Meitillinn hf. í Þorlákshöfn og Vinnslustöðin sameinuðust undir nafni Vinnslustöðvarinnar hf.

3. apríl 1997

Vinnslustöðin sameinaðist útgerðarfélaginu Immanúel ehf. sem gerði út Danska Pétur.

16. maí 1997

Vinnslustöðin hf. seldi togarann Sindra til Færøya og gerðist um leið þátttakandi í útgerð hans undir nafninu Guldrangur í samnefndu félagi.

15. október 1997

Samþykkt að Vinnslustöðin keypti Vesturslipp í Eyjum undir frekari aðstöðu fyrir loðnubræðslu félagsins og keypti 32% í Flúðafiski á Flúðum sem sérhæfði sig í að þurrka hausa.

18. febrúar 1998

Samþykktur samningur um sölu Breka VE-61 ásamt varanlegum veiðiheimildum (150 tonnum af þorski, 150 tonnum af ýsu, 150 tonnum af ufsa, 800 tonnum af karfa og 450 tonnum úthafskarfa). Kaupandi var nýstofnað félag, Útgerðarfélag Vestmannaeyja hf. Jafnframt samþykkt að Vinnslustöðin eignaðist hlut í nýja félaginu.

15. mars 1999

Sighvatur Bjarnason, framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar, sagði starfi sínu lausu. Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson tók við til bráðabirgða og var síðan fastráðinn. Hann hafði starfað hjá félaginu frá því síðla árs 1996, í fyrstu með aðsetur í Þorlákshöfn.

21. maí 1999

Samþykkt að endurskipuleggja rekstur Vinnslustöðvarinnar í samræmi við niðurstöður könnunar á öllum rekstri félagsins undanfarna tvo mánuði. Þann 12. maí 1999 var 321 starfsmaður í 298 stöðugildum hjá félaginu.

Ákveðið að hætta allri landfrystingu í núverandi mynd.

Fjöldi starfsmanna Vinnslustöðvarinnar sagt upp störfum vegna viðvarandi rekstrarerfiðleika. Þann 1. september 1999 mættu einungis 150 manns til vinnu hjá fyrirtækinu, helmingi færri en höfðu verið á launaskrá fyrr á árinu.

29. júlí 1999

Vinnslustöðin lagði af fiskvinnslu í Þorlákshöfn, seldi Frostfiski hf. hús og tæki og eignaðist 40% hlut í því félagi.

22. ágúst-23. nóvember 1999

Viljayfirlýsing birt í ágúst um sameiningu Ísfélags Vestmannaeyja, Vinnslustöðvarinnar, Krossaness á Akureyri og Óslands á Hornafirði. Stjórn Vinnslustöðvarinnar samþykkti í nóvember að draga sig út úr viðræðum um sameiningu þessara félaga.

10. febrúar 2000

Gunnlaugur Ólafsson, Kristín Gísladóttir og aðrir eigendur Gandís ehf. undirrituðu viljayfirlýsingu

um samruna undir nafni Vinnslustöðvarinnar hf. Félögin sameinuðust í júní 2000.

28. mars 2000

Kap ehf., félag í eigu Ísfélags Vestmannaeyja hf. og Bergs Hugins hf., keypti tæplega 15% hlut í Vinnslustöðinni.

7. júlí 2000

Sameiningarviðræður hófust í annað sinn milli Vinnslustöðvarinnar hf. og Ísfélagsins en ákveðið var að slíta þeim 1. nóvember 2000.

20. nóvember 2000.

Vinnslustöðin seldi eignarhlut sinn í P/F Guldrangi, sem gerði út samnefndan togara í Færeyjum og síðar í Rússlandi. Félagið tapaði verulegum fjármunum á þessum rekstri.

21. maí 2001

Vinnslustöðin keypti Jón Erlingsson ehf. í Sandgerði og sameinaði félögin.

9. október 2001

Vinnslustöðin seldi hlut sinn í Flúðafiski hf.

Janúar-desember 2002

Ráðandi eignarhlutar Olíufélagsins í Vinnslustöðinni voru fluttir til Kers hf. og annarra félaga tengdum svokölluðum S-hópi (samheiti yfir félög sem áttu rætur í Sambandi íslenskra samvinnufélaga).

Í lok árs 2002 keyptu Haraldur Gíslason, Gunnlaugur Ólafsson, Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson og bræðurnir Guðmundur og Hjálmar Kristjánssynir frá Rífi ráðandi hlut í Vinnslustöðinni af Keri hf. og Samvinnulífeyrissjóðnum. Þar með var meirihluti eignarhalds í Vinnslustöðinni á ný á forræði Vestmannaeyinga.

30. júlí 2002.

Vinnslustöðin hf. keypti 50% í Úndínu ehf., útgerð togbátsins Bjargar VE, sem sameinaðist síðar Vinnslustöðinni hf.

6. nóvember 2002.

Ráðamenn Vinnslustöðvarinnar og Ísleifs ehf., sem átti og gerði út samnefnt skip, undirrituðu viljayfirlýsingu um sameiningu félaganna og þau voru sameinuð í kjölfarið. Feður beggja eigenda Ísleifs, Leifs Ársælssonar og Gunnars Jónssonar, voru meðal stofnenda Vinnslustöðvarinnar.

2003

Vinnslustöðin gaf starfsmönnum sínum hlutabréf í félaginu að verðmæti 8,2 milljónir króna.

2005

Vinnslustöðin seldi hlut sinn í Frostfiski hf. í Þorlákshöfn og þá lauk þar jafnframt fiskvinnslu á vegum Vinnslustöðarinnar.

2005

Vinnslustöðin keypti 48% hlut í Hugin ehf. sem á og gerir út samnefnt uppsjávarfrystiskip.

22. júlí 2005

Lagt fram samkomulag Vinnslustöðvarinnar hf. og Ufsabergs ehf. um kaup Vinnslustöðvarinnar hf. á Gullbergi VE, skipi Ufsabergs ehf., ásamt veiðiheimildum í loðnu, síld, NÍ-síld og kolmunna.

Desember 2006

Hluthafar í Vinnslustöðinni voru alls 399 á sextugsafmæli Vinnslustöðvarinnar. Stærstu hluthafar voru Seil ehf., Stilla ehf., Öxnafell ehf.,

Fjárfestingafélagið Tjaldur ehf., Leifur Ársælsson og Lífeyrissjóður Vestmannaeyja. Í stjórn félagsins voru Gunnar Felixson formaður, Haraldur Gíslason, Hjálmar Þór Kristjánsson, Leifur Á. Ársælsson og Sigurjón Óskarsson. Í varastjórn voru Guðmundur Kristjánsson og Kristín Gísladóttir.

Desember 2006

Vinnslustöðin fagnaði sextugsafmæli sínu við athöfn í Vestmannaeyjum og með því að dreifa afmælisriti í hvert hús. Flugvél með boðsgesti frá Reykjavík hringsólaði yfir Eyjunum góða stund og sneri síðan við. Veðurskilyrði leyfu ekki lendingu.

27. apríl 2007

Hluthafar sem réðu 50,04 % eignarhlut í Vinnslustöðinni upplýstu um að þeir hefðu gert með sér samkomulag um stjórnun og rekstur félagsins. Samkvæmt reglum Kauphallar Íslands var þeim skylt að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð innan fjögurra vikna frá því að samningur var gerður.

14. maí 2007

Tilboð opnuð í byggingu frystigeymslu VSV. Aðeins bárust tvö tilboð á svipuðum nótum en rúmlega tuttugu sóttu útboðsgögn. Gert var ráð fyrir því að frystigeymslan yrði 2.000 rúmmetrar að grunnfleti og tæki 6.000 tonn af frosnum uppsjávarafurðum.

7. febrúar 2008

Fyrirhuguð kaup á 30% hlut í Ufsabergi útgerð ehf. rædd í stjórn. Ufsaberg ehf. átti og gerði út Gullberg VE-292 sem var smíðað í Noregi árið 2000 og kom til landsins vorið 2007.

11. mars 2008

Meirihluti stjórnar samþykkti kaup á 35% hlut í Ufsbergi útgerð ehf.

Samþykkt í ljósi slakrar loðnuvertíðar að fresta fyrirhuguðum framkvæmdum við uppsjávar-frystihús.

Apríl-maí 2008

Vinnslustöðin og Vestmannaeyjabær buðu sameiginlega í ferjurekstur í Bakkafjöru. Ríkiskaup höfnuðu tilboðinu og buðu öðrum aðilum til samningaviðræðna um reksturinn.

26. september 2008

Ákveðið að Vinnslustöðin stofnaði félag um löndunarþjónustu fyrir sig og aðra, auk þess að það annaðist þjónustu við frystigeymslu.

30. janúar 2009

Vinnslustöðin keypti 51% eignarhlut í About Fish.

8. maí 2009

Samþykkt á aðalfundi að kaupa stofnfé í Sparisjóði Vestmannaeyja að fjárhæð 50 milljónir króna, enda kæmi ríkisjóður að stofnfjárukningunni.

8. desember 2009

Vinnslustöðin styrkti Mæðrastyrksnefnd og Fjölskylduhjálp um 2.000 poka af humri sem svaraði til 900 kg.

14. desember 2010

Greint frá því í stjórn að til athugunar væri að Vinnslustöðin fjárfesti í hausapurrkunarfyrirtækinu Ystakletti ehf. og að Huginn ehf. og Godthaab gerðu slíkt hið sama. Hvert félag eignaðist þannig 25% í félaginu.

28. febrúar 2012

Samþykkt að Vinnslustöðin keypti Stakkshús, sem Eyjaís ehf. bauð félaginu til kaups. Húsið hugsað sem kæligeymsla fyrir saltfisk.

27. júní 2012

Breytingar í rekstri samþykktar í ljósi nýrra laga um veiðigjöld og yfirvofandi skerðingu aflaheimilda. Ákveðið að setja Gandí VE á söluskrá, segja sjómönnunum upp og 10-15 manns í landvinnslu félagsins að auki.

26. september 2012

Samþykkt að Vinnslustöðin keypti 75% hlutafjár í Marhólmum ehf., nýlega stofnuðu félagi um vinnslu loðnuhrogna.

1. júní 2013

Samþykkt að fjárfesta í flæðilínu og handflökunarlínu fyrir bolfiskvinnslu félagsins. Markmiðið að auka afköst og nýta búnaðinn í nýju húsi ef reist yrði í framtíðinni.

7. júní 2013

Samþykkt á hluthafafundi að heimila stjórn VSV að ganga frá kaupum á öllu hlutafé í Stíganda ehf. í samræmi við fyrirbyggjandi kaupsamning.

6. janúar 2014

Drög að samkomulagi Vinnslustöðvarinnar, Ísfélags Vestmannaeyja og Vestmannaeyjabæjar um skipulagsmál kynnt í stjórn. Miðaði að því að leysa ágreining um skipulag hafnarsvæðisins.

31. janúar 2014

Vinnslustöðin keypti Eyjaís.



30. apríl 2014

Samþykkt að semja við kínverska skipasmíðastöð um fyrstu nýsmíði skips í sögu Vinnslustöðvarinnar. Heildarverð um 1,5 milljarðar króna og gert ráð fyrir að selja Jón Vídalín VE og Gullberg VE.

11. mars 2015

Stjórn fjallaði um fjárfestingaráform félagsins og stöðu einstakra þátta þeirra; stækkun frystigeymslu á Eiði, byggingu nýs uppsjávarhúss og þriðja hráefnisgeymisins á hafnarsvæðinu.

19. mars 2015

Fyrir stjórn var lagður samningur sem gerður var með fyrirvara um að VSV keypti af HB Granda uppsjávarskipin Ingunni AK og Faxe RE, ásamt 0,67% af aflaheimildum í loðnu.

16. febrúar 2016.

Eitt tilboð barst í byggingu nýs uppsjávarhúss og frystiklefa, frá Eykt ehf. í Reykjavík. Það var í heild álíka og kostnaðaráætlunin.

13. júní 2016

Stjórn VSV samþykkti í tilefni af sjötugsafmæli félagsins í ár að veita 10 milljónir króna á næstu þremur til fjórum árum í uppgræðslu á Heimaey. Verkefnisstjóri er Magnús B. Jónsson, fyrrverandi skólastjóri á Hvanneyri, fæddur og uppalinn Eyjamaður.

31. ágúst 2016

Stjórn kjörin á hluthafafundi: Guðmundur Örn Gunnarsson formaður, Einar Þór Sverrisson varaformaður, Rut Haraldsdóttir, Íris Róbertsdóttir og Ingvar Eyfjörð. Varastjórnarmenn: Eyjólfur Guðjónsson og Guðmunda Áslaug Bjarnadóttir.

31. ágúst 2016

Hluthafar Vinnslustöðvarinnar alls 250, þeir stærstu Seil ehf. (40,45%) og Brim hf. (32,88%). Lífeyrissjóður Vestmannaeyja kom næstur (5,64%) en aðrir áttu hlutfallslega minna í félaginu.

15. október 2016

Hátíð í tilefni sjötugsafmælis Vinnslustöðvarinnar.

Nýtt uppsjávarfrystihús opnað almenningi til sýnis eftir að hafa verið tekið í rekstur fyrr um haustið. Afkastageta 420 tonn á sólarhring með blástursfrystingu en ekki „hefðbundinni“ plötufrystingu.

Jafnframt unnið að því að fjölga hráefnisgeymum á athafnasvæði félagsins.

Framkvæmdir hafnar við að stækka frystigeymsluna á Eiðinu og þrefalda afköst hennar, úr 4.000 í 12.000 tonn.

Breki VE er í smíðum í Kína en afhending hans tefst og fyrirsjáanlegt að hann komi ekki til heimahafnar fyrr en vorið 2017.

Allar þessar fjárfestingar eru upp á um sjö milljarða króna.



Aðalfundur 2015. Guðmundur Örn Gunnarsson, stjórnarformaður VSV, kynnir stöðuna á smíði togarans Breka í kinnverskri skipasmiðastöð. Helgi Jóhannesson, hestaréttarlögmaður og fundarstjóri, við borðið.

Áttu kröfu?

Bandaríkjamenn eiga sitt Hvíta hús í Washington. Vestmannaeyingar eiga sitt Hvíta hús við Strandveg.

Vinnslustöðin lét reisa Hvíta húsið við Strandvegin árið 1953 fyrir skrifstofuhald sitt og matstofu starfsfólks. Árið 1966 keypti ríkissjóður jarðhæðina og rak þar áfengisútsölu ÁTVR í mörg ár eða þar til núverandi vínbúð var opnuð að Vesturvegi 10 snemma árs 2015.

Tvær efri hæðir Hvíta hússins voru seldar Háskóla Íslands 1995 og hýsa nú Þekkingarsetur Vestmannaeyja og Visku, fræðslu- og símenntunarmiðstöð Vestmannaeyja.

Engin áfengisútsala hafði verið í Vestmannaeyjum frá árinu 1953 þar til búðin í Hvíta húsinu var opnuð 1966. Átökin um áfengið settu svip á samfélagsumræðuna í Eyjum áratugum saman á öldinni sem leið með tilheyrandi atkvæðagreiðslum.

Eyjamenn fengu vínbúð

hvort sem þeim líkaði betur eða verr

Áfengisverslun Íslands – ÁVR var stofnuð árið 1922 og í kjölfarið voru opnaðar áfengisútsölur í sjö kaupstöðum landsins, þar á meðal í Vestmannaeyjum. Áfengisbann hafði tekið gildi á Íslandi í ársbyrjun 1915 en árið 1921 samþykkti Alþingi undanþágu frá bannlögnum til að heimila innflutning léttvína frá Spáni. Að öðrum kosti hefðu stjórnvöld á Spáni tvöfaldað innflutningstolla á íslenskan fisk.

Áfengisverslun ríkisins hóf innflutning Spánarvína í júlí 1922 til sölu á Íslandi. Sölustað-

irnir sjö voru ákveðnir með lögum og hvorki viðkomandi sveitarstjórnir né kjósendur höfðu neitt um það að segja. Í Vestmannaeyjum mótmæltu um 900 af um 1.100 kjósendum á kjörskrá nýju vínbúðinni en hún var opnuð samt.

Bannlögin voru áfram í gildi eða þar til þau voru afnumin 1. febrúar 1935 í kjölfar þjóðaratkvæðagreiðslu 21. október 1933. Þar með var heimilt á ný að flytja inn og selja bæði léttvín og

Vestmannaeyingar samþykktu héraðsbann með 650:439

**Búið var við, að fleiri konur en karlar
greiddu atkvæði, en það reyndist öfugt**

Frá fréttaritara Alþýðublaðsins. VESTMANNAEYJUM í gær. ÚRSLIT eru kunn í atkvæðagreiðslunni um héraðsbann, sem hér fór fram í gær. Var héraðsbann samþykkt með rúmlega 200 atkvæða meirihluta. — 650 atkvæðum gegn 439.

Við því var búið, að konur látnir og eins aðrir, sem ekki mundu sækja atkvæðagreiðslu, hafa enn náð fullum kosningauna betur en karlmennt, en þeg aldri. 1107 greiddu atkvæði, ar til kom, reyndust um 100 þar af 504 konur og 603 karlfleiri karlmennt hafa tekið þátt menn. Auðir seðlar voru 15, en í atkvæðagreiðslunni en kon- ógildir 3. Atkvæðagreiðslan urnar voru. hófst um tíuleytið í gærmorg- Á kjörskrá voru 2200 un og var lokið að mestu um manns, en þar af eru nokkrir ellefuleytið um kvöldið.

Alþýðublaðið 24. febrúar 1933

sterkt áfengi á Íslandi en bannað var að selja sterkt öl (bjór) allt til 1. mars 1989. Bjórsölubannið gildi með öðrum orðum frá 1915 til 1989 eða í 74 ár.

Árið 1943 var áfengislögum breytt og bætt við ákvæði um að ÁVR gæti því aðeins opnað nýja áfengisútsölu í kaupstað eða kaupsýni að meirihluti kjósenda lýsti sig því fylgjandi í almennt atkvæðagreiðslu. Á sama hátt var lögfest að



Framsókn 8. febrúar 1959

meirihluti kjósenda gæti óskað eftir því í almennri atkvæðagreiðslu að áfengisútsölu yrði lokað.

Vínbúðinni lokað eftir atkvæðagreiðslu

Áfengisútsölunni í Vestmannaeyjum var lokað árið 1953 eftir að meirihluti kjósenda hafði kveðið upp úrskurð sinn í atkvæðagreiðslu 22. febrúar á því sama ári. Kjörsókn var dræm, einungis um helmingur kjósenda greiddi atkvæði.

Viltu loka vínbúðinni? var spurt. Já sögðu 650, nei sögðu 439. Auðir og ógildir seðlar voru alls 18. Lögum samkvæmt skyldi niðurstaðan verða að veruleika innan hálfis árs. Áfengisverslun ríkisins skellti þá í lás í Eyjum.

Fellt var í almennri atkvæðagreiðslu 6. nóvem-

ÁFENGISÚTSALA ENDUROPNUÐ Í VESTMANNAEYJUM

Þau tíðindi gerðust í s. l. viku, að áfengisútsala var opnuð í Akógeshúsinu í Vestmannaeyjum, en eftir prentuðum heimildum að dæma virðist áfengisútsalan vera rekin á vegum Rotaryklúbbsins.

Mótgestir stangaveiðimótsins voru boðnir til áfengisviðskipta hjá Rotaryklúbbum alla dagana, sem mótið stóð, auk þess, sem þarna var rekin áfengissölu-bar og áfengi selt að vild manna bæði í smærri og stærri einingum.

Framsókn 25. maí 1960

ber 1955 að opna vínbúð á nýjan leik. Þá voru 2.553 á kjörskrá, atkvæði greiddu 1.235. Nei sögðu 636, já sögðu 540. Vínbúðin því lokað áfram.

Árið 1965 var safnað undirskriftum til stuðnings því að bæjarstjórn Vestmannaeyja beitti sér fyrir atkvæðagreiðslu um hvort opnuð yrði áfengisútsala þar í bæ í á nýjan leik. Það gekk eftir og málið var lagt fyrir bæjarbúa um leið og kosið var til sveitarstjórna á Íslandi 22. maí 1966.

Tillaga um að opna áfengissölu hlaut yfirgnæfandi stuðning, 1342 sögðu já en 674 nei.

Undirskriftasöfnun um opnun áfengisútsölu í Eyjum

MB—Reykjavík, mánudag.
Undirskriftasöfnun hefur verið opnuð í Eyjum, og mun gert ráð fyrir einum þremur hórnum, en vísala í samkomuhúsum mun ekki leyfa, nema áfengisútsala sé á staðnum.
Hórnabúinn hefur verið í gildi í Vestmannaeyjum undanfarnar áratal, en ekki þýfir það, að allar Kyrrablað og Vestfirðir hafi verið þjáðar þetta á milli, því hagi er að fá vin sem frá Áfengisverslun ríkisins gegn póströðu, þaðan sem útsala er. Menntu og allmargir þakka af frá þeirri stofnun hafa farið um pósthúsið í Eyjum þessi ár, og feiri ráð hafa verið notað til að nálgast áfengið.

Nú hafa nokkrir menn tekið sig til og undirskriftasöfnun undirskriftum undir lokunum til hajar-stjórnamanna um að láta fara fram atkvæðagreiðslu um opnun áfengisútsölu og þar með afmá hjarabúanna. Ef þessi þingur atkvæðagreiðslu manna í Eyjum undirskriftir þessa skorum, er hajar-stjórn skyld að láta alla atkvæðagreiðslu fara fram.

Það hefur verið nokkra atkvæði, að nú er verið að byggja við sjálfstæðisliðið í Vestmannaeyjum. Í þeirri viðbyggingu er gert ráð fyrir þremur hórnum eða „vinstökum“. Nú hefur séstakt leyfi viðkomandi yfirvalda til þess að heimilt sé að selja áfengi á veitingahúsi, og mun ekki umtala sé veita slíkt leyfi, nema áfengisútsala sé opin í lögsögu undanfarna. Viðfari þvi þessir hjarir ekki eiga mikla framtíð fyrir sér nema meirihluti kjóenda í Eyjum hléti til þess að greiða atkvæði með opnun áfengisverslunarinnar.

Timinn 1. júní 1965

Vínubúðin var opnuð 10. mars 1967 klukkan 10 í Hvíta húsinu við Strandveg. Blaðið Fylkir kom út síðdegis þann sama dag og birti að sjálfsögðu klausu um tíðindin.

Árið 1965 var safnað undirskriftum til stuðnings því að opnuð yrði áfengissala í Eyjum á nýjan leik. Þá reyndist meirihlutastuðningur fyrir vín-



Hvíta húsið við Strandveg í Vestmannaeyjum.

búð og hún var sem sagt opnuð 1966, í Hvíta húsi Vinnslustöðvarinnar.

Vínbúðarandstæðingar gáfust samt ekki upp. Stjórn Vinnslustöðvarinnar barst erindi frá áfengisvarnanefnd bæjarins og gat þess í fundargerð 8. febrúar 1971.

Þar var farið frá á álit stjórnarinnar um hvort loka ætti áfengisútsölnunni í Vestmannaeyjum og má telja fullvíst að erindinu hafi verið beint til Vinnslustöðvarinnar sem eiganda Hvíta hússins, þar sem áfengisútsalan var til húsa. Stjórn Vinnslustöðvarinnar bókaði í fundargerð að „vandkvæði af drykkjuskap hefðu stórversnað við opnun útsölnunar“ og skipti sér ekki frekar af málinu, að því er best verður séð.

Síðar á þessu sama ári, 1971, var efnt til undirskriftasöfnunar í bænum til stuðnings kröfu um að áfengisverslunni í Hvíta húsinu yrði lokað. Frumkvæði að því höfðu nokkrar konur með stuðningi áfengisvarnarráðs í Vestmannaeyjum og ríflega 1.200 manns skrifuðu undir áskorunina.

Efnt var til atkvæðagreiðslu samfara alþingiskosningum í júní 1971 og þar var tillagan felld með 1.144 atkvæðum gegn 885. Í kjörklefanum studdu þannig færri kjósendur tillögu um að loka Ríkinnu en höfðu skrifað undir áskorunina, hvernig svo sem á því stóð.

Líflegur póströfubíssness

Björn Guðmundsson skrifaði vikupistil úr Eyjum í Morgunblaðið 17. febrúar 1965 og vék að vínbúðaprættunni:

„Einn góðan veðurdag hóuðu sig saman nokkrir menn er horn höfðu í síðu Bakkusar og samþykktu

ÞAÐ ER BÚIÐ AÐ OPNA.



Klukkan níu í morgun var strax kominn álitlegur hópur, sem beið fyrir framan áfengisverzlunina nýju við Strandveginn.

Sumir í verzlunarerindum og aðrir af einskærri forvitni og svo til myndatöku.

Gauti Gunnarsson smellti af einni mynd fyrir okkur, og heppnist hún sæmilega má þekkja nokkra á henni.

Fylkir 10. mars 1967

héraðsbann, og viti menn, búðinni var slálokað. Hefur síðan í tví- ef ekki þrígang verið um það atkvæðagreiðsla meðal Eyjaskeggja hvort opna ætti búðina aftur eða ekki. En fjandmenn Bakkusar hafa jafnan borið sigur af hólmi og búðin áfram slálokuð.

Og síðan þá hafa menn orðið að fá smá brjósthlýju í pósti. Framan af þótti mörgum mannum þetta einkar þægilegt – pósthúsið var opið fyrir hádegi á sunnudögum og var þá hægt að leysa út eina smákröfu og hressa upp á sálartetrið – sem oft var nokkur þörf á ef laugardagsnóttin hafði verið ströng.

En svo hættu þeir að hafa pósthúsið opið á sunnudögum og nú verða menn bara að una við venjulegan afgreiðslutíma frá 9 til 6.“

Þessi póströfubísmess í áfengismálum í Vest-

mannaejnum varð til þess að ef einhvern skorti áfengi og reyndi að útvega sér flösku var ekki spurt: Áttu vín? Nei, spurt var: Áttu kröfu?!

Viðskiptin tóku á stundum á sig skondnar myndir. Þeir útsjónarsömu pöntuðu til dæmis tvær flöskur í einu að sunnan og biðu svo átekta eftir álitlegu viðskiptatækifæri. Þegar svo einhver þorstlátur fór um bæinn í leit að brjóstbirtu bauðst honum að kaupa kröfuna alla, fá aðra flöskuna handa sér en láta seljandann fá hina flöskuna frítt. Þannig gátu báðir vel við unað, sá þyrsti og sá sem slökkva kunni þorstann.

Frímerkjakaupandi í brennivínsröð

Pósthúsið í Vestmannaejnum var þannig helsti „útsölastaður“ áfengis á sölubannsárunum og stundum var svo mikil ös í vínkröfunum frá



Skammstöfunin VSV við útidyr Hvíta hússins vísar í söguna. Vinnslustöðin byggði og átti húsið um árabil og þar var áfengisútsala á jarðhæð. Aðkomumaður einn lagði leið sína í Ríkið og spurði afgreiðslumann hvað þetta táknadi sem hann hafi gengið yfir á leiðinni inn í verslunina, VSV? Svarið kom að bragði: „Þetta vísar beint í starfsemina hjá okkur og þýðir Viltu Sopa Væni!“

Áfengisverslun ríkisins að menn, sem komu í þeim erindum að kaupa frímerki eða setja pakka í póst, þurftu að bíða lengi eftir afgreiðslu.

Guðlaugur Gíslason, bæjarstjóri og alþingismaður, skrifaði um ástandið í málgang sitt, bæjarmálablaðið Fylki, 13. maí 1960. Honum var mikið niðri fyrir:

„Það fer að verða ærið þung þraut fyrir venjulega

„þurrksinnaða“ menn í bænum að fá afgreiðslu á pósthúsinu fyrir hádegi á laugardögum. Þá liggur straumurinn þangað að spyrja eftir „blautum“ kröfum og annar starfsfólkið hvergi nærri að afgreiða þetta á venjulegum afgreiðslutíma en ver til þess drjúgri stund af matartímanum. Og svo gefst ekki tími til að flokka póstin fyrir en eftir hádegi.

Þessi brennivínsafgreiðsla er að verða hreint hneyksli og til háborinnar svívirðingar í bænum og væri sannarlega þörf á að bæjarstjórn léti þetta mál til sín taka, þótt ekki væri til annars en að fá þessa afgreiðslu fjarlægða af pósthúsinu og flutta á sérstakan stað.“

Bæjarmálablaðið Framsókn, mál gagn Helga Benediktssonar, beitti sér harkalega fyrir því að vínsölubann í Vestmannaeyjum væri virt, alveg bókstaflega. Helgi benti á að í raun ræki Áfengisverslun ríkisins margar „dulbúnar vínbúðir“ því áfengið flæddi til Eyja í gegnum pósthúsið, afgreiðslu Flugfélags Íslands og afgreiðslu skipafélaganna. Slíkt ætti auðvitað ekki að líða og bæjarstjórnin ætti að beita sér fyrir því að fá þingmenn kjördæmisins til að „fá lagavernd fyrir Eyjarnar til þess að halda uppi héraðsbanni sínu.“

Í blaðinu var reyndar bent á „einfalda hliðar-ráðstöfun hjá fólkinu sjálfu til þess að skefjalausir áfengisflutningar til Eyja verði stöðvaðir“. Það var að Bindindisfélag ökumanna samþykkti að aka ekki fyrir þá sem stæðu í áfengisflutningunum.

Gósentíð á goslokunartíma

Af sjálfu leiddi að áfengisútsölunni í Vestmannaeyjum var lokað þegar eldgos hófst á Heimaey í janúar 1973 og hún var ekki opnuð á ný fyrr en síðla árs 1974. Á meðan vínbúðin var lokað var ekki unnt að panta áfengi gegn póströfu frá Reykjavík því vínbúð var í Eyjum að nafninu til, því einhverjar reglur hjá hinni opinberu póst-

þjónustu heimiluðu ekki slík viðskipti við fólk á stöðum þar sem væri áfengisútsala, þótt lokuð væri! Það var því ekki auðvelt um vik að verða sér úti um vökvann eftir löglegum leiðum úr höfuðborginni en gósentíð ríkti hins vegar í Eyjum hjá bruggurum og smyglurum.

Angar áfengismála Eyjamanna á Alþingi

Karl Guðjónsson, þingmaður Sósíalistaflokksins í Vestmannaeyjum fyrir kjördæmabreytingu 1959 og síðar Alþýðubandalagsins í Suðurlandskjördæmi, flutti þingsályktunartillögu í nóvember 1967 sem tengdist nýlega opnaðri áfengisútsölu í Eyjum. Meðflutningsmaður hans var framsóknarmaðurinn Björn Fr. Björnsson. Þeir lögðu til að Alþingi heimilaði ríkisstjórninni að „láta 15% af heildarsölu Áfengis- og tóbaksverzlunar ríkisins í Vestmannaeyjum næstu 10 ár renna til stofnkostnaðar Vatnsveitu Vestmannaeyja“.

Tillagan var tekin til fyrstu umræðu og var vísað til nefndar. Til hennar spurðist ekki frekar. Henni fylgdi ítarleg greinargerð þar sem bent var á alvarlegan skort á drykkjarvatni í Vestmannaeyjum. Á þessum tíma voru hafnar framkvæmdir á fasta landinu við að leggja vatnsveitu úr landi Syðstu-Merkur undir Eyjafjöllum um Markarfljótsbrú og Austur-Landeyjar á Landeyjasand og áfram neðansjávar til Vestmannaeyja. Þetta var vitanlega geysilega dýr framkvæmd og flutningsmenn töldu

að tekjur af áfengissölu í Eyjum gætu staðið undir um 40% af stofnkostnaði veitunnar. Vilji þeirra var skýr og rökstuðningurinn sömuleiðis:

„Þá er það skoðun flutningsmanna, að ekki sé forsvaranlegt að setja upp áfengisútsölu í vatnslausum bæ án þess að ætla henni jafnframt að taka þátt í kostnaði við nýja vatnsöflun, sem hún að sjálfsögðu gerir enn brýnni.“

Alþingi hafði engan áhuga á málinu og svæði það í nefnd.

Annað áfengisþingmál tengt Vestmannaeyjum var lagt fram á Alþingi mörgum árum, nánar tiltekið í janúar 1947. Flutningsmenn voru tveir alþingismenn Vestmannaeyja, Jóhann Þ. Jósefsson, sem sat á þingi fyrir Íhaldsflokkinn og síðar Sjálfstæðisflokkinn, og Brynjólfur Bjarnason, úr forystusveit Sósíalistaflokks Íslands. Þeir vildu að Alþingi skoraði á ríkisstjórnina að „loka áfengisútsölu ríkisins í Vestmannaeyjum nú þegar og til vertíðarloka.“

Í greinargerð var sagt að tillagan væri flutt að tilmælum áfengisvarnanefndar Vestmannaeyja, „sem telur reynsluna hafa sýnt það, að ekki sé rétt, að áfengissala sé rekin þar í Eyjum, meðan aðalbjargræðistíminn stendur yfir.“

Tillagan var lögð fram en aldrei rædd og dagaði því uppi sjálfkrafa.

Grín og alvara Hermanns & Þórs

„Þór þarf ekki hraðamæla í bílinn sinn heldur dagatal. Einu sinni hafði hann af mér hádegismat-inn þegar ég lenti aftast í bílalest sem silaðist um götur bæjarins og ómögulegt var að komast fram úr. Hann var fremstur, lestarstjórinn sjálfur. Þegar ég loksins komst heim til mín var svo langt liðið á hádegishléið að ekki var annað að gera en snúa við og fara aftur í vinnuna, með tóman maga.“

Þannig segist Hermann Kr. Jónssyni frá um Þór Vilhjálmsson, vin sinn, jafnaldra, fermingar-bróður og samstarfsmann í Vinnslustöðinni áratugum saman. Það er aldrei dauflegt yfir félögum um þegar þeir eru leiddir saman til skrafs.

Þór starfaði sem sjómaður í Vestmannaeyjum í um tvo áratugi en var kyrrsettur í landi vegna veikinda um júl 1979. Hann kom heim úr siglingu á Þorláksmessu, veiktist skyndilega og var lagður inn á spítala. Læknar vildu ekki að hann færi á sjó aftur, fyrst um sinn að minnsta kosti.

Þór braggaðist og ákvað að kanna hvort eitthvað væri handa sér að gera í Vinnslustöðinni. Stefán Runólfsson framkvæmdastjóri – Stebbi Run hélt nú það og fyrsta verkefnið var að laga frystipönnur í Himnaríki. Já, Eyjamenn eru svo sjálfstæðir að þeir deila meira að segja ekki sjálfa himnaríki með öðrum.

Síðar átti fyrir Þór að liggja að gerast verkstjóri í fiskmóttöku, svo fór hann á námskeið og gerðist matsmaður í skreið og saltfiski, varð verkstjóri í norðurhúsinu og loks starfsmannastjóri. Hin síðari ár hefur hann verið það sem kalla *altmuligmand* í starfsmannahaldi fyrirtækja í Danmörku en

allsherjarreddari hér. Og svo á hann og gerir út trilluna ??

Örlagarölt um Kirkjuveg

Hermann hóf starfsferilinn í tollafgreiðslu og bókhaldi hjá bæjarfógetaembættinu í Vestmannaeyjum og varð síðar gjaldkeri. Hann gafst upp á launakerfi hins opinbera, hætti hjá fógeta 1977 og var atvinnulaus um tíma. Þá hittust þeir Haraldur Gíslason – Halli Gísla á rölti á Kirkjuveginum. Halli var framkvæmdastjóri Fiskimjölsverksmiðjunnar, sem nýlega hafði keypt togarana Breka og Sindra og gerði út. Hermann var kominn í bókhald og uppgjör fyrirtækisins fáeinum dögum síðar.

Hermann: „Þegar Fiskimjölsverksmiðjan, Fiskiðjan, Ísfélagið og Vinnslustöðin stofnuðu Samtogið 1980 fór ég þangað og gerðist skrifstofustjóri og gjaldkeri. Samtogið tók við útgerð Breka og Sindra og við bættust Klakkur og síðar Gideon og Halkion 1981.“

Minningarnar frá Samtogsævintýrinu eru blendnar, svo ekki sé nú meira sagt. Það var eins og fyrirtækinu væri ekki ætlað að lifa vegna stöðugra átaka eigendanna. Hugmyndin að samstarfinu var eflaust góð en samstöðu skorti og dæmið gekk ekki upp.

Skelfilegt var að vera gjaldkeri í fyrirtæki með tóman kassa og þegar togarar voru sendir utan til að selja fisk á erlendum markaði afla tekna til rekstrarins mótmæltu verkalýðsfélögin og land-



Pór t.v. og Hermann á aðalfundi VSV 2015.

verkafélkið því að siglt væri með aflann í stað þess að vinna hann heima.

Ísfélagið sagði skilið við Samtö 1987 og 1990 var Samtö lagt niður. Ég fór þá í Fiskiðjuna og vann í bókhaldi í eitt ár en varð starfsmaður Vinnslustöðvarinnar við „stóru sameininguna“ um áramótin 1991/’92 þegar Fiskiðjan, Fiskimjölsværksmiðjan – FIVE, Lifrarsamlagið, Gunnar Ólafsson & Co, Knörr og Vinnslustöðin sameinuðust undir nafni Vinnslustöðvarinnar.“

Beygur vegna sameiningarmála

Pór: „Við upplifðum mikla breytingu þegar kvótakerfið kom til sögunnar. Þá var jafnari vinnsla árið um kring. Fyrir tíma kvótakerfisins var bróðurpartur ársaflans tekinn á vetrarvertíð, á tveimur til þremur mánuðum. Árið 1982 var til dæmis unnið í Vinnslustöðinni þrjár helgar í röð, félkið í vinnslunni var þá að í tælega mánuð án þess að eiga frí.

Þegar horft er til baka koma erfiðleikatímabilin óhjákvæmlega upp í hugann, uppsagnir starfsfélks og óvissa. Við Hermann fengum uppsagnarbréf oft en einu sinni og oft en tvisvar.

Sameining fyrirtækja og sameiningarhugmyndir fóru reyndar enn verr í margan starfsmanninn en rekstrarerfiðleikar, sem oft voru tímabundnir. Margir millistjórnendur Fiskiðjunnar misstu til dæmis vinnuna þegar fyrirtækið sameinaðist Vinnslustöðinni og þegar stóð síðar til að sameina Vinnslustöðina og Ísfélagið var mikill beygur í Vinnslustöðvar-

fólki.

Viljayfirlýsing um sameiningu við Ísfélagið var gefin út í tvígang, sumarið 1999 og aftur sumarið 2000. Í síðara skiptið var ferlið komið svo langt að útgerðarrekstur fyrirtækjanna var runninn saman að einhverju leyti þegar sameining var blásin af, í annað sinn á einu ári.

Starfsmönnum Vinnslustöðvarinnar leist upp til hópa ekkert á sameiningu við Ísfélagið og þegar hætt var við hana heyrðust jafnvel húrrahróp bergmála í húsinu!“

Vinnslustöð sé og verði Eyjafyrirtæki

Hermann: „Mikill ugður var í brjóstum starfsmanna þegar Ker, móðurfélag Olúfélagsins, seldi hlut sinn í Vinnslustöðinni seint á árinu 2002 eftir að nokkru áður tekið við ráðandi eignarhlut Olúfélagsins og fleiri félaga sem tengdust S-hópnum svokallaða. Ólafur Ólafsson í Samskipum var

þá orðaður sterklega við kaup á ráðandi hlut í Vinnslustöðinni, ásamt Eyjamönnunum sem enn eru kjarni eigendahópsins í félaginu.

Okkur leist ekki á blikuna en þá komu bræður tveir frá Rífi, Guðmundur og Hjálmar Kristjánssynir, gengu til liðs við Eyjamennina og urðu bjargvættir! Starfsmönnum létti en svo æxluðust mál á þann veg sem landsmenn þekkja úr fréttum fjölmiðla.“

Þór: „Vestmannaeyingar eru mjög uppteknir af því að Vinnslustöðin sé og verði Eyjafyrirtæki. Eigendur lítilla hluta í félaginu vilja halda hlutabréfunum sínum og óttast að mögulegar breytingar á eignarhaldi leiði til þess að aflaheimildir fari héðan og starfsemin skreppi saman.“

Mikill stuðningur við íþróttahreyfinguna

Hermann og Þór: „Eyjamenn átta sig vel á því að ekki er sjálfgefið að neitt fyrirtæki haldi sínum hlut í byggðarlaginu, hvað þá að reksturinn gangi eins og eilífðarvél. Sagan sannar það!

Eitt ber að sem Eyjamenn kunna afar vel að meta og það er stuðningur Vinnslustöðvarinnar við menningar- og íþróttastarfsemi í Vestmannaeyjum.

Á engan er hallað þegar fullyrt er að ekkert fyrirtæki hefur farið nálægt því að styrkja félagsstarf íþróttafólks eins og Vinnslustöðin gerir og hefur gert. Stjórnendur hennar og eigendur vilja gera sitt til að íþróttalífið sé blómlegt og sýna það í verki.

Þegar Binni [Sigurgeir B. Kristgeirsson, framkvæmdastjóri VSV] og Stebbi Friðriks [Stefán Friðriksson, fyrrum aðstoðarframkvæmdastjóri VSV, nú forstjóri Ísfélagsins] náðu saman varð mikil breyting til batnaðar. Enginn efast um að fyrirtækið sé traust og stöðir þess styrkar.

Óvissa er og verður í sjávarútvegi en Vinnslustöðin er orðin svo öflug að hún þolir ágjöf. Eyjamenn eru ánægðir með uppbygginguna sem á sér stað hjá fyrirtækinu. Það er í góðum höndum og vel rekið.“

Nafntogaðir Hólsarar

Vart verður skilið við félag Hermann & Þór án þess að sýna þá líka í réttu umhverfi á Hólnum suðvestan áhorfendastúkunnar við þann landsþekkt Hásteinsvöll Vestmannaeyinga.

Hólsarar eru harðasti stuðningsmannakjarni ÍBV í knattspyrnu og setjast því aðeins í stúkuna að liðið þeirri spili í Evrópukeppni. Þeir verða líkt og aðrir að ganga í þessa stúku og sitja þar reglum samkvæmt. Að öðrum kosti er leiknum aflýst.

Hermann sat tilneyddur í stúku á Evrópuleiksumarið 2015 og fékk tak í bakið. Þór lét ekki sjá sig á leiknum og bar við ferðalagi upp á meginlandið. Það var fyrirsláttur.

Mörg dæmi eru þekkt úr knattspyrnusögunni þegar athugasemdir af Hólnum rugla dómara í ríminu, ÍBV að sjálfsgöðu í vil. Nýliðar og léttviktarmenn í dómarafélaginu eru í mestri hættu að láta Hólsara rugla í sér. Reyndir dómarar hafa



Hólsarar á leik ÍBV og Víkings frá Reykjavík sumarið 2015. Hermann næst á myndinni, Þór sitjandi með litríku húfunu. ÍBV sigraði og allir glaðir!



Söfnuður Hólsara standandi armslengd frá yfirbyggðri stúkunni!

á hinn bóginn vit á að hætta sér ekki inn á vallar-
fjórðunginn næst Hólnum til að komast hjá mis-
vísandi leiðbeiningum þaðan.

Hólsarar eru harðir í horn að taka en höfðingj-
ar heim að sækja, fyrir útvalda að vísu. Þegar Dag-
bjartir Einarsson, útgerðarmaður í Grindavík og
stuðningsmaður Grindavíkurlíðsins nr. 1, fylgdi
sínun mönnum í leik til Eyja vildi hann fylgjast
með á Hólnum og hvergi annars staðar. Þar var
honum líka tekið fagnandi.

Hólsarar eru goðsagnir meðal ÍBV-stuðnings-
manna og eiga meira að segja tryggn sess í bar-
áttusöng ÍBV frá 1997, *Komum fagnandi*.

Knattspyrnumenn Eyjamanna njóta góðs af
því að nóg er af ráðleggingum frá spyrnufróðum
spekingum.

Fremstur er í flokki þar og hvers manns hug-
ljúfi hinn dæmigerði **Hólsari**.

MYNDAUGAÐ



Þrír stjórnarmenn VSV og bæjarstjóri Vestmannaeyja. Frá vinstri: Páley Borgþórsdóttir, Rut Haraldsdóttir, Elliði Vignisson og Guðmundur Örn Gunnarsson.



Sigurjón Óskarsson í miðinu og ???



Guðmundur og Hjálmar Kristjánssynir.

Framkvæmdastjórar Vinnslustöðvarinnar 1948-2016



Morgunblaðsmynd frá 15. ágúst 1951, tekinn á flugvellinum í Vestmannaeyjum þegar flogið var með saltfisk í Douglas-vél Loftleiða, Helgafelli, til Reykjavíkur til að senda farminn áfram sjóleiðis með Tröllafossi til Bandaríkjanna. Á myndinni eru Sigurður Óla framkvæmdastjóri í Vestmannaeyjum (forstjóri Netagerðar Vestmannaeyja til fjölda ára, einnig forstjóri Stakks hf. og Fisksölusamlagsins), Ragnar Stefánsson fulltrúi hjá SÍF (nýlega hættur sem framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar) og Stefán Magnússon flugstjóri.

Ragnar Stefánsson
(f. 1928, d. 1985)

janúar 1948 – ágúst 1948

Jón Ragnar var frá Dalvík, sonur Stefáns Jónssonar og Önnu Tímotheusdóttur í Brimnesi. Hann var tengdasonur Ástþórs Matthíassonar frá Sóla sem rak og átti fiskimjölsverksmiðjuna í Vestmannaeyjum. Ragnar var í undirbúningsnefnd að stofnun Vinnslustöðvarinnar og kjörinn í fyrstu stjórn hennar á stofnfundi 30. desember 1946. Eftir að hann flutti frá Eyjum vann hann lengi sem fulltrúi hjá Sölumiðstöð íslenskra fiskframleiðenda – SÍF í Reykjavík.



Jóhann Sigfússon
(f. 1905, d. 1991)

mars 1950 – ágúst 1959

Jóhann var Skagfirðingur og byrjaði ungur til sjós. Hann flutti til Vestmannaeyja árið 1930 og stundaði þar sjómennsku og útgerð í félagi við aðra. Árið 1950 varð hann framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar og gegndi því starfi til ársins 1959 er hann flutti til Hafnarfjarðar og gerðist forstjóri í H.F. Fiski, fyrirtæki er stofnað var 1939 til að framleiða „fiskimjöl til manneldis“.



Sighvatur Bjarnason
(f. 1903, d. 1975)
1959 – 1974

Sighvatur ólst upp á Stokkseyri og flutti til Vestmannaeyja 1925. Hann varð fljótlega einn af aflasælustu skipstjórum í Vestmannaeyjum og fyrstur til að hljóta heiðursnafnbótina aflakóngur. Þá varð hann einn kunnasti síldarskipstjóri landsins.

Sighvatur eignaðist fyrsta bátinn sinn 1931 í félagi við Gunnar Marel Jónsson, 23 tonna trébát sem legið hafði á söndum í Meðallandi í eitt ár eftir að hafa strandað á heimleið frá Danmörku. Báturinn var keyptur til útgerðar í Garðinum og fékk nafnið Erlingur. Báturinn hélt nafninu og Sighvatur eignaðist síðar fleiri báta sem allir báru sama nafn, Erlingur.

Sighvatur hætti til sjós 1959 og gerðist framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar. Hann var gæfumaður í starfi og sæmdur fálkaorðu fyrir björgun skips í sjávarhásku.



Stefán Runólfsson
(f. 1933)
1974 – 1987

Stefán er borinn og barnfæddur Vestmannaeyingur. Hann hóf störf í Hraðfrystistöðinni hjá Einari Sigurðssyni að námi loknu, varð þar verkstjóri 16 ára og yfirverkstjóri 19 ára og gegndi því starfi til ársins 1962 er hann var ráðinn framkvæmdastjóri Hraðfrystistöðvar Keflavíkur.

Stefán var ráðinn yfirverkstjóri hjá Fiskiðjunni hf. í Eyjum 1963 og starfaði sem slíkur til ársins 1974 er hann var ráðinn framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar. Hann lét af störfum 1988 og var síðan framkvæmdastjóri Hraðfrystihúss Stokkseyrar frá 1988 til 1992.

Stefán lauk starfsferli sínum hjá Frumherja sem skoðunarmaður og ráðgjafi. Hann kom víða við í félagsmálum tengdum bæði sjávarútvegi og íþróttum og hlaut margvíslegar viðurkenningar fyrir störf sín. Hann var sæmdur fálkaorðu árið 2003.



Björn Úlfjótsson
(f. 1958)

Viðskiptafræðingur og fjármálalegur framkvæmdastjóri 1987-1992

Hann var framkvæmdastjóri Lifrarsamlagsins í Vestmannaeyjum.



Viðar Elíasson (f. 1956)
Verklegur framkvæmdarstjóri
1987 – 1992

Viðar lærði húsasmíði og vann sem smiður áður en hann hóf störf hjá Vinnslustöðinni árið 1978, fyrst sem verkstjóri, síðan yfirverkstjóri og loks framleiðslustjóri. Hann var í Fiskvinnsluskólanum 1982 og stundaði síðan nám í sjávarútvegsfræðum við Háskóla Íslands. Hann lét af störfum hjá Vinnslustöðinni 1999.

Viðar hóf útgerð 1994. Hann stofnaði eigið fyrirtæki, Fiskvinnslu VE, árið 2000 og á það og rekur ásamt eiginkonunni, Guðmundu Bjarnadóttur.



Sighvatur Bjarnason yngri
(f. 1962)

1992 – 1999

Sighvatur er rekstrarhagfræðingur og tók við starfi framkvæmdarstjóra um áramótin 1992-1993 eftir sameiningu Vinnslustöðvarinnar og Fisk-iðjunnar. Hann var áður verksmiðjustjóri Nord-Morue, dótturfélags Sölumiðstöðvar íslenskra fiskframleiðenda í Frakklandi.

Sighvatur lét af störfum hjá Vinnslustöðinni 1999 og flutti til Reykjavíkur.



Sigurgeir Brynjar Kristgeirsson
(f. 1960)

1999 –

Sigurgeir stundaði sjó um sex ára skeið og var einn vetur í Bændaskólanum á Hvanneyri. Hann nam þjóðhagfræði við Háskóla Íslands, útskrifaðist þaðan 1991 og var síðan í eitt ár í meistaranámi í fjármálum og fjárfestingum í York á Englandi. Hann réðst til starfa sem lánasérfræðingur Íslandsbanka í Vestmannaeyjum 1992.

Sigurgeir Brynjar hóf störf hjá Vinnslustöðinni árið 1996 þegar Vinnslustöðin og Meitillinn sameinuðust, í fyrstu með aðsetur í Þorlákshöfn. Hann var ráðinn framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar árið 1999.

GLENS OG GAMAN

Túristi gerist húkkari

Í Vinnslustöðinni starfaði um skeið náungi sem við skulum kalla Snjólf. Í vertíðarlok vorið áður en þessi saga gerðist hætti hann störfum og fór heim til Reykjavíkur án þess að kveðja kóng eða prest.

Í september stóð hann skyndilega á gólfi í verkstjórakompu Vinnslustöðvarinnar og spurði hvar stimpilkortið sitt væri. Kortið fékk hann og hóf svo störf á nýjan leik, eins og ekkert hefði í skorist.

Í lok vetrarvertíðar sagði Snjólfur upp störfum, hætti og fór til Reykjavíkur. Vorið var Vinnslustöðvarstjórnendum oft erfiður tími vegna þess hve margir hættu, þar á meðal bændur og búalið sem voru á vertíð en fór heim til að sinna sauðburði og öðrum vorverkum.

Það fórst fyrir að segja Guðmundi Ásbjörnsyni verkstjóra frá starfslokum Snjólf. Laugardagsmorgun einn þá um sumarið var skipað út hrognum í tunnum og sárlega vantaði mannskap til starfa. Guðmundur kom þá auga á Snjólf vappandi á hafnarsvæðinu, tók hann tali og sagði honum að drífa sig í útskipun. Snjólfur svaraði ekki einu orði, gekk umsvifalaust til skips og skipaði út hrognum til kvölds eða þar til verki lauk.

Daginn eftir var unnið líka í Vinnslustöðinni og Guðmundur verkstjóri var þar utan dyra þegar fram hjá var ekið rútu á vegum Páls Helgasonar ferðþjónustuförmuðar í Eyjum. Guðmundur sá sér til mikillar undrunar að Snjólfur var meðal farþega í rútnunni, eins og ekkert væri sjálfsagðara.

Þegar verkstjórinn grennsaðist frekar fyrir um málið kom í ljós að Snjólfur taldi sig ekki hafa

kynnst Vestmannaeyjum sjálfum nægilega vel þegar hann starfaði í Vinnslustöðinni, hvorki náttúrufari né mannlífi. Hann ákvað því að kaupa pakkaferð frá Reykjavík til Eyja með innifalinni gistingu og útsýnisferðum en varð óvænt á vegi Guðmundar verkstjóra þegar ferðamannahópurinn róltil um hafnarsvæðið með fararstjóra sínum. Snjólfur túristi fór sem sagt að húkka á króka í útskipuninni og fannst það sjálfsagður greiði við Guðmund verkstjóra, rétt eins og Guðmundi fannst sjálfsagt að Snjólfur skipaði út hrognum frekar en að slæpast á bryggjunum!

Símaskrá rifin að hætti Úrsusar

Þegar ný símaskrá kom út dreifði Stebbi Run henni um Vinnslustöðina við sérstæða athöfn. Hann fór á símstöðina, kom í hús með allar símaskrárnar sem fyrirtækinu voru ætlaðar og gekk á milli allra vinnustöðva þar sem sími var og símaskrá. Hann skellti nýrri símaskrá á borð, tók þá gömlu og reif í tvennt!

Gunnar Úrsus Salómonsson, landsþekktur aflraunamaður, ferðaðist þá um landið og sýndi ýmsar þrautir, þar á meðal að rífa sundur símaskrár. Þetta lærði Stebbi Run og fór létt með að leika eftir aflraunamanninum. Úrsus lét auðvitað líta svo út að það væri einungis á færi kraftajötna að rífa símaskrá en Stebbi Run sagði að frekar þyrfti sérstakt verklag og hugsun en ofurafl.

Afskurðarvél afhent á spítala

Sigurður Óskarsson, Siggí á Hvassafelli, stjórnarformaður Vinnslustöðvarinnar frá 1976 til 1986, er maður ekki einhamur og sýslar við uppfinningar. Hann fann meðal annars upp og lét smíða afskurðarvél sem stóð fyrir sínu í netagerð. Vélin skar riðil frá teinum sjálfvirkt og leysti þar með handverk með vasahníf af hólmi.

Áform um afskurðarvélinu bárust til eyrna Ingólfi Theódórssyni netagerðarmanni og útgerðarmanni. Hann sagði strax við Siggí: „Ég vil fá fyrstu vélina.“

„Allt í lagi, þú færð vél númer eitt föstudaginn 4. febrúar (1972) klukkan tvö,“ svaraði Siggí. Ingólfur tók lofordið mátulega hátíðlega.

Vélin var tilbúin til afhendingar á tilsettum tíma, á vetrardegi eins og fegurstur getur orðið í Eyjum. Þegar til átti að taka var Ingólfur, væntanlegur eigandi, kominn á spítala vegna fótameins. Siggí hringdi í Björn Karlsson skurðlækni, lýsti fyrir honum málavöxtum og því að vélin væri svo hrein, fín og sótthreinsuð að hún ætti fullt erindi inn fyrir þröskuld sjúkrahúss, þess vegna alveg inn á skurðstofu.

Leyfi fékkst til að afhenda Ingólfi vélina á vettvangi.

Erfitt reyndist að koma tækinu með góðu móti fyrir í spítalalyftunni. Eina ráðið var að láta Sigurjón Jónasson ljósmyndara í Skuld halda undir annan enda græjunnar og þá var unnt að loka lyftunni og flytja farminn á milli hæða. Þegar þeir félagar voru að bjástra við flutninginn bar að Einar Val Bjarnason sjúkrahúslækni. Hann spurði hver ósköpin gengju þar á. Siggí vísaði á Björn Karlsson og kvaðst vera með einhverja skurðlækningagræju til að brúka þar á spítalanum. Lyflæknirinn spurði ekki frekar og hvarf á braut.

Ingólfur Theódórsson sat með reifaðan fót í hjólastóli í setustofu þegar vélinni var rúllað þangað inn. Hann trúði vart eigin augum en uppfinningamaðurinn á Hvassafelli mælti: „Ég lofaði því að afhenda þér vélina á tilsettum tíma í dag. Líttu á klukkuna. Hún er á slaginu tvö eins og um var samið!“

Níu ára Eyjapeyi á stakkstæði á tannlæknisslóð landsliðspjálfarans

„Þegar Vinnslustöðinni vegnar vel skynja Vestmannaeyingar það ekki endilega þegar þeir horfa í kringum sig í samfélaginu en þegar miklir erfiðleikar steðja að fyrirtækinu fer ekki fram hjá nokkrum manni hve miklu máli það skiptir allt Eyjasamfélagið. Vinnslustöðin tók til dæmis tvær miklar dýfur í upphafi og lok 20. aldarinnar með miklum samdrætti í starfsemi og fjöldauppsögnum. Þegar stærsta fyrirtækið í bænum fækkar störfum vegna rekstrarerfiðleika um 50 til 100 finnst heldur betur fyrir því á innan við 2.500 manna vinnumarkaði,“ segir Arnar Sigurmundsson, sem hefur verið í forystusveitum atvinnulífs og bæjarmála í Vestmannaeyjum svo áratugum skiptir. Hann var meðal annars framkvæmdastjóri Samfrosts, félags sem frystihúsin í Eyjum stofnuðu og sameinuðust þar meðal annars um vinnulauna- og bónusútreikninga, löndunarþjónustu, umbúðalager, matsstöð fyrir ríkismat sjávarafurða, tölvudeild og fleira. Starfsemi Samfrosts var lagðist af nokkru eftir sameiningu stóru sjávarútvegsfyrirtækjanna í Eyjum 1992 og einstaka einingar voru seldar eða færðar inn í Vinnslustöðina og Ísfélagið sem þá áttu Samfrost til helminga.

son, sem hefur verið í forystusveitum atvinnulífs og bæjarmála í Vestmannaeyjum svo áratugum skiptir. Hann var meðal annars framkvæmdastjóri Samfrosts, félags sem frystihúsin í Eyjum stofnuðu og sameinuðust þar meðal annars um vinnulauna- og bónusútreikninga, löndunarþjónustu, umbúðalager, matsstöð fyrir ríkismat sjávarafurða, tölvudeild og fleira. Starfsemi Samfrosts var lagðist af nokkru eftir sameiningu stóru sjávarútvegsfyrirtækjanna í Eyjum 1992 og einstaka einingar voru seldar eða færðar inn í Vinnslustöðina og Ísfélagið sem þá áttu Samfrost til helminga.



Arnar Sigurmundsson á skrifstofu sinni í Hvíta húsinu í Vestmannaeyjum, þar sem eitt sinn var skrifstofa Vinnslustöðvarinnar.

Arnar fylgdist auðvitað líka vel með gangi sjávarútvegsfyrirtækjanna sem bæjarstjórnarmaður og á þeim vettvangi sagði fljótt til sín ef eitthvað bjátaði á í sjálfum undirstöðu-atvinnuveginum.

„Stofnun Vinnslustöðvarinnar tengist styrjaldarlokunum og var öðrum þræði viðbrögð við ástandi sem skapaðist strax að lokinni síðari heimsstyrjöld. Ætli megi ekki kalla það afleiðingu af spennufalli eftirstríðsáranna?

Árið 1946 var eitt hið erfiðasta í byggðapróun Vestmannaeyja á 20. öld. Þar hafði sitt að segja uppbyggingin á Suðurnesjum í tengslum við herinn með tilheyrandi atvinnu og tekjum sem sögaði til sín vinnuafli, meðal annars frá Eyjum.

Vinnslustöðin var stofnuð sem samlagsfélag fjölmargra sjálfstæðra útvegsbænda og óx tiltölulega hratt, einkum eftir að félagið keypti Fisk & Ís af Magnúsi Guðbjartssyni. Aðsetur þess félags var þar sem nú stendur suðurhluti aðalstöðva Vinnslustöðvarinnar og einnig kallað um tíma H-30 sem var framleiðendanúmer VSV hjá SH.

Sjálfur fór ég fyrst að vinna sumarið 1953, þá níu ára gamall, á stakkstæði (fiskpurrkunarreit) Vinnslustöðvarinnar í vesturbænum efst á Hólagötunni. Á þeim slóðum rekur Heimir Hallgrímsson tannlæknir og nú heimsfrægur þjálfari íslenska landsliðsins í knattspyrnu, tannlæknastofuna sína!

Vinnslustöðin var á sumrin gríðarlega mikilvægur vinnustaður fyrir ungmenni, reyndar allt niður í 11, 12 og 13 ára krakka. Árgangarnir voru að jafnaði meira en tvöfalt stærri þá en nú, kannski eitthvað um og yfir hundraðið í stað fimmtíu eða rúmlega það síðustu ár. Störf fyrir unglinga skiptu miklu máli og auðvitað sækja margir skólanemar sumarvinnu til félagsins enn þann dag í dag en færri og eldri en áður.

Erfiðleikar í Vinnslustöðinni og öðrum sjávar-

útvegsfyrirtækjum bitnuðu því augljóslega einnig á skólafólki, þátt fyrir að mesti þunginn lenti á eldri starfsmönnum VSV þegar þannig áraði.“

„Landslagið“ breyttist í sjávarútvegi

Vinnslustöðin var lengi framan af fiskvinnslufyrirtæki en fór ekki að stunda útgerð fyrr en á árunum 1977 til 1984 þegar hún tók fyrst þátt í að stofna Klakk hf. um útgerð samnefnds togara og síðar Samtog, sem tók að sér útgerð Klakks VE og gerði líka út Sindra, Breka, Gideon og Halkion. Þarna fór fyrirtækið að líkjast því sem það er í dag en umfang starfseminnar hefur auðvitað margfaldast, ekki síst með sameiningu félaga. „Landslagið“ hefur breyst að þessu leyti í sjávarútvegi yfirleitt í Vestmannaeyjum og á landinu öllu. Arnar Sigurmundsson var mjög nálægt atburðarásinni í sumum tilvikum en ögn fjær henni í öðrum.

„Ég vann hjá Samfrost um áramótin 1991-’92 þegar sameiningarviðræður áttu sér stað og sameining í kjölfarið með því að Fiskiðjan, Fiskimjölsverksmiðjan – FIVE, Lifrarsamlagið, Gunnar Ólafsson & Co, Knörr og Vinnslustöðin sameinuðust undir nafni Vinnslustöðvarinnar hf.

Nákvæmlega á sama tíma sameinuðust Ísfélag Vestmannaeyja, Hraðfrystistöðin og Bergur-Huginn. Þetta var farsæl niðurstaða á báða bóga en ég hefði ekki viljað sjá ferlið enda í einu stóru sjávarútvegsfyrirtæki, eins og upp kom í tvígang með viljayfirlýsingum um sameiningu Ísfélagsins og Vinnslustöðvarinnar 1999 og 2000.

Stórsameiningin gekk ekki eftir, sem betur fer. Farsælt reyndist fyrir samfélagið í Eyjum að þessu tvö stóru fyrirtæki byggðu sig upp og styrktust hvort um sig á sínum forsendum. Þau hafa líka að nokkru leyti leitað á mismunandi mið í rekstrinum. Ísfélagið recur einnig öfluga starfsemi á Þórshöfn á Langanesi en Vinnslustöðin færir aðallega

út kvíar hér í Eyjum með því til dæmis að taka þátt í fyrirtækjum á borð við Löngu, Marhólma og Idunn Seafoods. Þannig verður til enn meiri virðisauki í atvinnugreininni á heimavelli; fleiri störf, markaðssókn, tekjur og fullnýting sjávarfangs. Þessi þróun er ánægjuleg hjá báðum félögum, bæði fyrir þau sjálf og heimabyggðina.

Fyrirtækjauhverfið í sjávarútvegi breytist áfram en þróunin nú er hægfara. Meðalstórum og minni fyrirtækjum fækkar greinilega, stóru fyrirtæki stækka en smáutgerðir eru áfram talsvert áberandi. Þetta sést í Vestmannaeyjum og víðs vegar um landið.

„Sáttahugmyndin“ varð munaðarlaus

Arnar Sigurmundsson er maður ekki einhamur í félagsmálum og hefur víða komið við sögu og var meðal annars formaður Samtaka fiskvinnslustöðva – SF frá 1987 sem ásamt LÍÚ stóð að stofnun Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi SFS í árslok 2014. Arnar átti m.a. sæti í „sáttanefndinni“ sem ríkisstjórn Jóhönnu Sigurðardóttur og Steingríms J. Sigfússonar skipaði sumarið 2009 til að endurskoða lög um fiskveiðistjórnun og freista þess að ná einhvers konar samkomulagi í sígildri og áratuga gamalli samfélagsþrætu. Þarna voru saman komnir í einum hópi yfir tuttugu fulltrúar ýmissa hagsmunasamtaka og allra stjórnmalaflokka.

„Því miður er enn órói og óvissa í kringum fiskveiðistjórnunina en núna kannski frekar í kringum sjálft veiðigjaldið og útfærslu þess en um kerfið sem slíkt. Það er því svekkjandi að líta um öxl og velta fyrir sér hver staðan væri ef vinna „sáttanefndarinnar“ hefði skilað sér í pólitískum breytingum eins og efni stóðu til.

Staðreynd er að góð samstaða tókst um ákveðin atriði. Guðbjartur heitinn Hannesson, alþingismaður Samfylkingarinnar, stýrði hópnum vel og

gerði það eins og góður skólastjóri – sem hann raunverulega var! Það vildi hins vegar svo til að í sömu vikunni og við skrifuðum undir niðurstöður nefndarinnar tók Guðbjartur sæti í ríkisstjórninni. Hann var orðinn ráðherra þegar hann afhenti öðrum ráðherra (Jóni Bjarnasyni) afurð hópsins og fylgdi niðurstöðunum eðlilega ekki eftir á sama hátt og hann hefði ella gert.“

Guðbjartur Hannesson settist sem sagt í ríkisstjórn 2. september 2010 sem nýr félags- og tryggingamála og heilbrigðisráðherra (var síðar dregið saman í starfsheitið velferðarráðherra). Hann afhenti Jóni Bjarnasyni sjávarútvegsráðherra niðurstöður sáttanefndar 6. september og hún var gerð opinber daginn eftir.

„Það að breytingar í ríkisstjórn annars vegar og skil „sáttanefndar“ hins vegar féllu svona saman í tíma var að sjálfsögðu tilviljun háð en hafði þær afleiðingar að niðurstaðan varð eiginlega munaðarlaus í pólitískri tilveru sinni,“ segir Arnar Sigurmundsson.

„Þarna voru að skapast forsendur til að ná einhverri sátt í deilunni endalaus en svo fór sem fór. Það urðu mér mikil vonbrigði. Efni standa samt til þess að gleðjast yfir frumkvæði, krafti og baráttuanda sem býr í sjávarútveginum og fyrirtækjunum í atvinnugreininni. Það á ekki síst við um Vinnslustöðina og ég hlýt að fagna tímamótunum með henni og óska fyrirtækinu og starfsmönnum þess alls hins besta á sjötugsafmælinu 2016.“

Bjarni Sighvats lítur um öxl

„Ég hef sterkar taugar til Vinnslustöðvarinnar og á notalegar minningar frá fyrirtækinu. Mér líður vel þegar ég heyri fréttir af því, enda eru þær yfirleitt góðar en leiði bara hjá mér þegar heyrst af einhverju hnotabiti í eigendahópnum!“ sagði Bjarni Sighvatsson þegar hann leit snögglega um öxl í júnímánuði í tilefni afmælis Vinnslustöðvarinnar. Hann býr í Hraunbúðum, dvalar- og hjúkrunarheimili fyrir aldraða í Vestmannaeyjum og unir hag sínum þar hið besta.

Bjarni og Vinnslustöðin áttu farsæla samleið um árabíl. Faðir hans, Sighvatur Bjarnason, var framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá 1959 til 1974 og Bjarni ólst upp með Vinnslustöðinni, var síðar í stjórn hennar í nær tvo áratugi, þar af stjórnarformaður frá 1986 til 1994.

Bjarni og fjölskylda hans áttu nær 30% í Vinnslustöðinni og seldu Íslenskum sjávarafurðum eignarhlutinn síðla árs 1994. Þá voru verulegar hræringar í kringum fyrirtækið og tekist á um eignarhaldið. Íslenskar sjávarafurðir, Vátryggingarfélag Íslands hf. og Olíufélagið hf. urðu stærstu hluthafarnari og Geir Magnússon, forstjóri Olíufélagsins, leysti Bjarna Sighvatsson af hólmi sem formaður stjórnar.

Bankar þrýstu á sameiningu

Það er því hreint ekki síðari tíma saga að gusti um Vinnslustöðina og einhverjar stympingar eigi sér stað um félagið eða eignarhald þess. Bjarni rifjaði þannig upp að sjálfur hefði hann verið andvígur sameiningu Vinnslustöðvarinnar, Fiskiðjunnar hf. og Fiskimjölsverksmiðjunnar hf. á sínum tíma á þeim forsendum að öll félögin væru of skuldug.

Þessi sameining var samþykkt í kjölfar þess að hluthafafundur Vinnslustöðvarinnar staðfesti í desember 1991 að sameina móðurfélagið og dótturfyrirtæki þess: Lifrarsamlag Vestmannaeyja, Gunnar Ólafsson & Co hf. og Útgerðarfélagið Knörr hf.

„Vinnslustöðin var í raun ekki rekstrarhæf vegna skulda eftir sameiningu við Fiskiðjuna og Fiskimjölsverksmiðjuna en bankarnir keyrðu málið áfram til að reyna að bjarga eigin skinum. Vinnslustöðin sætti þannig miklum þrýstingi úr höfuðstöðvum Útvegsbanka Íslands í Reykjavík. Við höfðum ekki afl til að andmæla því sem verða vildi en mér hefur oft verið hugsað til þess hver staða Vinnslustöðvarinnar væri nú ef hún hefði unnið ein úr sínum málum en ekki verið sameinuð öðrum skuldugum félögum. Vinnslustöðin stendur vissulega vel núna og er stöðugt að styrkja sig en hún hefði getað orðið mun öflugri ef mál hefðu þróast á annan veg þarna. Um það er ég sannfærður.“

„Ryðhrúgan“ varð farsælt fley

Bjarni Sighvatsson rifjaði næst upp söguna um „Krissuna“, Kristbjörgu VE, sem Vinnslustöðin keypti skömmu eftir að hann tók við stjórnarformennskunni.

„Vinnslustöðin var þarna komin í þriðja sæti á lista yfir sjávarútvegsfyrirtæki sem höfðu yfir mestum aflaheimildum að ráða. Á fyrsta stjórnarfundum mínum sem formaður fékk ég heimild til að kaupa báta og auka við kvótann. Þá keyptum við Kristbjörgu í Þorlákshöfn. Hún leit ekki vel út, greyð, og grín var gert að mér fyrir að bæta „fjand-



Bjarni Sighvatsson heima hjá sér í Hraunbúðum, heimili aldraðra í Vestmannaeyjum. Á veggnum er mynd af föður hans, Sighvati Bjarnasyni eldri, fyrrverandi framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar.

ans ryðhrúgu“ við Eyjaflotann. Vorið eftir var hún tekin upp í slipp, sandblásin, máluð og snurfusuð. Útgerðin gekk framur vonum og á fyrsta ári komu Ingvi Geir skipstjóri og menn hans með um 1.200 tonn að landi. Síðasta árið gerðum við Krissuna út á línu. Fjármálastjóra Vinnslustöðvarinnar þótti sú hugmynd ekki gæfuleg en ég vildi fá að ráða og sú útgerð reyndist afskaplega ábatasöm. Reyndar tókst mér aldrei að tapa á útgerð yfirleitt!“

Bjarni byrjaði til sjós 15 ára gamall með Sighvati föður sínum og þeir fedgar sóttu sjóinn saman í þó nokkur ár en þá skildu leiðir um sinn.

„Pabbi var kröfuharður húsbóndi gagnvart sjálf-

um sér og öðrum. Árangurinn var í samræmi við kröfurnar og hann var alltaf með öfluga og trausta menn með sér í áhöfn. Hann gaf ekkert eftir og páskafrí voru til að mynda ekki til í orðabókinni hans. Við rerum á föstudaginn langa og páskadag því fiskurinn mátti ekki vera tveggja náttu gamall. Hann gætti alltaf hagsmuna Vinnslustöðvarinnar og vildi tryggja henni sem allra best hráefni, þótt við fengjum ekki meira greitt fyrir það.

Einu sinni undirbjuggum við síldveiðar að hausti og á meðan verið var að setja upp nótina vildi pabbi gera bátinn út á troll á meðan, undir minni stjórn. Ég færðist undan því, sagðist aldrei

hafa verið með troll og ekkert kunna með það veiðarfæri að fara. Bauðst hins vegar til að vera háseti ef hann fengi einhvern annan til að vera við stjórnvölinn. Nei, ekki við það komandi. Þú bara lærir! sagð'ann.

Við fórum austur á Vík og ég vildi kasta austan við Jökulsárhraunið, þar sem er mun betri botn, en lenti á sjálfu hrauninu. Fékk samt sjö tonn í fyrsta hali og kastaði aftur.

Undir miðnætti um kvöldið kom ég heim og hringdi í pabba: Jæja, þetta fór eins og ég spáði, sagði ég. Nú er ég kominn til baka með bæði trollin hengilrifin. Ég rek þig, svaraði hann að bragði. Ég spurði hvort ég ætti að fara strax eða vinna uppsagnarfrest? Hann vildi að ég yrði í eina viku og hætti svo. Það vildi ég ekki og fór.

Þannig lauk samskiptum okkar í bili og þau voru lítil sem engin næstu tvö árin. Svo jafnaði þetta sig. Ég fór að vinna í gúanóinu, sótti síðan um lóð fyrir eigið fiskvinnsluhús og byggði.

Þar er Godthab nú með aðsetur og nýlunda var að í vinnslusalnum voru engar súlur, sem vakti athygli.“

– *Vorud þið feðgar líkir húsbændur?*

„Veit ekki hvað skal segja en ég þótti víst nokkuð frekur á stundum og þrjóskur var ég líka! Einu sinni ætlaði Vestmanneyjabær að byggja vigtarhús á hafnarsvæðinu þar sem minnismerkið er. Áætlaður kostnaður var um 40 milljónir króna. Við höfðu ítrekað boðið bænum að kaupa frekar vigtarhús Vinnslustöðvarinnar en bærinn tímdi því ekki. Vinnslustöðin ákvað þá að gefa Vestmannaeyjabæ vigtarhúsið sitt og gerði það. Þar hefur hafnarvogin verið og er enn. Ég hafði komið daglega í vigtarhúsið og drukkið kaffi með Torfa vigtarmanni en sagði honum að þegar starfsemin væri komin í hendur hins opinbera myndi ég ekki drekka kaffi á kostnað Vestmannaeyjabæjar. Ég kom einu sinni inn fyrir dyr vigtarhússins eftir þetta. Þú sérð að þrjókuna skorti ekki!“

MYNDAUGAÐ



Hermann Kr. Jónsson og Hilmar Rósmundsson.



Þorvarður Gunnarsson, löggiltur endurskoðandi Deloitte, Kristín Gísladóttir, bluthafi í VSV, og Hörður Óskarsson, fjármálastjóri Ísfélags Vestmannaeyja.

„Þetta byggist á vinnu og skipulagningu með íslenzkt mannlíf í fyrirrúmi“



Sighvatur kannar hráfnis í einum fisklingum hjá Vinnslustöðinni.

Sighvatur Bjarnason forstjóri Vinnslustöðvarinnar í Vestmannaeyjum hefur í íratugi verið einn af höfudmönnum afstöðunnar og athafnamanna í Eyjum, en hann var tæpa 4 áratugi aflasell skipstjóri og aflakóngur og síðan forstjóri Vinnslustöðvarinnar í Eyjum, sem hefur að meðaltali 3–4 hundruð manns í vinnu. Sighvatur hefur um langt skeið verið einn af forystumönnum sjálfsstöðvanna í Eyjum og m.a. sat hann í heilastjórn fyrir sjálfstöðvumenn. Við höfðum með Sighvati á heimili hans að Ád í Eyjum og spjalluðum stuttlega við þennan kunnna athafnamann um æsku hans, sjómennsku og ömur störf. Fer viðtalid hér á eftir:

— Þú ert Stokkseyringur að aprarna, Sighvatur.

— Já, ég er fæddur 27. október 1903 að Útgörðum á Stokkseyri. Þar átt ég upp fram að fermingunni og var á sumrum í sveit í Hleppum. Frá 14–16 ára aldri var ég í Hrunamanna hreppi í Birtingarholti og sinnti þar stöfum eins og gengur og gerist í sveitinni.

Út í Eyjar kom ég fyrst í janúar 1919 og varð þá vetrarmanur hjá Steffni Gíslasyni í Ást. Lægt af ættinni hef ég verið í Ást. 1923 kvæntist ég konu minni Guðmundu Torfadóttur og hófum við eignast 8 börn, 6 stráka og tvær stólkur.

Nú, fyrst eftir að ég kom til Eyja var ég í aðgerð á vertíðum, en aflstútur er ég til Eyja 10. janúar 1926. Þá fékk ég ald skírningu og fékk á móti mér súð austan stórnaveður eins og það gerist verst við Eyjar. Þá vorum við á leið til Eyja frá Stokkseyri á bátinum Svölunni sem ég var með, en hann var 16 tonn að stærð. Í þessari ferð var ég að selja ferska mína út eftir og þeirra hlíðis ák vetrarþóka. Við vorum 22 tíma

til Eyja frá Stokkseyri í þessu óveðri. Eins hlútur, Guðafoss, fórt þar í þessu veði. Eðlilegt aglingalimi á Svölunni var um 3 tímar, en þetta ferðalag var svo haldur eftir þar soti um borð voru alls 27 menn.

1922 hóf ég róðra í Eyjum og var þá fyrst háseili á vöðbátinum Gústaf. Fyrst varð ég formaður 1925 á 12 toona bát, sem hét Ekk. Þá var ég búinn að vera tvö samur áður sástu á Langnesi með ársakip, en þá vorum við fjórir á Eftir þetta var ég aðbúið formaður í 34 vetrarvertíðir, að til ársins 1959 og 33 sumarvertíðir var ég á alldvöldum, reketum, aurpu og bringróti. Ég held að þér gerir það sem ég var með árið 1929 hafi verið fyrsti báturinn, sem fór heima með aurpu til veita fyrir nokkum.

— Hvernig var veitun hátt að á vetrarvertíðum á þessum árum?

— Breytingarnar hafa gátur lega orðið mjög miklar og marg þættar, en til dæmis árið 1925 var veitun hátt ekki ávísuð og nú. Framan af vertíð var lína og síðan voru lögð net, en þá var aðeins verið með 36 net í sjó miðað við um 150 til jafnaðar nú. Línan var á 12–14 bjóð á mikið 60–70 mála.

Ég eitthvað gekk voru slidar smurva skammtilega, en svo voru slidarleysið líka það drepisbúlegasta sem hægt var að hugna sér. Manni finnst náttúrulega alltaf skammtilegt á hvaða veitum sem er af fiskast, en alltaf þótti mér nú línan skammtilega velarfarit.

— Lentr þú oft í illvörðum á sjónum?

— Ékk er hægt að neita því, en við náðum alltaf landi hér í Eyjum nema einu nótt sem við lágu undir Eðlunni við Heimalettið vagna byta. Annars, kem yfirleitt lítið fyrir, það meiddist aldrei maður hjá mér svo orð þé á gerandi og aldre



Sighvatur Bjarnason, Heimaletti í bakgrunni.

Spjallað við Sighvat Bjarnason athafnamann í Vestmannaeyjum

Eftir Árna Johnsen

munni og mana fyrir borð. Þetta gekk alltaf eðlilega fyrir sig.

— Hveð telur þú afstöðvina vera, heppni eða náttúrugildi?

— Það fer innviðinnar mikils eftir krafti og dagnafi. Ungjóna sömi og dagnafi hljóða að ríða miklu. Maður veit ekkert um heppnina og oft var það óskiljanlegt hvað maður setti stundum í fisk tremur en aðrir. En það var ekki eins hægt að finna fiskinn þó ein og nú með sláum þessum tókum nýja deip anna.

— Réðu draumar nokkurn tíma ferðum þínum?

— Ég veit það varla. Það var eins og stundum hefði lagt svoona eitthvað í mann.

Ég man sérstaklega eftir tveimur skiptum, er ég hreinlega sáð yfir mig, en í bæði skiptin varð vilnaust veður.

Svo veit maður ekki stundum í þessu lífi hvað er tilviltun og hvað ekki þó að maður setji atvika og atburðina í sam band við ýmsing.

Ég var yfirleitt búinn að ákveða það kvöldið áður en lagt var í róður hveit halds skyldi, nema ef veður hamlaði.

— Nú hefur oft verið sagt að menn finni veðrið á sér. Hver er þín reynsla í því efni?

— Maður varð að reyna að fara eftir sjálfum sér eins og maður gat. Það er allveg ákvegi lagt að eftirstætt hafur hugnað mikils eftir því sem tókinnni hefur fleygt fram.

Gömlu karlarnir voru ári göggrir á veðurspárum, eiginlega svo að með ölkundum var, þeir sem stunda sjónu að alþjóðfalli að sökkru í veðurspáum spálfir með aukinni teki. En tókinn hefur líka sakið öryggi til mikilla mána. Það var strax minnst að fá vit ann á Þrúdranga, hvað þá þegar radarinn kom til sögunnar.

— Hvernig hófst þú útgerð miklur, Sighvatur?

— Ég fór í útgerð eftir fyrstu

verðinnu sem ég reit sem for-
maður. Þá keyptum við fjórir
Svöluna frá Færeyjum og ná-
um í hana þingul. Svölur höf-
aði 24 þúsund krónur og ég
held að hún hafi verið borguð
út í höfð. Að minnsta kosti átti
ég minur 6 þúsund krónur sem
fira beint á borðið.

Ekkí hef ég ná alltaf verið
úlgærdarmaður síðan. Við áttum
þessum bát 14 vörðir, en eftir
það dattur úr einn 9 eða 6 ár. Í
úlgærdarbráðum. Þá keypti
ég Erling, 22 tonna bát, austur
á Söndum þar sem hann var
strandabur. Hann strandaði þar
í ágúst um sumarið. Erlingur
var danskur bátur, slæg nýr og
þeir Daði og sýndu honum
upp átti að fara með hann beint
í Garðfirni, en þeir höfðu í stað-
inn beint upp á Meðalfunda-
sand rétt vestan við Skafthófi.
Þar sem hann lá þar komst
hann í eiga einhverra Reykjaví-
inga og tók þeir úr honum vél
ina og allt ætílegt. Þar kúrti
svo báttarnum um vestrinn. Vor
35 vörðir þar og austur og áhöf-
aði báttinn og keypti hann á 800
krónur þar sem hann lá og ef
mér heppaðist að ná honum út
og koma honum til Reyja átti ég
að borga 400 kr. í vörðir.

Það gældi nokkuð vel að ná
báttinum út. Ég fékk Gunnar
Murel Jónsson skipameis og
skipstjóra í 115 með mér í út-
gerðinni og hann umhyggði að
en báttinn sem var hvelvill mik-
il brotin.

Erlingur fór á flöt eftir 1933
eftir 2-3 ára dröf í landi og
hann gerði ég út, en var þó
þó sjálfur með annan bát. 1936
létum við svo byggja Erling II
og hann fór á flöt 1937 og ég
tók í upphafi við formennsku
á boðum. Saman 1937 fór ég
með Erlingana sem fylgibíla
á stöðveður fyrir Norðurlandi.
Formennskapurinn var í báðum bát-
inum, en þegar við vörum að
fiska fótum við yfir í annan bát
inn, en tvö voru eftir í hlömun
og elin. Síðan var flakkað í báða
bátina. Það þótti nú ekki stór
tr farnar nána, bláir báttar-
stóku um 700 mál. Það var nokk-
ur algengt að tvöir bátar væru
saman um nó. Þetta umar fíkk
stóru við fyrir 86 þúsund krón-
ur og það þótti mikill peningur.
Þá. Með veidum við út af
Norðurlandi.

Erling III keypti ég einn árið
1937 og var ég þá báttinn að
eigum Erling II. einn og seldi
hann þegar ég keypti þann
þriðja. Síðar eignaðist ég báta
í Erling IV. og V.

— Varst þú afköngur fyrsta
árið með Erling III?

— Nei, það var annað árið.
Síðan var ég með Erling III.
þar til 1949 og ég hætti til sjós.

— Þú vorst einn af þeim sem
stóðst í baráttunni fyrir því að
lundaða gúmmibjörgunarbát-
ana. Hvernig gekk það fyrir
sálgættinu dættum?

— Það er nú nokkuð flókið
mál, en upphaflega þar ég fékk
tillögu þess efna á fundi hjá
Verðandi, hvert ekki væri, unnt
að fá samþykkingu gúmmibjörgun-
arþinga um boð í skipa og not
aðra voru í flugvélar. Þar
myndu þó stóðst ekki sökva
með skipunum eins og svo al-
gengt var, um tréðina. Þessi
tillaga var síðan send Stjórn-
stjórninni og Sjávarmáttálg-
ingun, en ákært kom út. Ég því.
Tveim árum síðar keypti Kjart-
an Ólafsson úlgærdarmaður á



Myndin er tekið yfir Fríðarhöfna í Vestmannaeyjum, en stóra sambyggingin á miðri myndinni er Vinnustöðin hf.
Ljósni: Nób. Sigurgeir Jónsson.

litraun upphafinn gúmmibjörg-
unartöð á Kollavíkuvagvelli.
Þegar ég ná þann bát varð ég
með út um síðan þessum öftr
byggðan. Fyrsti báttinn, að
sem fékkist á Veigu, hét Kjart-
ana, varð síður til þess að
hjúga á söfnun af Veigu og
var það fyrsta björgunin í
gúmmibjörgunarbát hér við
land.

Eftir þetta tengu margir út-
gerðarmenn í Eyjum slíka báta
á skip sín, en þeir voru þó af
Skippæfirlitinu taldir ólögle-
gir. Ég held að allir Eyjabátar
hafi verið búnir að fá sér
gúmmibáta áður en það var
leyft, en þá var ágæt síðra
báta búið að annast meðal ann-
ars á söfnabátunum. Ólaf og
Guðrún, það var stórn í upp-
bati notkunar þessara báta í
Eyjum hjótt að þeir gátu mikla
trestur trébatunum stoppað yfir
skar og flóðir, en af vísu var
möguleiki á að þeir stífuðu, en
meiri líkur voru til þess að tré-
bátarnir brotnuðu í einhverjum
veðrum. Það lifa mýr ári frá
því að þessir bátar voru notaðir
fyrst þar til að þeir voru leyfðir
frá.

— Hvað um þóttbæna þina í
stjórnamálakránni Sjálfstæðis-
flokksins?

— Í um það bil 16 ár set ég í
hjárnarstjórna Vestmannaeyja fyr-
ir Sjálfstæðisflokkinn. Fyrst
var ég í þingsjórn 1960 til
1964 í minniháttu, en síðan í
12 ár í meiriháttu til 1966. Þá
fó ég úr þingsjórnunum og
var stjórnir á listanum eins og
hvert annað þjóðfólki í reit

inni. En eins og þú veist er það
kallad þjóðfólki, ef svarar köst
úr er með hliða blett á rúf-
um.

— Auk þingsjórnarmála
starfaðir þú mikil að flokksmál
um er luttu að sjónum, varst
lengi í stjórna Verðandi, í stjórna
sjómennafélagsins Jónna við
siofnum og td. í háttaræfnd í
20 ár, en hafstir þú gaman af
þingsjórnarmálum?

— Ég hafði varst gaman af
því. Ég er þessur gerður að
þegar ég er í skófeinu starfi er
ég allveg með hugan við það
og til dæmis hef ég verið komið
nálægt mínum úlgærdarmaðum
síðasta 10 árin, sem ég hef verið
15 háskólanámsgjafi og aðvilt
að stjórna stjórna fyrir það
þetta gengur aðföngla ekki
soma með öllu, ekkert eit.

Eins var þegar ég var í þings-
jórninni, þá var ég alltaf fyrst
og fremst sjómenn og mér
farnest hreinslaga að ég gæti
ekki einst þingsjórnarmála-
stafa og stjórna. Það þarf hliða
og dugnað í stjórnamálum og þeir
vandatal að vera búið til sjós
og í stjórnamálum, en þó meittu
nú stjórna vera hálfir, meira
til ráða í yfirlitinn sjávar-
vegna.

— Er vinnustöðin ekki með
stærstu fyrirtækið um landnauf-
ir? Sjálfstæðisflokkinn. Fyrst
söðin var stofnað 1960 sem
hlutafélag og hefur síðlegi
hætt vaxandi umvæf. Líklega
hafa ná um 300-400 manna
vinnu í sambandi við Vinnu-
stöðina.

Vélaöskur stöðvarinnar hefur
ávallt verið vaxandi og
fyrirtæki hafa aukist í hóf-
felli við það.

— Þónúskerfið hjá ýðkar
hefur reynst vel?

— Já, það hefur haft mikil
að segja. Raunverulega hefur
það fækkað fólkinu, en það sem
vinnur hefur mikla meiri pen-
inga sjú úr vinnunni. Raunveru
lega hefur þetta fyrirkomulag
gott, því að sa duglegi á að
hafa meira upp úr kröfnu.
Þónúskerfið er trimmalaust
beint veitastjórn, sem við höf-
um haft, því fókkuð vinnur langt
um betur en fyrir meiri
peninga. Þónúskerfið gerir
einnig á þessu fyrirkomulagi
því að með þessu þurfa við
minna af stöðunefndi en áður.

Hins vegar eru það þessar
breytingar og bevitna zveifar
í veitlakönnunum sem erfiðast er
að eiga við. Við höfum verið að
koma upp ýmsum tækjum til
dæmis: sláðarinnalutakjóm.
Svo hættu síðla að koma og
við stjórna eftir með dýr tæki.

Því er það mjög hæpfi fyrir
ekki þjóðfólki að byggja ein-
göngu á einum stöðunefni.

— En þessum við ekkí að
saka tæki í niðurnáði?

— Já vassalega. Það er sög-
legt hvað sú löngvein hefur yfir-
fær mistarnt hjá öðkur hlend-
ugum. Því erum við í vandræ-
ðum með hvað við höfum stór
fyrirtæki. Maður vinnur að þess
vinnu verði í þá átt að glömfra
efnana, sem boest á land með
fallri vinnuá hlendinu.

— Hvað um sjávarveginn í
framstjóðni?

— Aðvitað eigum við að
leggja áherslu á sem fókhefnt
aðra stöðunefni eins og ná er
stefnt að, með sökuum löðaði,
löngvein og stjórnu, en ég
er nú hræddur um að við þurf-
um nokkuð lengi að vera hálfir
sjávarstæðingarnir. Hitt er
að mér segir svo hagar að við
seum bláir að ganga af stöðugt
fiskirinnar aukar í höfðunefni
um og ég þarf hafi brein
lega verið í framni ríðarkla.
Það verður að leggja man meiri
áherslu en verið hefur á skipu
lagningu á sjávarstæðingnum,
því að sú stöðunefni er
grundvöllurinn fyrir hinar og
verður að vera í lagi.

Einangranarhugmyndirnar
eru að líta í löngu haldi og við
eigum að húsna um stærri þvill,
meiri stjórnu og stórkostu sjáv-
arstæðing. Það er ung, fók og
fókust, sem er að ganga úr í
sjávarna um þessu málum.
Það var líka ung fók og fjór-
ugt sem óst upp í flutningur
hótti fyrir hlátri öð. Það þarf
að vinnu markviss, en gleyma
þó ekki smásmáttum.

Maður gerir aðvitað villiga
ur, en það er klárar í þjóð-
inni. Öðkur hefur ekkí hvað
sem er eins og stjórnuþessum, og
því eigum við að gera öðkur
þjóðfólki einu skyrtanlega úr
garði og við trekast getum.
Þetta byggist á vinnu og skipu
lagningu með stöðugt málum
í fyrirtæki.

Vertíðir, verbúðalífið og Bubbi

„Verbúðalíf var dásamlegt að öllu leyti og mér þykir óendanlega vænt um minningarnar frá þeim tíma, enda einn af hápunktum lífs míns. Vertíðir og verbúðalíf mótuðu mig og vörðuðu lífsleiðina að miklu leyti. Án verbúðalífsins hefði Ísbjarnarblúsinn aldrei verið saminn og Bubbi Morthens ekki orðið til sem listamaður!“

Minningarnar ylja sýnilega upphafsmanninum að séríslenskum sprota í tónlistinni: gúanórokki. Bubbi kvaðst í upphafi samtals vera frekar tímabundinn en þegar hann hafði talað sig sjóðheitan um farandverkamennsku og verbúðalíf varð tíminn afstæður. Sögurnar runnu á færibandi líkt og þorskarnir forðum. Sögumaðurinn ljóm-aði. Honum lá ekkert á.

Leifar af uppköstum voru okkar Kjarval

Skyndilega stóð hann upp, þaut afsíðis, prentaði nokkur blöð úr tölvunni sinni, kom aftur í eldhúsið heima í Fagralundi við Meðalfellsvatn í Kjós, settist við borðsendann og frumflutti komumanni hluta af nýjum ljóðabálki, Hreistri.

Ljómandi sögumaður varð talandi skáld sem horfði um öxl og var mikið niðri fyrir. Sögusviðið var verbúð Vinnslustöðvarinnar og sögumaður sautján vetra strákur að sunnan á fyrstu vetrarvertíðinni í Eyjum.

Fjórtán herbergi, fimmtíu og sex sálir.

Verbúðin lyktaði af fiski, brundi, slori, rakspíra, ilmvatni, táfýlu, svíta, ákavíti, brennivíni, vodka.

Verbúðin ilmaði, þetta var lyktin sem ég elskaði.

Langir, fylgrænir veggir með blóðblettum, vínblettum, leifar af uppköstum voru okkar Kjarval.

Bubbi fór með sýnishorn af Hreistri mínútum saman. Ljóðastundin í eldhúsinu var mögnuð. Út í bílskúr fengum við meira að heyra. Skáldið vaknar um fimmleytið að morgni og skrifar til sjö. Fer þá með dæturnar í skóla í Mosfellsbæ og þjálfar kroppinn á líkamsræktarstöð, yrkir svo meira eða reynir að minnsta kosti. Stundum gengur vel, stundum miður. Andagift er kvikul skepna.

Hvað verður ef ég stend mig ekki?

Hreistrið er metnaðarfullt verkefni, ljóðabálkur í 44 köflum um vertíð og verbúðalíf. Myndir, atburðir, sögur frá Eyjum, Neskaupstað, Eskifirði, Bolungarvík og úr Ísbirninum á Hrólfskálamel á Seltjarnarnesi.

Bubbi er þarna kominn á upphafsreitinn, vinnur með lífsreynslu sína sem farandverkamaður og spannar þann feril. Upphafsreiturinn er undirstrikaður enn frekar með kunnuglegum tilvísunum í texta Bubba frá tíma gúanórokksins: Hrognin eru að koma, gerið kerin klár! Og svo framvegis.

Verbúðalífið er horfið og kemur aldrei aftur. Gúanórokkið er minnisvarði í tónum um liðna tíð. Á árinu 2017 kemur Hreistur að líkindum út á bók og rammar verbúðasamfélagið inn í ljóð í bálki sem bundinn er saman með hugsunum nýliða í hópi farandverkafólks níu langar andvökunætur.

Ég vaki aðra nóttina, þrugaður af heimþrá.
Hvað verður ef ég stend mig ekki?
Hversu lengi mun ég tóra
áður en menn sjá bleytuna á bak við eyrun?

Hrognin eru að koma! var hrópað.

Gólfíð titraði, ljósin komu frá hafi.
Öldurnar sleiktu borðstokkinn,
lyktin kom með vindinum
löngu áður en þeir lögðust að bryggju.

Iðandi silfurkös.

Kiljan hefði skilið okkur þessar natúr
sem sóttu að okkur með dekkhlöðnum bátum.

Gerið kerin klár! öskraði einhver.

Dugnaður, bardagaákefð, söngur og spil

„Kveikjan að Hreistri er sjálfsævisaga Theódórs Friðrikssonar, Í verum, sem kom út í tveimur bindum árið 1941. Hana las ég í þriðja sinn í fyrra og þar eru svaðalegustu lýsingar sem til eru á verbúðalífi á nítjándu öld. Ég velti fyrir mér hvað væri til af samtímalýsingu á verbúðalífi á tuttugustu öldinni en fann lítið. Þá ákvað ég að yrkja ljóð og segja þannig sögu mína sem verkamanns í frystihúsum og ferð þorp úr þorpi.“

– *Sker samfélagið í Vestmannaeyjum sig að einhverju leyti úr þegar þú berð saman byggðarlögin á Íslandi?*

„Já, já, fyrst og fremst er þetta eyjasamfélag og eyjasamfélög eru sérstök. Ég kom fyrst til starfa í Vestmannaeyjum árið 1974, strax eftir Heimaeyjargosið, og komst fljótlega að því að ég varð að hafa þrennt á hreinu:



Bubbi Morthens

Helgi Hannes Atlason

1. Dugnaður var dyggð, að vera nógu duglegur til að öðlast virðingu. Berserkir til vinnu öfluðu sér virðingar nánast sjálfkrafa.
2. Bardagaákefð þegar svo bar undir. Slagsmál voru þjóðarsport í Eyjum og fastur liður að mynda hringi utan við samkomuhúsin eftir böll til að slást. Sumir komu meira að segja beinlínis til Vestmannaeyja til þess að takast á við þekkta slagsmálahunda í röðum heimamanna. Þegar loðnuflotinn var í höfn vegna brælu flyktust aðkomusjómenn á böllin og tóku þátt í slagsmálum á eftir. Þetta var eins og í villta vestrinu.

3. Söngur og gítarspil. Í Eyjum er gríðarsterk sönghefð og ég hafði stundum á tilfinningunni að til væri gítar í hverju húsi og þar væri sungið og trallað. Ég spilaði á gítar, var vel partíhæfur og hafði meira að segja samið lög og texta í anda samfélagsins okkar í verbúðinni: Ísbjarnarblús, Stál og hnífur, Þorskacharleson og fleiri lög sem tekin voru upp og gefin út á plötum mörgum árum síðar. Ég tók eftir því að þegar venjulegir partíslagarar voru sungnir og spilaðir sló lítið á kliðinn í samkvæmum

en þegar ég tók lögin mín sló alltaf þögn á mannskapinn. Fólklustaði og sagði: Ég skil þetta, þú ert að syngja um mig og mína veröld. Þetta eru lögin mín. Ég hugsaði: Vá, þetta virkar!

Hjólaði í Stebba Run en játaði sig sigraðan

„Vestmannaeyingar eru afburðaduglegt fólk. Það er mikill dugnaður í samfélagi þeirra og samheldni, sem birtist reyndar bæði sem jákvæðir og neikvæðir þættir. Við aðkomumennirnir töluðum til dæmis stundum um þöggunina í Eyjum um hluti sem við höfðum ekki vanist að væru þaggaðir niður og gátu tengst heimilisofbeldi, kynferðisofbeldi og fleiru af því taginu. Þetta áttum við erfitt með að skilja.“

– *Það liggur nú ekki í augum uppi að þú hafir verið liðtækur í lið númer tvö á listanum þínum yfir eiginleika sem æskilegt var að vera búinn í Vestmannaeyjum. Varstu virkilega slagsmálhundur?*

„Ég slóst mikið, já, bæði í Reykjavík og á lands-



Á pallinum við húsið heima, Meðalfellsvatn í baksýn.

byggðinni. Það bara fylgdi þessu verbúða- og vertíðarlífi og var hluti af því! Við vorum eins og hanarnir sem sperra stél og reka út brjóstin. Ég var nefbrotinn þrisvar og er með laskaða hönd frá þessum tíma.

Hnefahögg voru líka á stundum liður í sjálfsprottinni „löggæslu“. Ég man til dæmis eftir atviki í verbúðinni í Eyjum þegar stelpu var nauðgað og við refsuðum gerandanum með barsmíðum. Ekki hvarflaði að neinum að hringja í lögregluna. Nauðgarinn forðaði sér suður með næstu flugvél og sást ekki frammar í Vestmannaeyjum.

Svo slóst ég einu sinni við sjálfan Stefán Runólfsson framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar eða reyndi það að minnsta kosti. Ég hafði ekkert í hann að gera! Stebbi Run var stjórnsamur og vildi hafa reglu á hlutunum í verbúðinni. Einu sinni kom hann inn í herbergið mitt og reif niður mynd af Maó formanni, sem ég hafði hengt upp á vegg. „Svona vil ég ekki sjá,“ sagði framkvæmdastjórinn ákveðinn. Hann var stór og sterkur en ég 67 kíló



að þyngd og 178 sentimetrar að hæð. Samt steig ég óhikað inn í hann, hjólaði einfaldlega í framkvæmdastjórnann. Hann þeytti mér frá sér eins og kettlingi þvert yfir gang, út í vegg.

Löngu síðar hitti ég Stebba Run og það fór vel á með okkur en kínverski formaðurinn fór ekki aftur upp á vegg. Eftir á að hyggja var það í góðu lagi, Maó var einn svæsnasti fjöldamorðingi sögunnar.“

Þetta atvik með Maómyndina kemur við sögu í texta lagsins Hrognin eru að koma sem kom út


á plötu Bubbs Ísbjarnarblús 1980. Eitt erindið hljóðar þannig:

*Uppá verbúð blómstrar menningin
komið og þið munuð sjá
slagsmál, riðingar, fylliri
Jack London horfa á.*

*Engin pólitísk slagyrði, Maó myndir veggjum á
þá færðu reisupassann vinur minn
staðnum verður, staðnum verður frystur frá.*




Listskreytingar í verbúð VSV.



„Bubbi Morthens minnst veru sinnar hjá okkur í bók sem skrifuð var um hann og hann sendi mér. Þar skrifar hann til mín góða kveðju og segist vita að hann hafi oft valdið mér miklum hausverk. Það er rétt að hann átti eins og fleiri við óreglu að stríða og gat orðið dálítið baldinn. Það kom fyrir að við þurftum að kíkja á Bubba en það voru margir verri en hann og Bubbi var mér enginn hausverkur. Hann var vissulega hörkutól en bráðduglegur strákur og góður inn við beinið, blessaður. Sama máli gegndi um bróður hans, Tolla, sem líka vann hjá okkur og er nú þekktur listmálari.“

Úr bókinni Stebbi Run, annasamir dagar og ögurstundir. Æviminningar Stefáns Runólfssonar. Óskar Þór Karlsson skráði. Bókaútgáfan Hólar gaf út árið 2008.



Helmassaður með lóð á lofti í Eyjum

– Í ljósmyndasafni Sigurgeirs Jónassonar er að finna mynd af Ásmundi Kristinssyni lyfta lóðum í Eyjum 30. desember 1978. Þarna birtist farandverka- maðurinn og gúanórokkarinn Bubbi Morthens sem vöðvasteltur lyftingamaður! Það er bjósna langt frá viðtekinni ímynd af vertíðafólki og verbúðalífi eða hvað?

„Ímyndin af vertíða- og verbúðalífinu var og er að þar hafi tilveran gengið út á að vinna, drekka, ríða og slást! Nokkuð til í því. Nei, það þótti hvort fínt né til eftirbreytni að vera í líkamsrækt og sýna

stælt vöðva. Við vorum samt nokkrir sem æfðum lyftingar í Eyjum með Gunnari Steingrímssyni, Hermann Ólafs, Jóa Henn – Jóhanni Heiðmundssyni, Óskari Sigurpálssyni, Gunnari Alfreðssyni og fleirum. Gunnar sagði einu sinni við mig og ég tók það trúanlegt: „Konur vilja bara hafa þá stælt!“

Já, svo keppti ég í lyftingum í Vestmannaeyjum og Sigurgeir tók af mér myndir, helmössuðum með lóð á lofti.“

Þeir sem lifðu af vertíð í Eyjum voru gjaldgengir í hvað sem er

– *Hvað situr eftir frá þessum tíma í þroskaferli Bubba Morthens?*

„Mjög margt, þetta voru mótunarárin. Ég kom til Vestmannaeyja sem óharðnað ungmenni en fullorðnaðist í öllum skilningi í vertíðarvinnunni og til sjós. Tolli bróðir tók mig að sér, fór með mig til Eyja og annaðist mig fyrstu tvær vertíðirnar eins og sannur stóri bróðir. Ég var ekki á sjó í Eyjum, heldur síðar en Tolli var um hríð í áhöfn Danska-Péturs VE.

Ég ólst upp í Vogum með bræðrum mínum og átti síðar heima í Reykjavík en lít miklu frekar á sjávarplássin á landsbyggðinni sem æsku- og uppeldisstöðvar mínar. Ég tengi mun meira við sjávarbyggðirnar en höfuðborgarsvæðið.

Verbúðin í Vestmannaeyjum var heimur út af fyrir sig. Þar kynntist fólk fyrir lífstíð, pör mátuðu sig í sambúð og sum hófu búskap með pott



Bubbi á tónleikum í Hafnarfjarðarkirkju 7. október 2016.

á suðuhellu. Sumum tókst að gera herbergin sín ágætlega heimilisleg, einkum stelpunum.

Fólkið í verbúðinni var merkilegur kokkteill af alls kyns týpum. Þarna var fólk sem lítið sem ekkert hafði lært til bókar, menntamenn sem bækur höfðu gleypst, sumir voru sýrubrenndir og með annarlegan þankagang. Þarna var fólk frá öðrum löndum, jafnvel fjarlægum heimsálfum.

Við unnum eins og brjálæðingar, í akkorði í aðgerð eða uppskipun. Tekjurnar voru í samræmi við það. Uppgrip.

Við blasti að þeir sem lifðu af vertíð í Vestmannaeyjum væru gjaldgengir í hvað sem væri, hvar sem væri.

Ég lifði af fjórar vertíðir í Eyjum og vertíðir fyrir austan, vestan og á Seltjarnarnesi. Sú lífsreynsla gerði mig að því sem ég er. Ég fékk andlegt hreistur fyrir lífstíð.“

Svissaði úr loðnu, rækju og þorski yfir í túrista í hvalaskoðun

„Sjávarútvegsfyrirtæki þurfa að vera öflug og stjórnvöld á hverjum tíma eiga að tryggja þeim umhverfi til að geta starfað af reisu. Endalaust þras um kvótakerfið er auðvitað ekki boðlegt. Ég hélt að sáttanefndin svokallaða, sem skilaði



Guðmundur Sveinbjörnsson í garðinum heima í Hveragerði.

áliti haustið 2010, myndi ná að sætta sem flesta en niðurstaðan hvarf undir stól og þrasið heldur áfram. Auðvitað fylgist ég með umræðunni af hliðarlínunni og hef líka gaman af því að fylgjast með fréttum af Vinnslustöðinni, sem orðin er afar stöndugt og gott fyrirtæki.“

Guðmundur Sveinbjörnsson horfði um öxl á sólríkum morgni í Hveragerði. Verslunarmannahelgin framundan og þau hjón að leggja í ann með hjólhýsið sitt og stefndu í uppsveitir Árnesýslu. Helgina áður hafði hann stýrt þéttsetnum

báti frá hvalaskoðunarfyrirtækinu Sérferðum um Faxaflóa.

„Þeir hlæja að mér vinir mínir frá því á sjónum forðum og rifja upp þegar hnúfubakar þvældust forðum daga í nótina hjá okkur á loðnumiðun-

um. Ég kunni hvölunum litlar þakkir fyrir uppátækið en leita nú beinlínis uppi hnúfubaka á sjónum til að sýna hrifnum túristum!

Við fluttum í Hveragerði fyrir fáeinum árum og ég ætlaði að láta gott heita með sjómennskuna en svo fór að ég réði mig til starfa sem skipstjóri í hvalaskoðun og hef gaman af. Mikið líf er í sjónum og hrein undantekning að við sjáum ekki hval. Samt hef ég ekki skipt um skoðun og styð hvalveiðar. Hnúfubökum hefur til dæmis fjölgað mikið og lítið vit í að friða þá. Hins vegar fer ekki vel saman

að veiða og sýna hvali á sama svæðinu. Hrefnur á Faxaflóa voru til dæmis spakar og syntu í kringum bátana en þær hafa annað hvort verið veiddar eða hnúfubakarnir hrakið þær á brott. Hrefnur, sem við sjáum á annað borð núna, eru greinilega stressaðar og styggar.“

Betri líðan á stálskipum en tréþungum

Guðmundur er borinn og barnfæddur Eyjamaður og fór að vinna í Vinnslustöðinni 14 ára eftir að hafa verið alls sex sumur í sveit í Norðfirði, Mýr-

dal og Vopnafirði. Sumarið 1960 fór hann á síld með föður sínum, Sveinbirni Hjartarsyni á Frigg VE-316. Sveinbjörn var meðeigandi í Vinnslustöðinni. Guðmundur erfði síðar hlut hans og var í varastjórn félagsins samfleytt í sex ár, frá 1986 til 1991.

„Ég var sjóveikur fyrstu árin og eiginlega leið mér ekki vel til sjós fyrr en ég fór á Halkion VE sem fyrsti stýrimaður og afleysingaskipstjóri árið 1972. Manni leið alltaf betur til sjós á stálbatum en trépungum.“

Halkion var seldur úr landi 1975. Þá var Guðmundur í eitt ár á Bjarnarey VE, sem Hraðfrystistöðin gerði út. Eftir það hugðist hann hætta til sjós eða í það minnsta gera hlé og gerðist umsjónarmaður vöruafgreiðslu Eimskipafélagsins í Vestmannaeyjum. Sá starfsvettvangur reyndist hins vegar vera of nálægt höfninni. Sjórinn togaði í kappann og hafði betur. Guðmundur gerðist stýrimaður á Ísleifi og fór þaðan á Vestmannaey.

Leið alltaf vel á Sighvati eldri

„Þá var komið að Sighvati Bjarnasyni, tveimur skipum sem Vinnslustöðin gerði út með því nafni. Ég var skipstjóri á báðum í samtals níttján ár og á góðar minningar frá því tímabili, einkum frá Sighvati eldri. Þar um borð leið mér alltaf vel. Áhöfnin var öflug og samheldin, vinnumórallinn góður og við höldum margir sambandi enn þann dag í dag. Við söfnuðum í ferðasjóði og fórum með eiginkonunum utan í tvígang, til Lundúna og Amsterdam, eftir gjöfular loðnuvertíðir.

Við vorum aðallega á loðnuveiðum, mikið í síld í Smugunni og á síldveiðum hér við land eftir að stofnar Íslandssíldarinnar styrktust.

Loðnuleysisárin 1982 og '83 fórum við á þorskanet og fiskuðum vel, vorum í 8. og 3. sæti yfir aflahæstu skip Eyjaflotans. Ég gat ekki verið



Guðmundur Sveinbjörnsson.

ósáttur við það. Eftir gagngerar breytingar á Sighvati vorum við líka á rækjuveiðum í sex sumur fyrir vestan.“

Óttuðust aldrei að eldsumbrotin eyddu byggðinni

Guðmundur var á Halkion þegar tók að gjósa á Heimaey í janúar 1973. Skipið var í höfn um nóttina, enda hafði verið bræla daginn áður. Systir Guðmundur bjó í Blokkinni í Eyjum (þessari einu sem til var í bænum og var því skrifuð með stóru búi og ákveðnum greini!). Fólkið í Blokkinni var vakið upp og systirinn fór í símann og ræsti bróður sinn, sem var þá sofandi heima.

„Svefnherbergisglugginn sneri mót austri og eldurinn blasti við þegar við litum út. Það sem við blasti var auðvitað algjörlega óraunverulegt. Ég átti bjór í kjallaranum eftir söluferð með ufsa



Forsíðumynd Vestmannaeyjablaðsins Frétta 26. febrúar 1987.

um haustið, þetta var fyrir tíma bjórs á Íslandi. Mér flaug í hug að sitja bara með björglas, horfa á bálið og bíða eftir að það brynni út og slokknaði!

Svo hringdi síminn aftur. Skipstjórinn á Halkion spurði hvort ég ætlaði ekki að drífa mig niður að höfn, fjöldi fólks væri kominn um borð til að forða sér frá Eyjum. Við fluttum yfir 200 manns til Þorlákshafnar í fyrstu ferð og sigldum síðan þrisvar þangað með búslóðir og fleira, þar á meðal fluttum við eigur skipverja á Halkion sem bjuggu næst gosstöðvunum og misstu húsin sín undir hraun.

Við fluttum til Njarðvíkur og leigðum íbúð þar í gosinu en efuðumst ekki um það, frekar en flestir aðrir Eyjamenn, að byggðin myndi bjargast. Halkion landaði loðnu í Vestmannaeyjum einu sinni á meðan gosið stóð yfir og við fluttum heim aftur eftir goslokin. Svartur vikur lá yfir öllu og heldur drungalegt um að litast en lífið færðist smám saman í fyrri skorður.“

Nær börnum og barnabörnum í Hveragerði

Um áramótin 1999/2000 færði Guðmundur sig um set og hóf störf hjá Skinney-Þinganesi, ný-

lega stofnuðu sjávarútvegsfyrirtæki á Höfn í Hornafirði. Hann flutti síðan búferlum þangað með fjölskylduna árið 2003 og var skipstjóri í 11 ár á Húnaröst, Jónu Eðvald og Ásgrími Halldórssyni. Ásgrímur var fjölveiðiskip sem keypt var notað frá Skotlandi og Guðmundur fór utan snemma árs 2000 til að sigla því heim.

„Okkur leið sérlega vel á Höfn. Þar er gott mannlíf og reyndar stóð ekki annað til en að búa þar ævina á enda en þegar á reyndi söknuðum við þess að vera ekki nær börnum og barnabörnum í Vestmannaeyjum og Reykjavík. Hveragerði varð fyrir valinu og hingað fluttum við. Hér er mjög gott að vera og ég held sambandinu við sjóinn með siglingum um hvalaslóðir. Skírteinið mitt rennur út um áramótin og kannski set ég þá punkt aftan við starfsferilinn. Ef Sérferðir vilja hins vegar að ég endurnýi réttindin og haldi áfram hjá þeim er ekki að vita hverju ég svara. Kemur í ljós.“



Risahal Guðmundar og félaga á Sighvati Bjarnasyni í Sildsar-smugunni.

GLENS OG GAMAN

Hús á sléttu og sparisjóðsvextir

Eitt sinn vann í Vinnslustöðinni náungi sem við nefnum Skalla. Hann setti það eina skilyrði við ráðningu að hann fengi frí frá störfum þegar þátturinn Húsið á sléttunni væri sýndur í sjónvarpinu.

Á þetta var fallist og alltaf lagði Skalli niður störf til að horfa á Húsið á sléttunni. Hann var sér á báti um fleira. Dag nokkurn var hringt á skrifstofu Vinnslustöðvarinnar úr Sparisjóði Vestmannaeyja og grennslast fyrir um hvort menn þar á bæ könnuðust við starfsmann er Skalli hét. Starfsmenn sparisjóðsins ættu í stökustu vandræðum með manninn.

Vinnulaun Skalla voru lögð inn á reikning í sparisjóðnum og nú vildi hann stofna tvo nýja reikninga og eiga peninga á þremur reikningum. Hvers vegna? Hann benti starfsmönnum sparisjóðsins á að inneign bæri 10% innlánsvexti og ef hann ætti þrjá reikninga fengi hann 30% vexti!

Hross og frárennslisstífla

Ólafur Guðmundsson var um árabil starfsmaður Vinnslustöðvarinnar og um tíma verkstjóri í vélflökuninni. Hann er skemmtilegur náungi og sér spaugilegar hliðar lífsins. Þór Vilhjálmsson var verkstjóri í móttökunni og átti á þessum árum hross sem hann var með suður á eyju, þar sem húsið Krókur stóð.

Þór fór oft í kaffitímum á morgnana til að gefa hrossunum. Einu sinni fór Óli með honum og myndaði Þór með fjórfætlingana sína. Nokkrum dögum síðar var komin ljósmynd á vegg í verkstjórákompunni og undir henni stóð: Þór með hrossin sín. Hann er hægra megin!

Einu sinni bar svo við að lagnir frá klósettum starfsmanna í vélasalnum höfðu stíflast. Óli verkstjóri bað um að úr yrði bætt en á því stóð. Hann ákvað þá að taka til sinna ráða, fékk lánaða loftbyssu og náði að losa stífluna. Óli var ánægður með þetta afrek sitt og kvaðst ekkert vera upp á iðnaðarmenn kominn.

Viku síðar átti Guðmundur Ásbjörnsson verkstjóri leið inn í „skötukompuna“ sem var á hæðinni fyrir neðan, beint undir klósettunum í vélflökuninni. Þar höfðu skólprör greinilega farið í sundur í loftinu og allt sem frá starfsmönnum í vélasalnum kom í klósett á einni viku hafði ekki farið lengra.

Vissulega mátti samt til sanns vegar færa að verkstjórinn hefði losað stífluna með loftbyssu.

Ég er ekki svöng

„Ég er ekki svöng,“ var gjarnan haft að orði, þegar við átti í Vinnslustöðinni. Tilsvárið átti sér sögulega skýringu.

Eitt sinn var unnið við að pakka saltfiski og meðal starfsmanna voru tveir „einhleypingar“, karl og kona. Honum leist vel á hana og var til í frekari kynni en það fylgdi sögu að konan gat verið býsna snögg upp á lagið. Hann herti upp hugann og spurði hvort hann mætti ekki bjóða henni út að borða. „Ég er ekki svöng!“ var svarið.

Þegar fram liðu stundir hefur konan líklega fundið til svengdar og rifjað upp gott boð úr saltfiskpökkuninni forðum. Alla vega rugluðu þau saman reytum og eru í hamingjusömu hjónabandi síðan þá.

Reynslubrunnar mjöls og lýsis

Reynsluríkasta sölu- og markaðsmann fiskimjöls og lýsis í veröldinni er að finna í Vinnslustöðinni. Svo einfalt er nú það.

Haraldur Gíslason – Halli Gísla man tímana tvenna frá því árið 1968 þegar hann fór af tilviljun að selja íslenskt mjöl og lýsi á heimsmarkaðinum. Eiginlega réði hann réði lífshlaupinu sínu að þessu leyti ekki sjálfur heldur teiknuðu forlögin það í skýin. Hann hafði farið til Englands og Þýskalands eftir próf í Verslunarskólanum og var kominn heim til Vestmannaeyja að vinna í byggingarvöru- og heildverslun föður síns forráðamenn Fiskimjölsverskmiðjunnar – FIVE höfðu samband. Fyrirtæki, sem annaðist erlenda sölusamninga fyrir mjöl og lýsi hafði farið á hliðina. Halli Gísla var beðinn um að hlaupa í skarðið og gerast sölumaður mjöls og lýsis á vegum FIVE. Hann sló til og þar með var lífshlaupið ráðið að miklu leyti.

Þegar Halli hóf ferilinn í Fiskimjölsverksmiðju Vestmannaeyja seldi hann 200-500 tonna farma af mjöli á ári í pappírspökun til margra viðskiptavina hingað og þangað um Evrópu. Tæpri hálfri öld síðar, á árinu 2016, selur hann 1.200-1.500 tonna farma af lausu mjöli til innan við tíu kaupenda í Evrópu. Hann þekkir persónulega fulltrúa framleiðenda og kaupenda í öllum heimshornum og var um hríð formaður alþjóðasamtaka framleiðenda fiskimjöls og lýsis.

„Kínverjar eru umsvifamiklir kaupendur og

halda uppi eftirspurn á mjöli og lýsi á heimsmarkaðinum. Verðið hefur aldrei verið hærra en nú og er reyndar orðið hátt fyrir fiskeldið líka. Áður var fiskimjöl notað í dýrafóður, meðal annars fyrir kýr, svín og alifugla en það tilheyrir sögunni til vegna þess að verð landbúnaðarafurða lækkar á sama tíma og mjölverð hækkar. Framleiðendur fiskeldisfóðurs bregðast við háu verði með því að minnka hlutfall fiskimjöls í fóðrinu.



Höfðingiarnir Haraldur Gíslason og Sigurður Friðbjörnsson við ketilinn Vigdís, sem nefndur var eftir Vigdís Hauksdóttur, fyrrverandi alþingismanni Framsóknarflokksins. Hún heimsótti eitt sinn Fiskimjölsverksmiðjuna og var afar ánægð með að hitta þar fyrir nöfnu sína.

Lýsismarkaðurinn er mjög breyttur líka frá því sem áður var. Sútarar keyptu til dæmis loðnulýsi til að nota við að súta skinn í bílsæti en það borgar sig ekki lengur. Íslenska lýsið fer allt í fiskeldið.“

Stöðugt spád í hráefnisgæðin

Annar reynslubolti í sama bransa, Sigurður Friðbjörnsson, hefur verið verksmiðjustjóri í mjöl-

framleiðslu Vinnslustöðvarinnar frá 1992 en hóf ferilinn sem samstarfsmaður Halla Gísla í Fiskimjölsværksmiðju Vestmannaeyja árið 1981. Hann man þá tíð að í lok loðnuvertíðar voru til í þróum í Eyjum 16.000 tonn sem brædd voru næstu þrjár vikurnar. Þannig var bara tilveran þá og bæði framleiðendur og kaupendur töldu slíkt ástand vera eðlilegt.

„Svona lagað gengi aldrei núna, því sama á við um mjöl og lýsi og aðra þætti í sjávarútvegi. Áður var mest hugsað um magn en minna um gæði, núna er stöðugt spáð í gæði hráefnisins, framleiðsluferlisins og vörunnar sjálfar. Við þælum stöðugt í gæðum.“

Upphaf fiskimjöls- og lýsisframleiðslu er rakið til beina, hausa og annars úrgangs í fiskvinnslu sem fór í „gúanó“. Slakasta hráefnið í lestum fiskiskipa endaði líka í gúanói frekar en á snyrtingarborðum frystihúsanna. Farið var að dæla upp loðnu úr sjó og hún varð helsti drifkraftur mjöliðnaðarins.

Svo breytist margt eða jafnvel allt. Það kann að gerast að kröfu markaðarins, vegna tækni framfara eða duttlunga náttúrunnar eða allra þessara þátta í senn.

Meira og meira er fryst af loðnu til manneldis, ef hún veiðist á annað borð. Kæling í fiskiskipum er önnur og betri en áður var og allur afli getur gæðanna vegna farið í gegnum flokkara og í frystingu. Meira að segja hausar og beingarðar hættu að skila sér í mjölvinnslu eftir að farið var að þurrka þessar afurðir fyrir kaupendur í Nígeríu. Sá markaður er að vísu í uppnámi nú um stundir vegna lágs olíuverðs og tilheyrandi efnahagskreppu í þjóðarbúi Nígeríumanna.

Vinnslustöðin bæði notar og framleiðir orku

Fiskimjölsværksmiðja Vinnslustöðvarinnar var endurnýjuð árið 1993 og eldþurrkun skipt út



Siggí Friðbjörns og Halli Gísla í sjálfu hjarta mjölvinnslunnar, stjórnunarrými værksmiðjunnar.

fyrir gufupurrkun. Kaflaskil í starfseminni í fleiri en einum skilningi. Unnt var að framleiða mun meira af enn betra mjöli en áður, með mun færri fólki. Fyrir breytingu höfðu verið fjórtán á vakt í einu þegar mest var á vertíð en eftir breytingu voru þeir einungis sex.

Öðrum áfanga var náð árið 2003 þegar nýr rafskautaketill var tekinn í gagnið til að framleiða gufu fyrir þurrkarann og olíubrennsla í framleiðslunni minnkaði jafnframt um helming. Í framhaldinu varð Vinnslustöðin í senn notandi og framleiðandi orku í Vestmannaeyjabæ.

Komið var fyrir varmaskipti í fiskimjölsværksmiðjunni og afgangsrorka nýtt til að hita upp vatn í veitukerfi bæjarins. Bakrásarvatn hitaveitu Eyjamanna er hitað í 70-75 gráður og það rennur síðan áfram til notenda í bænum. Þegar mest er lætur Vinnslustöðin Eyjamönnum í té orku sem svarar til 4-5 MW rafmagns og gæti gert mun betur ef fyrirtækið hefði aðgang að meiri raforku um dreifikerfið milli lands og Eyja.

Þetta fyrirkomulag stuðlar með öðrum orðum að því að notuð sé vistvæn innlend orka til að framleiða sjávarafurðir og draga um leið úr innflutningi olíu. Hvar eru umhverfissamtökin? Þau hafa sveifl- að grænum stimpli af minna tilefni en þessum.

Verkstjóri í Vinnslustöðinni í 48 ár

Ingi Árni Júlíusson – Ingi Júl er í hópi þeirra starfsmanna Vinnslustöðvarinnar sem lengstan starfsaldur eiga að baki. Hann vann í Fiskiðjunni í Vestmannaeyjum þegar Sighvatur eldri Bjarnason framkvæmdastjóri réði hann sem verkstjóra í tækjum frá og með 1. júní 1968. Ingi vann uppsagnarfrestinn í Fiskiðjunni til síðasta dags maímánaðar, birtist í Vinnslustöðinni morguninn eftir og hefur verið þar verkstjóri alla tíð síðan þá.

Starfsaldur í nær hálfa öld er nú bara þó nokkuð og Ingi unir bæmilega glaður við sitt. Að minnsta kosti er ekki að heyra að hann ætli sér að skipta

um starfsvettvang úr því sem komið er en það datt honum hins vegar í hug 1973 eftir fimm ár í Vinnslustöðinni. Þá stóð til að læra rafvirkjun.

„Sighvatur framkvæmdastjóri fékk mig ofan af því að fara í iðnnám. Hann sagði að þeir sem væru í fiski í Vestmannaeyjum yrðu aldrei atvinnulausir!“ Líklega var nokkuð til í því hjá honum. Ég valdi fiskinn og hef aldrei séð eftir því.“

Ingi Júl man tímana tvenna í starfsemi Vinnslustöðvarinnar og hefur meðal annars komið að vinnslu humars og bolfisks, flökun og frystingu síldar, loðnufrystingu og vinnslu loðnuhroga.



Ingi Árni Júlíusson – Ingi Júl.

Honum er ofarlega í huga brasið við að þróa framleiðsluferlið í loðnunni og krækja fyrir allar keldurnar sem urðu á vegi frumkvöðlanna við að flokka loðnu, hirða hrogn og þurrka þau þannig að til yrði verðmæt útflutningsvara.

„Stærsta tæknibyltingin var í síldarvinnslunni en breytingarnar eru líka miklar í loðnufrystingunni. Starfsmönnum fækkar en afköst margfaldast með nýjum vélum og tækni.“

Með Jóhanni Svarfdælingi suður

Ingi Júl er fæddur Ólafsfirðingur en fluttist með foreldrum sínum til Vestmannaeyja þriggja vikna gamall haustið 1946. Sagan segir að með í rútunni suður hafi verið Jóhann Svarfdælingur og að tekin hafi verið mynd af stærsta og minnsta Íslendingnum. Ingi Júl hefði ekkert á móti því að sjá mynd af sér og stórmenninu úr Svarfaðardal, hafi hún verið tekin á annað borð.

Foreldrarnir, Ólafsfirðingurinn Jakobína Jónsdóttir og Eyjamaðurinn Júlíus Sigurðsson, hófu búskap í Drífanda, fluttu þaðan að Landamótum og loks í Hólmgarð. Margir vinir Inga kenndu hann lengi við Landmót: Ingi í Landó.

Ingi vann í Fiskiðjunni í tvær vikur eða svo, tíu ára gamall, handleggsbrotnaði þá og starfsferillinn varð ekki lengri í bili. Hann átti eftir að vinna nokkrum sinnum síðar í Fiskiðjunni, meðal annars á sumrin með skóla og í tvö heil ár eftir gagnfræðaskóla. Hann þreifði líka fyrir sér í öðrum landshlutum, var í fiski í rúmlega eitt ár á Eskifirði og svo í eitt ár í Reykjavík að innrétta Lindargöturíkið sáluga, vínbúðina sem ÁTVR hafði við Lindargötu.

Leið kappans á vinnumarkaði hefði reyndar allt eins legið út á sjó, enda karl faðir hans síldarskipstjóri, fyrst á Má VE g síðan Sindra VE.

„Ég var fyrst á síld með pabba ellefu ára gamall og síðar eitt sumar á humarveiðum. Held að sjóveikin hafi orðið til þess að ég lagði sjómennskuna ekki fyrir mig. Það var helst í kolvitlausu veðri að mér leið vel til sjós! Pabbi var sjóveikur alla tíð en harkaði af sér. Það hlýtur að hafa verið erfitt fyrir hann. Þetta var svipað hjá mér en ég kaus að fara í land og vera þar.“

MYNDAUGAÐ



Grímur kokkur undirbýr Vinnslustöðvarveisl.

Beint á handboltaæfingu í hráefnispró eftir vinnu

„Ég er hreykinn af því að starfa hjá vel reknu sjávarútvegsfyrirtæki og um leið róthneyksluð á þeirri óvægnu og óbilgjörnu umræðu sem á sér stað um sjávarútveginn og þá sem við hann starfa. Ásakanir og fullyrðingar sem yfir okkur ganga eru með ólíkindum og koma oft frá fólki sem veit betur eða ætti í það minnsta að vita betur,“ segir Ingibjörg Finnbogadóttir gjaldkeri Vinnslustöðvarinar. Hún er borinn og barnfæddur Eyjamaður,

fastur starfsmaður Vinnslustöðvarinnar frá hausti 1995 en kom allra fyrst við sögu í fyrirtækinu sem skólastelpa á vertíð.

„Upphafið var vinna í páskafríinu 1974, í þorskhrognum í Kína [hús sem gárungar kenndu við alþýðulýðveldið í austri]. Þá um sumarið og fjögur næstu sumur vann ég í Vinnslustöðinni með skóla en á átjándi ári, þegar ég var í Menntaskólanum að Laugarvatni, fékk ég sumarvinnu í



Ingibjörg Finnbogadóttir.

Útvegsbankanum í Vestmannaeyjum, átti síðar eftir að vinna í Útvegsbankanum á Seltjarnarnesi og á lögmannsstofu í Reykjavík í níu ár.

Ég æfði handbolta og keppti með Tý. Eitt sumarið var æfingasvæðið var opin hráefnispró Fiskimjölsværksmiðjunnar og því einungis yfir götu að fara úr Vinnslustöðinni beint á æfingu. Ég vann við að setja á borð þetta sumar. Þá styrktust upp-handleggsvöðvarnir verulega og ég varð fyrir vikið býsna skothörð um þær mundir!“

Hafði alltaf trú á að viðsnúningur tækist

Frá lögmannsstofuni – lá sem sagt leiðin á ný í Vinnslustöðina, fyrirtækið sem afi Ingibjargar, Þorsteinn Gíslason – Steini á Sjöfninni – tók þátt í að stofna 1946. Hún var upphaflega ráðin í starf ritara Sighvats Bjarnasonar yngri framkvæmdastjóra og gegndi sama hlutverki fyrstu framkvæmdastjóraár Sigurgeirs Brynjars Kristgeirssonar – Binna. Nú er hún gjaldkeri Vinnslustöðvarinnar.

Ingibjörg man tímana tvenna í starfsemi og rekstri fyrirtækisins. Erfiðleikatímar undir lok tíunda áratugar aldarinnar sem leið koma fljótlega upp í hugann. Þá voru kynntar miklar skipulagsbreytingar og fjölda starfsmanna sagt upp vorið 1999.

„Þá var hreint ekkert tilhlökkunarefni að mæta í vinnuna, enda ofboðslega erfitt og þungt andrúmsloft á skrifstofunni, í fyrirtækinu yfirleitt og í bænum. Skellurinn kom flatt upp á flesta en ég vissi sem ritari framkvæmdastjórnar að hverju dró. Það sem gerðist varð að gerast og ég hafði alltaf óbilandi trú á að það tækist að rétta fyrirtækið af og sigla því upp úr þessum djúpa öldudal, eins og kom á daginn.

Hins vegar leist mér ekki á blikuna þegar farið var að ræða sameiningu við Ísfélagið. Þau áform komu flatt upp á mannskapinn hér en gengu ekki eftir, sem betur fer.“

Stoðir Vinnslustöðvar voru þannig af ýmsum ástæðum heldur feysknar á þessum árum en margt hefur breyst á tiltölulega skömmum tíma. Nú eru stoðir undir rekstrinum styrkar, nýr togari í smíðum erlendis, byggingarframkvæmdir í landi og útgefnir launaseðlar nálgast að vera sjö hundruð þegar mest er um að vera og flest lausráðið fólk við störf. Gjaldkerinn hefur í fleiri horn að líta en nokkru sinni fyrr en hlakkar til nýs vinnudags á hverjum morgni. Af er það sem áður var undir lok aldarinnar sem leið.

Humar, svuntuverkfall, bankafrí, kamfórudropar

Þátttakendur í spjallinu: Þrír starfsmenn Vinnslustöðvarinnar: Ólöf Hauksdóttir, Fanney Hallgrímsdóttir og Hulda Ástvaldsdóttir og þrír fyrrverandi starfsmenn fyrirtækisins: Sólveig Adólfssdóttir, Sigurlína Árnadóttir og Margrét Júlíusdóttir. Hvað hver þeirra sagði nákvæmlega verður ekki tíundað hér, enda aukaatriði. Þær tala hver fyrir sig og allar fyrir hópinn!

„Mér fannst ég fá meira útborgað þegar ég fékk seðla í umslagi. Þá keypti ég föt í hverri viku, borgaði bæði heim og í skyldusparnað en átti samt nóg aflögu til að djamma!

Já, munið þig þegar peningar voru taldir ofan í umslög á skrifstofunni í Hvíta húsinu við Strandgötu og svo röltu tvær konur þaðan með fjárfúlguna í tösku í Vinnslustöðina til að borga út? Engum datt í hug að hafa einhverja gæslu í kringum þetta og engum datt í hug að ræna konurnar; það þyrfti nú ekki að tala um svona lagað á okkar tímum.

Núna eru laun lögð inn á bankareikninga og við þurfum að borga bönkunum fyrir að spyrja hve mikið við eigum inni hjá þeim!“

Líflegar og fjörugar umræður sköpuðust dagstund í sumar þegar hóað var saman sex Vinnslustöðvarkonum til að rifja upp sögur í gamni og alvöru úr leik og

starfi á vinnustaðnum. Þrjár viðmælenda eru starfsmenn félagsins, hinar þrjár fyrrverandi starfsmenn. Spjallið varð opinbert trú nó eða þannig.

„Kosturinn við að fá borgað inn á bankareikning var sá að við fengum bankafrí á föstudögum. Það var æðislegt! Vinnslustöðin samdi við starfsmenn um að þeir fengju hálf tíma, annað hvort kl. 11:30 eða 14:30, til að fara í banka og taka út launin.“

Bankafrí af þessu tagi þekkist ekki lengur. Það gerir tveggja tíma matartími ekki heldur.

„Lífið var svo fjölskylduvænt hjá gamla Sighvati [Bjarnasyni framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar frá 1959 til 1974]. Við byrjuðum að vinna klukkan átta að morgni og fengum hádegishlé milli klukkan ellefu og eitt. Þetta langa hádegishlé var ætlað okkur húsmæðrunum. Þá var hægt að gefa skólakrökkum að borða, enda var þetta fyrir tíma máltíða í skólum. Við gátum líka sett þvott í vél eða útréttað ýmislegt. Hádegistíminn nýttist alltaf vel. Oft var unnið lengi fram eftir og algengt að við fengjum þrjá næturvinnutíma eftir kvöldmat.“

– *Hvernig var aðbúnaðurinn á vinnustað áður fyrr?*

„Við þær elstu í starfi byrjuðum sem unglingsstelpur í humri 1956 og 1956, fáeinum árum eftir að byrjað var að vinna humar í Eyjum. Beitu-stömpum var hvolfi í kringjum kerrur sem á var lifandi humar eftir löndun úr bátunum. Þarna



Hópurinn við fræga ljósmynd af Landakirkju í gosinu á Heimaey 1973. Standandi frá vinstri: Margrét Júlíusdóttir, Sigurlína Árnadóttir og Sólveig Adólfsdóttir. Sitjandi frá vinstri: Ólöf Hauksdóttir, Hulda Ástvaldsdóttir og Fanney Hallgrímsdóttir.

stóðum við volandi og slitum humarinn sem bæði beit og stakk. Við vorum hrikalega hræddar við kvikindin.“

– *Borðuðu þið humar á þessum tíma?*

„Nei, biddu fyrir þér. Engum datt í hug að taka humar með sér heim og við skildum ekki að nokkur maður vildi láta þetta ofan í sig. Okkur þótti humar fjarri því að teljast mannamatur!“

– *Það hlýtur að hafa verið ólíkt um að litast í Vinnslustöðinni þegar hér þyrptist að fólk af fastalandinu á vertíð og svo nú þegar lífið gengur sinn vanagang árið um kring?*

„Já, heldur betur. Allt sem er bannað nú var leyfilegt þá, það mátti gera allt! Við þurfum ekki að vera með húfu yfir hárinu og gátum verið kúl í vinnunni með tyggjó og nammipoka uppi á borði.“

Þegar aðkomufólkið kom í byrjun vertíðar sáum við það stundum arka reykjandi með ferðatöskur í útigöllum gegnum vinnslusalinn áleiðis upp á verubúðarloftið. Við vorum ein augu!

Sumt vertíðarfólkið var vant, aðrir höfðu varla séð fisk og kunnu ekkert til verka. Dæmi voru um stelpur sem vildu ekki snerta fiskinn, fannst hann ógeðslegur. Þær entust nú ekki lengi, greyin. Sumir voru þekktir fyrr og síðar. Bubbi Morthens setti á borðið hjá okkur. Svo vann Shady Owens hjá okkur á fyrstu vertíð eftir gos. Þá voru hvítar, útsniðnar buxur í tísku og sumar stelpurnar mættu í þeim

í vinnu á morgnana beint af djamminu. Þá var mikið djammað.

Alltaf vantaði mannskap. Einn strákur hafði ráðið sig gegnum síma en mætti ekki til vinnu fyrsta daginn. Þegar haft var samband við hann um kvöldið sagðist hann víst hafa unnið baki brotnu allan daginn. Þá kom í ljós að hann gekk fram hjá Ísfélaginu á leið í Vinnslustöðina. Ein-

hver verkstjóri í Ísfélaginu sá til hans, kippti honum inn á gólf og skipaði honum að hefja störf. Stráksi hafi ekki grænan grun um að hann væri í vinnu á röngum stað en á réttum tíma.

Þeir voru margir, kynlegu kvistirnir í þessum farandverkamannahópi. Einn hvarf alltaf þegar Tommi og Jenni voru í sjónvarpinu og horfði á þá í setustofu verbúðanna. Annar réði sig upp á að fá að horfa á Húsið á sléttunni í hvert skipti sem sem sjónvarpið sendi út þátt í þeirri seríu!

Muniði eftir plastkonunni? Já, guð minn góður. Sú var dularfull og alveg sjúklega sýklahrædd. Hún gerði gat fyrir hausinn á sér á svartan ruslapoka og varpaði yfir sig pokanum eins og skikkju, lokaði ermum með einangrunarbandi, setti plastpoka utan um húfuna og hausinn á sér og setti upp gul skiðagleraugu. Minnstu munaði að við skærum af okkur fingur þegar hún birtist í vinnslusalnum í múnderíngunni. Plastkonan var ekki lengi við störf.“

– *Í dagblöðum fyrri ára má lesa að stundum hvessti í samskiptum ykkar og yfirmanna í Vinnslustöðinni. Þið voruð harðar í verkalyðsbaráttunni eða hvað?*

„Samstaðan var meiri í okkar hópi í Vinnslustöðinni en víðast annars staðar og dæmi voru um að kjarabætur, sem við náðum með hörku, væru hafðar sem viðmið í kjarasamningum í fiskvinnslu á landinu öllu. Það átti til dæmis við um svuntuverkfallið þegar við vildum að Vinnslustöðin borgaði vinnusvuntur okkar en ekki við sjálfar. Þá var mikill hasar. Verkakvennafélagið Snót var í málinu og baráttukonan Stella Hauks vann þá í Vinnslustöðinni og hafði sig mikið í frammi. Við náðum kröfum okkar í gegn og sú kjarabót fór beint inn í heildarsamninga sem undirritaðir voru á Akureyri.

Ef við vorum ekki ánægðar með eitthvað unn-



Sigurlína Árnadóttir og Sólveig Adólfadóttir.

um við hægt eða lögðum alveg niður störf. Stundum voru bónusútreikningarnir vitlausir og þá var tölvunum kennt um. Svo kröfðumst við þess að fá hærri bónus eða einstaklingsbónus á ný í staðinn



Hulda Ástvaldsdóttir.



Ólöf Hauksdóttir og Fanney Hallgrímsdóttir.

fyrir hópþónusinn sem fylgdi flæðilínukerfinu. Flæðilínan var illa þokkuð meðal reyndustu og fljótustu kvennanna í vinnslunni, enda ekkert réttlæti í því að þær fengju ekki meira borgað en hægfara konur og skólastelpur.

Þetta er svona enn í humrinum, sumarið 2016! Hingað koma þrælvanar konur í humarvinnslu og fá ekki meira borgað en fimmtán ára gamlir krakkar, sem er auðvitað hvorki hvetjandi né sanngjarnt.

Samstaðan í Vinnslustöðinni birtist líka í því að í okkar hópi átti enginn bágt. Við efndum til samskota ef þurfti að hlaupa undir bagga með einhverri konunni og einu sinni komum við að tælenskri konu, sem bjó með íslenskum sjómanni, grátandi við borðið sitt í upphafi vinnudags. Hún skildi ekki orð í ensku og gat ekki tjáð sem nema á tælensku. Við tókum ekki í mál að byrja að vinna fyrr en vitað væri hvað væri að og ræstum út íslenskutalandi, tælenska konu úti í bæ. Þá kom

á daginn að samstarfskona okkar átti alvarlega veikan son í Tælandi. Við gerðum það sem hægt var til að styrkja hana og styðja á meðan sambýlismaðurinn var á sjó. Þannig komum við fram hver við aðra.

– *Voru verkstjórnir ekki pirraðir?*

„Ábyggilega kom það fyrir. Við höfðum góða yfirmenn en gátum verið fjandi grimmar við þá. Stundum vorkenndum við þeim reyndar. Eftir á að hyggja; hugsíð ykkur hundrað konur upp og ofan í skapinu í launa- og kjaraprættum eða með þetta mánaðarlega. Margar mjög ákveðnar og létu ekki bjóða sér hvað sem var!

Við sýndum auðvitað okkar bestu hliðar gagnvart yfirmönnum þegar það átti við. Til dæmis héldum við Stefáni Runólfssyni framkvæmdastjóra, Stebba Run, hóf með tertum og fíneríi þegar hann hætti og gáfum honum húsbóndastól að skilnaði. Það var ekki á vegum starfsmannafélagsins heldur starfsmanna sjálfra. Undirbúningur samkomunnar barst til eyrna stjórnarformanni Vinnslustöðvarinnar. Hann bankaði upp á og var að grennslast fyrir hvort í uppsiglingu væri vinnustöðvun eða mótmælaaðgerð af einhverju tagi en svo var nú ekki.

Yfirmennirnir eru mannlegir og sýna það þegar við á. Inga Júlíusdóttir á borði númer sex var trúlega sveitungi Sighvats gamla framkvæmdastjóra og hafði sérlega gott lag á karlinum. Hann stoppaði alltaf lengi við borðið hennar og þau skröfuðu saman. Sykur var notaður í kryddblöndu fyrir síldina, munaðarvara sem skömmtuð var í verslunum og eftirsótt til dæmis í aðdraganda stórhátíða.

Einu sinni kryddsöltuðum við síld að hausti til og verulega mikið af sykri var afgangs. Þegar komið var fram undir jól sagði Inga á sex við Sighvat: Nær væri nú að gefa okkur þennan sykur til að

baka úr til jóla en láta hann liggja þarna engum til gagns. Sighvatur sagði ekki orð og gekk á braut. Daginn eftir var komið með sykur heim til okkar allra, gjöf frá Vinnslustöðinni.

Inga Júl var gamalreyndur starfsmaður starfsmaður í orðsins fyllstu merkingu og vann í Vinnslustöðinni fram yfir áttætt. Hún gaf sig ekki fyrr en flæðilínan kom til sögunnar í vinnslunni, hún vildi ekkert hafa af því fyrirkomulagi að segja.

Svo vorum við einu sinni að heilfrysta síld í Kína í skítakulda og vorum hreinlega að drepast. Sighvat framkvæmdastjóra ber þar að og Inga á sex segir: Gustukaverk væri nú að þú gerðir eitt-hvað til að halda á okkur hita. Hún átti við að hann færði okkur heitt að drekka. Sighvatur ansaði engu og fór. Þegar við komum inn í kaffistofu stóð þar vodkaflaska á borði! Við fengum okkur í staup og hresstumst nokkuð en verkstjóranum var ekki skemmt og ekkert um veitingar framkvæmdastjórans gefið. Hann tók flöskuna og við sáum ekki meira af henni.“

– *Blátt bann er við áfengi í sölum Vinnslustöðvarinnar nú en það hefur ekki alltaf verið svo?*

„Nei, sannarlega ekki. Muniði stelpur eftir þessari sem mætti með kampavínsflösku og glös inn í vinnslusalinn, sló úr tappa með hveli og bauð okkur að bragða með sér? Eða þessari sem kom slompuð eftir hádegismatinn og sagðist hafa hnakkrist svo við karlinn sinn í hádegishléinu að hún hefði ákveðið að kaupa fleyg í Ríkinu og staupa sig áður en vinna hæfist á ný?

Sumar voru rakari en aðrar og lyktuðu í samræmi við það. Kona nokkur hnusaði út í loftið og hrópaði upp yfir sig: Menn hafa bara staðið í kleinubakstri í hádeginu! Sú sem fram hjá henni gekk hafði nefnilega fengið sér ögn af kamfóru-



Margrét Júlíusdóttir.

dropum og frá henni barst „bökunarlyktin“.

– *Þegar öllu er á botninn hvolft hafa skipst á skin og skúrir í sambúðinni við yfirmenn og Vinnslustöðina en þið haldið tryggð við vinnustaðinn og eruð ekki að flakka á milli fyrirtækja eins og tíðkast í seinni tíð?*

„Vinnslustöðin er bæði stærsti vinnustaðurinn hérna og sá sem hefur rótgrónasta kjarna starfsfólks. Hér er fjöldi fólks sem á að baki tugi ára í vinnu og það hlýtur að segja sína sögu. Margir eiga sér fortíð í Fiskiðjunni og Fiskimjölsværsmiðju Vestmannaeyja, félögum sem sameinuðust Vinnslustöðinni. En að við höfum flakkað á milli fyrirtækja? Sækja um vinnu hjá Ísfélaginu til að kanna hvort grasið sé grænna handan við lækinn? Nei, það væri hreint framhjáhald!“

MYNDAUGAÐ



Mannfagnaður í tilefni fertugsafmælis Vinnslustöðvarinnar 1986.



Tvíburarnir Dúna og Sigga frá Héðinshöfða.



Ólöf Unadóttir frá Búrfelli; Ásta Þórðardóttir frá Bergi og Guðfinna Einarsdóttir, Hásteinsvegi 15B.

Fyrstu skrefin í loðnuhrognafrystingu

„Upphaf loðnuhrognafrystingar á Íslandi var í kjallara Vinnslustöðvarinnar árið 1972 á vegum Samfrosts. Óskar Einarsson og Árni Gíslason úr Hafnarfirði gerðu tilraunir með hrognaskiljur en þær tókust ekki sem skyldi. Árni tengdist Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Þá kviknaði hugmynd um að dæla loðnunni í geyma og láta hrognin setjast til botns í sjónum. Tveir geymar voru settir upp í Friðarhöfn með tilheyrandi aðstöðu og meiningin var að prófa þetta á vertíðinni 1973 en eldgosíð á

Heimaey setti strik í reikninginn,“ segir Magnús Bjarnason (Muggur) frá Garðshorni.

„Sjómenn og útvegsmenn gerðu sér grein fyrir því að fryst loðnuhrogn væru verðmæt sjávarafurð ef hægt væri á annað borð að ná utan um framleiðsluferlið með góðu móti. Gangs mátt að kaupendum vísun í Japan. Ákveðið var að taka upp þráðinn að náttúruhamförnunum loknum, á vertíðinni 1974. Það gerði Magnús, eini starfsmaður Samfrosts, sjálfur eða með iðnaðarmenn



Þór Vilhjálmsson t.v. og Magnús Bjarnason (Muggur) frá Garðshorni.

með sér eftir atvikum við að standsetja aðstöðuna í Friðarhöfn.

Þór Vilhjálmsson, síðar starfsmannastjóri Vinnslustöðvarinnar um árabil, kom til sögunnar þarna líka við að standsetja aðstöðuna, mála geymana í Friðarhöfn og tók síðan þátt í sjálfri starfseminni, stjórnaði og starfaði með Torfa Haraldssyni. Þriðji geymirinn í ferlinu var á vörubílpalli, notaður til að flytja loðnuna úr skipunum við löndun í geymana tvo í Friðarhöfn.

„Ég hafði heimild til að velja ferskustu loðnufarmana hvar svo sem skipin voru stödd í röðinni ef bið var eftir löndun,“ segir Þór. „Veldi ég skip aftarlega í biðröðinni vakti það takmarkaða kátínu hjá þeim sem voru framan við í röð. Einn skipstjórinn hótaði því til dæmis að dæla allri loðnunni úr skipi sínu í sjóinn í mótmælaskyni en lét ekki verða af því.“

Eftir að hrognin höfðu sest í geymunum var þeim dælt í tank á vörubílpalli og flutt í kör í fiskvinnsluhús og hreinsuð, sem var vandaverk. Benedikt Sigurðarson í stálsmiðjunni Klaka í Hafnarfirði smíðaði skilvindur að nota við hreinsunina. Þær voru prófaðar í Vestmannaeyjum en reyndust ekki nógu vel. Hins vegar tókst

að búa til vel ágætlega nothæfar skiljur í vélsmiðjunni Trausti í Reykjavík. Þær virkuðu vel og tók við hrognunum úr geyminum.

Vinnslan gekk brösuglega framan af. Hrognin þurftu mikinn þvott og voru þvegin í tromlu með fingerðu neti en það nægði samt ekki til fulls. Matthíasi Bogasyni hjá Ísfélaginu hugkvæmdist þá að nota tvær tromlur, þvo fyrst í tromlu með fingerðu neti og síðan í tromlu með grófara neti. Þá fór þetta að ganga.


Eftir þvott voru hrognin látin standa í ákveðinn tíma í körum áður en þau voru pökkuð til frystingar.

Loðnuhrogn eru aðallega fryst á Austfjörðum, Höfn, í Vestmannaeyjum og á landinu suðvestanverðu. Íslendingar höfðu frumkvæði í veröldinni að því að vinna og selja loðnuhrogn í samstarfi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna, fiskvinnslufyrirtækja og Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins.

Japanir eru langumsvifamestu kaupendur frystra loðnuhroгна. Þeir gera ákveðnar kröfur um þroskastig hrognanna. Þeir vilja að hrognin séu mátulega þroskuð, hvorki of né van í þeim efnum.

GLENS OG GAMAN

Hér um árið var bílastæði við gafli Vinnslustöðvarhússins lokað að vorlagi og starfsmenn fengu aðgangskort til að opna þar hlið, kæmu þeir akandi til vinnu og vildu leggja bílunum sínum innan girðingar. Þessar ráðstafanir voru gerðar til að koma í veg fyrir að aðrir notuðu stæðið en VSV-fólk, hverjir svo sem ættu þar að máli.



Þegar svo starfsmenn Ísfélagsins efndu til jólateitis á aðventu á sama ári virtust þeir hafa tekið bílastæðislokun granna sinna sérstaklega til sín og tóku út þá gremju á heimleið úr teitinu. VSV-fólk komu að hliðinu í henglum í birtingu daginn eftir.

Starfsmaður VSV henti gaman að atvikinu með teikningu. Þar ríkir glaumur og gleði Ísfélagsfólks um víðan völl og upp um vegg en friðsamt og kristilegt Vinnslustöðvarlið kyrjar á sama tíma sálma handan götunnar!



Litríkur þúsundþjalasmiður í stóli stjórnarformanns

Margt mætra manna hefur vermt stól formanns á stjórnarfundum Vinnslustöðvarinnar frá upphafi. Sá yngsti og litríkasti þar við borðsendann í sögu fyrirtækisins Siggí á Hvassafelli, fjórði stjórnarformaðurinn í röðinni frá upphafi. Hann fékk óvæntan stuðning beggja fylkinga, sem áttust við í eigendahópi fyrirtækisins, í stjórnarkjöri á aðalfundi 1976 og var kjörinn formaður stjórnar, liðlegar þrítugur. Þeirri stöðu gegndi hann samfleytt í tíu ár, gaf þá ekki kost á sér til endurkjörs, tók á síðustu stundu áskorunum um að hætta við að hætta en vantaði fáein atkvæði upp að ná kosningu. Aðrir hluthafar höfðu forritað stjórnarkjörið í ljósi þess að hann hugðist hætta. Siggí á Hvassafelli fagnaði hins vegar málalyktum og sneri sér að öðru. Þar var af nógu að taka.



Sigurður Óskarsson í stofu heima í Vestmannaeyjum.

Sigurður Óskarsson hafði aldrei verið við Vinnslustöðina kenndur nema sem unglingur í vinnu með skóla þegar hann var kjörinn stjórnarmaður í fyrsta sinn. Hann hafði aldrei unnið í fyrirtækinu og varla komið þar inn fyrir dyr nema rétt til að heilsa upp á föður sinn, sem var fjármálastjóri og stór hluthafi í Vinnslustöðinni. Siggí hafði meira að setja hrökklast úr viðskiptum við Vinnslustöðina með bátinn sinn, Guðfinn Guðmundsson VE!

Aflýsti Hvolsvallarferð, varð formaður

Örlögin spunnu sin vef. Óskar Sigurðsson, fjármálastjóri og löggiltur endurskoðandi, varð bráðkvaddur í júní 1969, tæplega sextugur að aldri. Synir hans tveir, Friðrik og Sigurður, fóru eftir það með eignarhlutinn í Vinnslustöðinni. Í aðdraganda aðalfundarins 1976 togust á tvær fylkingar útgerðarmanna í eigendahópnum.

Þeir bræður veltu fyrir sér á hvorn vagninn skyldi stökkva en ákváðu síðan að gera ekki upp á milli manna í reiptoginu, sleppa aðalfundinum og fara upp á Hvolsvöll án þess að fela neinum umboð sitt. Þá blasti við að ekki yrði fundarfært af því þeir áttu svo stóran hlut í félaginu!

Bræðurnir Óskarssynir fóru

til aðalfundar frekar en Hvolsvallar og þar brá til óvæntra tíðinda. Önnur fylkingin lagði að Sigga að bjóða sig fram til stjórnar. Hann náði kjöri og felldi jafnframt sitjandi formann, Guðlaug Stefánsson.

Þegar stjórn skipti með sér verkum í framhaldinu var Siggí kjörinn nýr stjórnarmaður og fékk stuðning úr báðum fylkingum sem tókust á í félaginu. Hann sá hreint ekki fyrir að það eitt að hætta við að fara á Hvolsvöll gæti dregið þvilíkan dilk á eftir sér.

Fyrstu stjórnarárin erfið

„Þarna fór í hönd erfiður tími en lærdómsríkur. Ég ákvað strax að vera ekki stjórnarformaður upp á punt og láta aðra ráðskast með mig heldur standa mig í stykkinu á eigin forsendum og vil meina að við það hafi ég staðið. Sjálfgefið var ekki að það tækist, þó ekki væri nema fyrir kynslóðabilið í stjórninni. Ég var þrettán árum yngri en sá næstyngsti og þótt ég hefði reynslu af útgerð og eigin rekstri vissi ég lítið um fyrirtækið og dótturfélög þess.

Það hjálpaði mér mikið hve samstarf okkar Stefáns Runólfssonar framkvæmdastjóra var gott. Reyndar átti ég gott samstarf við alla á skrifstofunni, við verkstjórana og bara alla aðra starfsmenn fyrirtækisins. Það var ómetanlegt. Eins átti ég oftast gott samstarf við stjórnina og átti þar dygga stuðningsmenn.

Ég kom mér fyrir á skrifstofu í Vinnslustöðinni og hafði þar aðsetur allan tímann sem stjórnarformaður. Fyrsta mál á dagskrá var að leggjast í fundargerðir, ársskýrslur og aðra pappíra til að segja sig inn í hlutina og læra að lesa í bókhald. Svo vildi til að fyrstu stjórnarárin mín voru afar erfið sjávarútvegsfyrirtækjum landsins, þar með Vinnslustöðinni. Verðfall á mörkuðum og tekju-



Siggí Óskars er hagar maður á tré, járn, plast og hvað annað. Í bílskúrnum er trésmíðaverkstæðið hans og þar verður til margar merkur gripurinn til nytja eða augnayndis.

samdráttur, offjárfesting í atvinnugreininni, verðbólga og basl yfirleitt. Við blasti svo að sótt var í helstu nytjastofna meira en þeir þoldu og við því var meðal annars brugðist með því að setja á kvótakerfið frá og með árinu 1984. Helsti drifkrafturinn í því máli, Halldór Ásgrímsson, tók við sem sjávarútvegsráðherra 1983 og var heilan dag með mér í Vinnslustöðinni til að setja sig inn í raunverulegar aðstæður fyrirtækis í greininni.

Lífið var sjaldan auðvelt og oft þurftum við yfirdrátt til að geta borgað út launin. Haustið 1977 ákváðum við að greiða ekki viðskiptabátum Vinnslustöðvarinnar viðskiptabónus vegna bágrar

stöðu fyrirtækisins það árið. Þegar árið var gert upp var samþykkt að greiða hluthöfum 10% arð, til helminga með peningum og hlutabréfum í Vinnslustöðinni. Þannig var líka hægt að slá fleiri flugur í sama höggi. Félagið átti alltof stóran hluta í sjálfu sér eftir að lög voru sett um 10% hámark og með arðgreiðslu í hlutabréfum var hægt að koma þeim hlutum í lag.“

Heilsaði daglega upp á verkstjórana

Siggi á Hvassafelli varð þarna raun hálfgerður atvinnustjórnamaður því hann settist í framhaldinu í stjórn margra félaga sem Vinnslustöðin átti að hluta eða öllu leyti. Hann var í stjórn Samfrosts (samstarfsfyrirtækis sem Vinnslustöðin og Ísfélag Vestmannaeyja stofnuðu 1972) og tók þátt í að stofna Samtog og varð þar varaformaður



stjórnar um tíma (útgerðarfélag sem Vinnslustöðin, Fiskiðjan, Ísfélagið og Fiskimjölsverksmiðja Vestmannaeyja – FIVE stofnuðu árið 1980).

Samtog gerði frá stofnun út þrjá togara, Klakk, Sindra og Breka og samdi síðar um smíði tveggja togara í Póllandi, Gídeons og Halkons, sem komu til landsins 1984. Eitt árið var Siggi útgerðarstjóri Sindra og Breka á vegum Samtogs og

hann tók þátt í að stjórna rekstri Tangans (Gunnars Ólafssonar & Co), var í stjórn Heimaeyjar, verndaðs vinnustaðar, og í stjórn útibús Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum, svo eitthvað sé nefnt.

„Mér fannst öllu máli skipta að fylgjast vel með því sem gerðist í félögum sem ég kom nálægt og lá til dæmis yfir framlegðarútreikningum í Vinnslustöðinni frá degi til dags. Þar sá ég í reynd að það margborgar sig að vera vakandi og bregðast strax við ef á þarf að halda. Einu sinni breytti flökunarvél sér og ef við hefðum ekki verið á verði hefði fiskur að verðmæti 1,3 milljónir króna farið á einum degi beint út í kassa með beinunum!

Daglega gekk ég um fyrirtækið og heilsaði upp á verkstjórana og fleiri. Fljótlega tók ég eftir því að ekkert samband virtist vera á milli verkstjóra í saltfiski annars vegar og í frystingu hins vegar, rétt eins og ósýnilegur veggur skildi þá að. Það sem gerðist á öðrum stað virtist ekki koma hinum við, sem var auðvitað ótækt. Ég kom því á að við hittumst þrisvar í viku yfir kaffibolla. Skilyrði var að spjalla í það minnsta í nokkrar mínútur um gang mála í fyrirtækinu og svo máttu menn kjafta í framhaldinu um heima og geima.

Kaffispjallið skilaði árangri og jók samheldni og skilning á heildarmyndinni í rekstrinum. Þessu kom ég til leiðar og var ánægður með það. Samtog var líka stofnað á minni vakt sem stjórnarformaður VSV, við vorum í ýmsum framkvæmdum



„Bílskúrssafnið“ hans Sigga Óskars!

í Vinnslustöðinni sjálfri og byggðum hús fyrir Tangann þar sem verslun Krónunnar er nú.

Eins lagði ég ríka áherslu á að virkja hluthafa VSV sem stjórnarmenn í dótturfyrirtækjum félagsins og sem félagslega endurskoðendur til þess að ekki sætu sömu menn í öllum stjórnnum. Jafnframt vildi ég tryggja góð tengsl stjórnarmanna og reyndi sjálfur að fylgjast sem best með gangi mála í dótturfélögunum. Með þessu móti jókst áhugi hluthafanna á dótturfélögunum og á velgengni þeirra.“

Hætti við að hætta á síðustu stundu en féll ...

„Ég varð reynslunni ríkari sem stjórnarmaður í Vinnslustöðinni og kynntist bæði fólki sem lagði hart að sér í þágu félagsins en líka eiginhagsmunaseggjum sem var slétt sama um félagið!

Þegar áratugur var liðinn fannst mér nóg komið og ákvað að gefa ekki kost á mér áfram á aðalfundi 1986. Þegar það spurðist út brá svo við að ég fékk áskoranir um að endurskoða þá afstöðu. Slík erindi bárust frá fólki í Vinnslustöðinni og henni tengdu og líka frá fólki úti í bæ.

Ég velti hlutunum fyrir mér og ákvað 20 mínútum fyrir aðalfund að slá til. Þá höfðu menn teiknað upp aðra atburðarás og gerðu ekki ráð fyrir mér í stjórnarkjörinu, eðlilega. Ég féll á örfáum atkvæðum, sem betur fer!

Þetta var orðið gott. Sumir vilja hanga á vegtyllum til dauðadags og helst lengur. Það á ekki við mig.“

Starfsmannafélag í meðbyr og mótbýr

Starfsmannafélag Vinnslustöðvarinnar var stofnað á áttunda áratugnum að frumkvæði Sólveigar Adólfsdóttur, sem starfað hafði í fyrirtækinu um árabil og beitt sér í félags- og kjaramálum þar og í verkalyðsmálum á vegum verkakvennafélagsins Snótar í Vestmannaeyjum. Fyrsta verkefni félagsins var að semja við Stefán Runólfsson framkvæmdastjóra um breytta vinnutilhögun á föstudögum til að lengja helgarfrí starfsmanna, fyrst og fremst í þágu þeirra sem ætluðu að verja helgi á fastalandinu, í sumarbústöðum eða í heimsókn-

um hjá ættingjum og vinum. Vinna hófst klukkan sex að morgni föstudags og hætt jafnan um hádegis. Þannig náðu starfsmenn seinni ferð Herjólfss til Þorlákshafnar á föstudögum.

„Fyrir mér vakti samt fyrst og fremst að efla fjölskyldulíf starfsmanna með því til dæmis að efna til ferða í Þórsmörk,“ segir Sólveig.

„Yfirmenn í fyrirtækinu töldu að vísu að þarna væri aðallega verið að stofna til fylleristúra en svo var hvorki meiningin né reyndin. Við fórum þrisvar í Þórsmörk; tvisvar í Húsadal og einu sinni



Sigursveit í röðri á sjómannadaginn 1980. Georg Kristjánsson, Stella Hauks með Guðmund, son sinn; Sirrý er í ljósa jakkanum og lengst til hægri eru Árný Hreiðars og Karen. Nöfn þriggja ræðara vantar.



Hópmýnd í Þórsmerkurferð Starfsmannafélags VSV.

í Bása. Ferðirnar tókust afar vel og eru eftirminni-
legar. Svo keyptum við sæti í leikhúsi og buðum
starfsmönnum á sýningar til að skapa þeim nota-
legar samverustundir utan vinnutíma. Þannig var
félagið líka hugsað.

Starfsmannafélagið var virkt lengi vel en logn-
aðist út af eftir sameiningu Vinnslustöðvarinnar
og Fiskiðjunnar.“

Upprisa en tvísýnt um langlífi

Starfsmannafélagið var vakið til lífsins árið 2000
og stjórn Vinnslustöðvarinnar lagði því til 2,5 millj-
ónir króna í stofnfé. Félagið var mjög virkt næstu
árin og stóð fyrir margvíslegum uppákomum og
skemmtunum fyrir starfsmenn, þorablótum,
síldarveislum, grillveislum og útivistardögum. Þá
var efnt til tveggja utanlandsferða í nafni starfs-
mannafélagsins.

Í seinni tíð hefur hins vegar minna farið fyrir
Starfsmannafélagi Vinnslustöðvarinnar. Hulda
Ástvaldsdóttir, stjórnarmaður í félaginu, og
Fanney Hallgrímsdóttir hafa skýringar á reiðum
höndum:



Pokahlaup í Þórsmörk.



Starfsmannadagur VSV í Vestmannaeyjum.

„Vinnan er svo svakalega mikil að fátt annað kemst að. Félagslífið viku. Eftir að makríllinn kom til sögunnar er meira að segja erfitt að boða til fjölskyldudags eða annarra álíka samverustunda.

Það þarf ekki mikið til kæta starfsfólkið og auka samkenndina. Einu sinni var ákveðið að lengja kaffitíma og fara inn í Herjólfsdal með Kók



Fjör í Þórsmerkurferð Starfsmannafélags Vinnslustöðvarinnar. Þuríður Georgsdóttir t.v., Erla Sigmarsdóttir (grímuklædd!) og Sigríður Karlsdóttir.

og Prins póló. Framkvæmdin var ekki flókin en þarna sátum við í klukkutíma í sólskinu, spjölluðum saman og komum aftur í vinnuna endurnærð og uppgíruð.“

MYNDAUGAÐ



Viðar Eliasson verkstjóri og Jóhanna Margrét Friðriksdóttir. Hún var um skeið formaður Verkakvennafélagsins Snótar í Vestmannaeyjum.



Starfsmenn heiðraðir í tilefni fimmtugsafmælis Vinnslustöðvarinnar 1996. Frá vinstri: Jóhann Kristjánsson, Hlödver Johnsen, Knut Andersen, Haraldur Hannesson.

GUÐFINNSSÖGUR



Guðfinnur Þorgeirsson var skipstjóri á Árna í Görðum VE-73 frá því báturinn kom nýr til Eyja árið 1971 þar til hann var seldur 1985. Eftir það var hann með nokkra báta á vegum Vinnslustöðvarinnar.

Fyrir tíð Árna í Görðum var Guðfinnur skipstjóri á Björgu VE-5. Svo stundaði hann sjóinn fram á síðasta æviárið á trillunni sinni.

Guðfinnur var í hópi harðsæknustu skipstjóra og sjósóknara í Vestmannaeyjum í sinni tíð, kröfuharður og ósérhlífinn en gerði jafnan ríkastar kröfur til sjálfs sín.

Hann lést árið 2012 á 86. aldursári. Af honum fóru sögur og lifa margar enn meðal þeirra sem til hans þekktu.

Björgunarhringurinn

Guðfinnur lauk farsælum skipstjóraferli sínum hjá Vinnslustöðinni og gerðist starfsmaður á netaverkstæði fyrirtækisins. Þá hafði hann keypt sér trillu, Ingu VE-74, sem hann réri á í frítíma sínum og var reyndar eini báturinn um dagana sem hann átti sjálfur og stjórnaði.

Skipaefirlitsmaður skoðaði Ingu og fann að því að ekki væri björgunarhringur um borð. Guðfinnur skellti skollaeyrum við aðfinnsluni og hafði að engu.

Svo kom að því að eftirlitsmaðurinn tilkynnti trillueigandanum að hann fengi ekki gilda skoðun á trilluna nema fjárfesta fyrst í björgunarhring.

Guðfinnur kvaðst verða við erindinu en með einu skilyrði: Skipaefirlitsmaðurinn yrði að segja sér hver ætti að henda björgunarhringnum til sín ef hann dytti í sjóinn, því hann væri alltaf einn til sjós!

Ræsti út þótt aðrir sætu heima vegna veðurs

Yngvi Geir Skarphéðinsson, systursonur Guðfinns og núverandi starfsmaður fiskimjölsverksmiðju Vinnslustöðvarinnar, þekkti frænda sinn betur en flestir aðrir. Hann byrjaði sjómennskuferil sinn með Guðfinni á Björgu VE árið 1964, þá einungis sextán ára, og var í áhöfnum Guðfinns árum saman á Björgu og síðar Árna í Görðum. Lítið var um mannbreytingar í áhöfnum Guðfinns, sem sagði sína sögu. Þar voru sömu karlarnir skráðir ár eftir ár, bæði menn úr Eyjum en einnig af fastalandinu, einkum úr frændgarði skipstjórans á Eyrarbakka.

„Guðfinnur var einn af okkur, hörkutól vissulega en góður vinur, stríðinn og jafnvel hrekkjóttur. Hann hafði ekkert á móti því að tuskast við strákana og fyrir kom að hann henti kínverjum úr brúarglugga út á dekk og þeir sprungu þar með látum. Hann var nefnilega flugeldaóður og birgði sig vel upp af sprengiefni í siglingum!

Guðfinnur passaði vel upp á mannskapinn og fylgdist alltaf vel með öllu á dekki. Meira að segja í vondum veðrum fór hann aldrei úr glugganum í brúnni og lokaði honum reyndar aldrei. Hann var því í sama pusinu og aðrir. Í stæstu gusunum stakk hann sér út í gluggaopið, lokaði því með sjálfum sér og fékk sjóbaðið ósvikið.



Yngvi Geir Skarphéðinsson

Hann var alltaf með hugann við sjóinn og ræsti menn út í vondum veðrum, þegar engum öðrum datt í hug að fara út. Við þekktum orðið okkar mann og settum út rúlluna, rúllugogginn á sinn stað og hakann líka um leið og báturinn losnaði frá bryggju þegar ekki viðraði til sjósóknar en við fórum samt á sjó. Guðfinnur spurði þá gjarnan með þjósti: „Hvern andskotann eruð þið að gera?“ og við svöruðum: „Nú, ertu ekki að fara út til að draga net? Allt á að vera klárt!“ Hann sigldi síðan þangað sem netin höfðu verið lögð, dólaði þar um stund en sneri oftar en ekki heim án þess að draga neitt. Ef við hefðum ekki gert allt klárt strax, hefði hann hins vegar fyrirskipað að gera klárt og reynt að draga eina trossu eða svo í veðri sem leyfði ekki að draga neitt úr sjó.

Ég man líka eftir verkfalli vörubílstjóra í Eyjum. Þeir sem höfðu ekki yfir vörubíl að ráða komust ekki á sjó af því enginn var vörubíllinn til að flytja veiðarfæri til skips. Guðfinnur lét það ekki á sig fá og lét áhöfnina bera netin, drekana og allt tilheyrandi niður á bryggju!“

Svartháflifur við gikt og sinaskeiðabólgu

„Ég var langyngstur um borð þegar ég byrjaði á Björgu og sjóveikur fyrstu árin. Óli Vestmann var kokkur og lagði mikið á sig til að koma ofan í mig mat. Seinna var mér sagt að Guðfinnur hefði sagt við kokkinn: „Troddu mat í strákinn, hann fær

eitthvað út úr því í kroppinn og ælir svo restinni!“ heldur Yngvi Geir áfram sögum um frænda sinn.

„Það þýddi ekkert að tilkynna sig veikan. Guðfinnur sagði þeim sem kenndu sér meins að koma samt um borð og liggja frekar þar. Hann fékk sjálfur kvefpest af og til en dreypti þá á norskum brjóstdropum og varð góður á ný.

Hann trúði því að menn gætu læknað sig sjálfir, ef þeir á annað borð kærðu sig um, og gerði það. Til dæmis fékk hann einu sinni blóðeitrun í fingur við að stinga sig á karfabeini. Komin var rauð rönd upp eftir handlegg og ég hvatti hann til að sigla í land og leita læknis. „Við tökum fyrst eitt hal enn,“ svaraði Guðfinnur. Skömmu síðar sá ég hann um borð með sýkta fingurinn og hendina alla í plastpoka. Hann hafði þá sett bómullarvisk í pokann, hellt vænum slurk af brennsluspritti yfir, stungið hendinni ofan í og lokað pokanum við úlnlið með límbandi. Þannig var hann í þrjá sólarhringa og sýndi mér þá að rauða röndin á handleggnum var horfin. Hann hafði drepð blóðeitrunina og höndin kom upp úr sprittbaðinu hvít og fín eins og á skrifstofumanni!

Guðfinnur hafði tröllatrú á lækningamætti háfslifrar og gaf áhöfninni fyrirmæli um að hirða lifur úr svartháfum og setja í málningardós sem hékk við mastrið. Þar voru lifrarnar svo mánuðum skipti, kasúldnuðu og urðu með tímanum hvorki geðslegar að sjá né að lykta af.

Óli Vestmann kokkur kvartaði að haustlagi undan gigtarverkjum í öxlum. Guðfinnur sagði honum að fara úr að ofan, náði í málningarfötuna, makaði lifarsullinu á axlir og bak, sagði honum að klæða sig á ný og leggjast til svefns. Lyktin var stæk en kokkurinn vaknaði verkjalaus.

Annar skipverji kvartaði yfir sinaskeiðabólgu. Guðfinnur makaði á hann úr málningarfötunni og bólga rénaði.“

Brúðkaupsnóttin

Yngvi Geir og Erla Fanný Sigþórsdóttir gengu í hjónaband í Vestmannaeyjum 27. desember 1969 og slógu upp veislu um kvöldið, eins og lög gera ráð fyrir.

Að morgni aðfangadags jóla höfðu Yngvi Geir og félagar farið með Guðfinni á sjó og lagt hampnet austur á Vík. Guðfinnur átti hampnet uppi á lofti, langaði til að prófa þau og fannst sem jólahátíðin væri kjörin til slíks. Hann velti fyrir sér að vitja netanna á annan í jólum en hætti við. Ekki vegna þess að einn úr áhöfninni ætlaði að kvænast með viðhöfn daginn eftir, heldur vegna þess að skipstjórinn áleit engan fisk að finna í netunum.

Um tvöleytið aðfaranótt 28. desember var hurð á herbergi hjónanna nýgiftu hrundið upp og inni á gólfi stóð Guðfinnur Þorgeirsson: „Ræs! Við erum að fara á sjó!“

Frú Erla varð fyrri til svara: „Á sjó? Þetta er brúðkaupsnóttin okkar ...!“

„Veit ég það en hann er löngu búinn að fá sitt!“ var svarið. Svo snerist skipstjórinn á hæl og hvarf.

Yngvi Geir vissi hvað klukkan sló, klæddist og fór til skips ásamt sex öðrum í áhöfninni. Í netunum voru um 50 tonn fiskjar. Hampnetin voru því til lukku og brúðkaupið að sjálfsögðu líka.



Morgunfundur í brú Gullbergs VE sumarið 2016. Frá vinstri: Sverrir Gunnlaugsson, skipstjóri á Gullbergi; Bergur Guðnason, stýrimaður á Gullbergi; Magnús Ríkardsson, skipstjóri á Drangavík og verðandi skipstjóri á Breka.

Fiskur, félagsmálastofnun, banki og heimavistarskóli

„Vinnslustöðin var ekki aðeins stærsti vinnustaðurinn í Vestmannaeyjum heldur samkomustaður líka og félagsmálastofnun. Útgerðarmaður leysti bát úr slipp eða starfsmaður lenti í hremmingum og þurfti fyrirframgreiðslu eða aðstoð til að komast á lygnari sjó. Þá var talað við framkvæmdastjóra Vinnslustöðvarinnar og hann brá sér í hlutverk bankastjóra. Upp úr stendur að þetta var skemmtilegur og lærdómsríkur tími. Fjögur hundruð starfsmenn sköpuðu mikil verðmæti en áttu það líka til á góðum stundum í vinnunni að vera með ærsl og gárungaskapur líkt og þeir væru í heimavistarskóla!“

Þetta sagði Ásmundur Friðriksson alþingismaður um fyrrum vinnustað sinn, Vinnslustöðina. Þeir Stefán Runólfsson hittust stundarkorn í Kópavogi í júní 2016 og litu um öxl.

Stefán var framkvæmdastjóri Vinnslustöðvarinnar frá 1974 til 1987 og réði Ása, þáverandi verkstjóra hjá Viðlagasjóði Íslands í Vestmannaeyjum, til starfa 1978 til að sjá um framlegðarútreikninga. Þegar Viðar Elíasson yfirverkstjóri fór suður í Fiskvinnsluskólann varð Ási yfirverkstjóri í hans stað en hætti árið 1984.

„Vildi einfaldlega vita hvort við gerðum rétt“ Stefán hafði áður verið yfirverkstjóri og síðar aðstoðarframkvæmdastjóri Fiskiðjunnar í Vestmannaeyjum. Þar áður var hann í Hraðfrystistöð Vestmannaeyja hjá Einari ríka og varð þar verkstjóri sextán ára gamall. Í Hraðfrystistöðinni fór hann fyrst að spá í framlegð af rekstrinum og keypti meðal annars dýra en öfluga vigt í Reykjavík til að vigta fiskinn fyrir flökun.

„Ég vildi einfaldlega vita hvað við fengjum út úr fiskinum sem kom í hús til vinnslu, hvort



Í eldhúsinu hjá Stebba Run í Kópavogi.

við værum að gera rétt og vinna í réttar umbúðir á hverjum tíma. Framlegðarútreikningar voru mörgum framandi á þessum tíma. Einar ríki sagðist til dæmis hafa rekið frystihús í áratugi en aldrei fyrr hugsað út framlegðina. Samt var hann dugmikill frumkvöðull og var til að mynda fyrstur til að frysta fisk til að selja á markaði í Bandaríkjunum,“ segir Stebbi Run, eins og Eyjamenn kalla hann gjarnan.

„Einar ríki var í raun fóstri minn og af honum lærði ég margt, ekki síst að sinna vel starfsmönnum og fylgjast vel með gangi mála í fyrirtækjunum. Ég skrifaði gátlista yfir þá þætti starfseminnar sem ég vildi fylgjast sérstaklega og reglulega með í Vinnslustöðinni, gekk um húsið á hverjum morgni og heilsaði upp á verkstjóra og fleiri starfsmenn. Við verkstjórana sagði ég gjarnan: Hlutirn-

ir eiga að vera svona eða á hinn veginn. Svo vil ég helst ekki þurfa að nefna það nema einu sinni.“

Smitaði verkstjórana með keppnisskapinu

„Það fór ekki fram hjá neinum í Vinnslustöðinni þegar vertíðin hófst,“ segir Ási. „Þá mætti minn maður með niðurbrett stígvél á sama tíma á hverjum morgni og fór sama hringinn í verkstjórakompurnar og á verkstæðin. Hann byrjaði í móttökunni, rölti gegnum vinnslusalinn og fékk sér kaffi í verkstjórakompunni í pökkunarsalnum þar sem púlsinn var tekinn á vinnslunni og hver staðan væri á óunnum fiski. Þá fór hann gegnum tækin, verkstæðið og kjallarann. Rúnturinn kláraðist klukkan hálf tíu. Það mátti stilla klukkuna eftir því hvenær Stebbi Run birtist og hvenær hann hvarf úr húsi.



Stefán Runólfsson og Ásmundur Friðriksson, samtíðarmenn í Vinnslustöðinni á sínum tíma.

Prisvar í viku var verkstjórakaffi, sem við kölluðum svo. Þá sat hann við borðsendann og við fórum yfir málin. Stundum mætti Muggur vinur okkar í Garðshorni sem gestur fundarins og þá voru sagðar skemmtisögur af mönnum og málefnum. Tilgangurinn var að fara yfir málefni fyrirtækisins, stöðu vinnslunnar og skipuleggja hana fram í tímann. Ákveða með landanir togara og annarra viðskiptabáta fyrirtækisins. Á þessum árum voru 30 netabátar, stórir og smáir í viðskiptum og dagsaflinn gat farið í 600 tonn af óslægðum fiski. Það þurfti viðbúnað til að taka á móti þessum afla og svo lönduðu togararnir vikulega yfir vertíðina.

Sölumiðstöð Hraðfrystihúsanna gaf út framleiðslutölur í hverjum mánuði. Stefán kom með þær upplýsingar í verkstjórakaffið, aðallega til að halda okkur upplýstum en hann bjó yfir miklu keppnisskapi sem hann smitaði verkstjórana af. Ef Vinnslustöðin var ekki í efstu sætum varð að taka á því og bæta stöðuna á framleiðslulistanum. Þannig voru menn á tánum í öllum málum alla daga.“

Vinnslustöðin í frumkvöðlahópi

Í Vinnslustöðinni störfuðu um 400 manns til sjós og lands þegar mest var á þeim árum sem Stebbi Run og Ási störfuðu saman í fyrirtækinu.

Þá voru vertíðar sem rötuðu í sögubækur, mestu fiskveiðiárin sem um getur, viðmiðunarárin þegar fiskveiðistjórnarkerfið var lögfest.

„Við vorum með 30 til 40 báta í viðskiptum og heilu fiskfjöllin urðu til í móttökunni. Unnið var í aðgerð frá morgni til kvöld á hverjum degi og oft á sunnudögum líka,“ segir Ási.

Þarna hófst loðnufrysting og loðnuhrognafrysting á Íslandi, afar mannfrek framleiðsla í upphafi. Það þurfti nánast að stöðva alla aðra vinnslu í húsinu og nota mannskapinn í að tína karlloðnu úr aflanum á færiböndum. Fryst var allan sólarhringinn. Vinnslustöðin var í frumkvöðlahópi hérlandis á þessum sviðum og sömuleiðis fyrst til að setja flök í pólýfosfat bað fyrir frystingu til að halda betur vökva í fiskinum. Útibú Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins var undir þaki Vinnslustöðvarinnar og starfsmenn hennar og starfsmenn þessu unnu að þessu og fleiru með Vinnslustöðvarfólkinu. Nú er pólýfosfat alþekkt í fiskvinnslu og kjötvinnslu en þarna voru fyrstu skrefin stigin.

Berdreyminn bakaradrengrur varð reynslubolti í brúnni

Hann hefur marga fjöruna sopið og margt reynt um dagana. Var til dæmis kokkur á póstbátnum Drangi í áætlunarferðum milli hafna við Eyjafjörð og í Grímsey, bakaradrengrur í Vestmannaeyjum eitt sumar og segist hafa gert Binna í Vinnslustöðinni að manni í veiðitúr á Bergey VE sumarið 1983.

Snemma árs 1973 var hann á heimleið með Vestmannaey VE frá Japan og heyrði í gegnum brak og bresti í útlendri útvarpsstöð, þar sem skipið var statt á Kyrrahafi miðju, að eldgos væri hafið í Heimaey og níu manns hefðu farist. Þær fréttir voru afar óþægilegar en sem betur fer ósannar að því er mannskaða varðaði.

Hann sá aldrei framar húsið þeirra Kolbrúnar Þorsteinsdóttur að Urðarvegi 10. Það fór undir hraun og var þar með úr sögu.

Drangavík VE verður endastöð

Sverri Gunnlaugsson skipstjóra dreymdi ekki fyrir Heimaeyjargosinu en hann dreymir margt og sá meðal annars rækilega fyrir að Meitillinn í Þorlákshöfn yrði sameinaður Vinnslustöðinni árið 1996. Þá var hann skipstjóri á þriðja skipinu sem Meitillinn gerði út og nefndi Jón Vídalín. Þeir Vídalín urðu báðir VE við sameininguna.

Sverrir færði sig síðan yfir á Gullberg VE árið 2005 og gerir svo ráð fyrir að enda skipstjóraferil sinn á Drangavík VE. Þar ætlar hann að setja lokapunktinn þegar þar að kemur.

Bæði Vinnslustöðin og Sverrir eiga afmæli í desember. Hún fagnar sjötugsafmæli 2016 en hann verður sextíu og átta ára. Með fullri virðingu fyrir Vinnslustöðinni er Sverrir ögn unglegrí á að líta. Fjarri fer því samt að öldrunarmerki sjáist á fyrirtækinu.

„Ég telst víst berdreyminn en átta mig stundum ekki á boðskap drauma fyrir en síðar. Rétt áður en tilkynnt var um sameiningu Meitilsins og Vinnslustöðvarinnar dreymdi mig að við værum á leið til Þorlákshafnar í ólgusjó en komumst aldrei að Meitlinum af því búið var að grafa mikinn skurð í kringum fyrirtækið. Við vor-



Stefán Gunnlaugsson á beinni línu í brúnni.

um í brotum og djöfulgangi fyrir utan höfnina og gátum ekkert að gert. Komumst aldei til hafnar.

Nokkrum dögum síðar dreymdi mig svo að ég væri í brú Jóns Vídalíns og Sæli, pabbi Guðmundar núverandi skipstjóra á Brynjólfi, var stýrimaður. Mér var litið út og segi upphátt: Hvert ertu kominn maður? Við vorum þá að renna fyrir Klettsnefið í Vestmannaeyjum á leið til hafnar, í innsiglingunni að toga!

Útilokað var að beygja og snúa við. Ég rauk í að hífa og upp komu hlerarnir og síðan trollið, gjörsamlega kjaftfullt af fiski svo út úr því vall. Svona lónuðum við inn og fólk í hópum á öllum bryggjum. Enginn virtist kippa sér upp við það sem fyrir augun bar. Við komum til hafnar eins og ekkert hefði í skorist.

Hvað gerðist svo? Meitillinn var sameinaður Vinnslustöðinni, Jón Vídalín varð VSV-togari, ég fylgdi með og yfir 7.000 þorskígildistonna kvóti! Allt þetta skilaði sér í draumunum.“

Sjómennska með viðkomu í bakarínu hjá Sigmundi

Sverrir fæddist og ólst upp á Siglufirði en kom til Vestmannaeyja 18 ára gamall á vertíð í Vinnslustöðinni snemma árs 1966. Hann vildi frekar vinna en sitja á skólabekk nyrðra. Á Sigló var lítið að hafa en móðir hans átti bróður í Eyjum, Sigmund Andrésson bakameistara, og hafði samband suður. Bakarinn tók við frænda sínum og kom honum í fisk. Sú vertíð stendur í raun enn yfir.


Um vorið tók Sverrir bílpróf og var í útkeyrslu með brauð og kökur en bakaradrengur vildi hann ekki vera til lengdar. Sjórinn togaði í hann og um veturinn var hann fyrst á Huginn, svo Hamrabergi og sumarið 1967 á síld á Ófeigi. Þá fór hann á Berg VE og var þar samfleytt í 25 ár, að undan-

skildu námi í Stýrimannaskólanum í Vestmannaeyjum veturna 1970-1972.

Langbesta sjóskipið dæmt ósjófært

Sverrir hefur alla tíð verið búsettur í Vestmannaeyjum en um árabíl var hann skipstjóri hjá Meitlinum í Þorlákshöfn, með þrjú skip sem öll báru heitið Jón Vídalín.

„Sá fyrsti var albesta sjóskip sem ég nokkru sinni verið á og haggðist ekki sama hvað á gekk. Hann var smíðaður á Spáni og leið alltaf áfram eins og önd á polli! Einhverra hluta vegna var þessi Vídalín dæmdur ósjófær og ónýtur í höndunum á okkur. Það var mér og mörgum fleirum alveg



Stefán og Gullberg VE: „Frábært skip, öflugt og vel græjað en veltur óþarflega mikið.“

óskiljanlegt og er enn. Held helst að skýringin hafi verið mikil kergja í samskiptum eftirlitsmanna Siglingamálastofnunar og Meitilsins.

Vídalín númer tvö var algjör andstæða þess fyrsta, ómögulegt sjóskip sem bilaði aftur og aftur. Þegar stimpill í vélinni hrundi í áttunda sinn taldi útgerðin nóg komið. Þá fengum við Hoffell SU, sem varð Vídalín númer þrjú hjá Meitlinum og síðar VE í eigu Vinnslustöðvarinnar. Ég var með hann áfram, allt til þess að Vinnslustöðin keypti Gullberg VE árið 2005.

Vistaskiptin voru satt að segja kærkomin, ég var orðinn hálfleiður á Vídalín. Gullbergið er frábært skip, öflugt og vel græjað, en veltur óþægilega mikið, enda eru ekki í því veltitankar.

Ég sé eftir Gullbergi, ef það verður selt, en til stendur að ég taki þá við Drangavík. Þá má segja að ég hafi minnkað við mig í áföngum og sé kominn á upphafsreit!“

Þorskur um allan sjó

Sverrir Gunnlaugsson er einn reynsluríkasti og farsælasti skipstjóri íslenska fiskiskipaflotans. Hann er kóngur í sínu lífríki.

„Fiskveiðistjórnunin hefur skilað miklum ár-

angri og staðan í sjávarútvegi er í stórum dráttum góð. Mikið líf í sjónum en greinilegar breytingar í lífríkinu sem fylgir trúlega hlýnun sjávar. Óhemju mikill ufsi veiðist til dæmis fyrir norðan en ekkert hér á áður hefðbundnum ufsaslóðum fyrir sunnan síðustu árin. Það er mikil og afgerandi breyting.

Þorskstofninn er í góðu standi og karfinn sömuleiðis. Þar væri hægt að auka við veiðiheimildir. Ekkert mál er að ná í þorsk og reyndar er meiri vandi að veiða ekki of mikið af honum. Kannski hefði mátt slaka á fyrr, til að koma í veg fyrir að þorskurinn fari að éta undan sér, eins og ýmislegt bendi til að geti verið að gerast.

Þrátt fyrir þetta verður að halda vel utan um veiðistjórnina og riðla ekki kerfinu sjálfu, sama hvað þeir heimta, trillukarlarnir!“

MYNDAUGAÐ



Starfsmenn fiskimjölsverksmiðju VSV fyrir nokkrum árum.



Dóra Þórarinsdóttir og Elsa Einarsdóttir.



Haraldur Haraldsson og Anika Guðnadóttir.

Ástríðugolfari og VSV-starfsmaður 53 ár

„Ég á bara góðar minningar úr Vinnslustöðinni og ylja mér við þær,“ sagði Sigurbjörg R. Guðnadóttir – Systa, þar sem hún glæðbeitt í setustofu Hraunabúða í sumar og beið eftir að sjónvarpið sendi út næsta leik í Evrópumeistarakeppninni í knattspyrnu.

Hún sagðist fylgjast með útsendingum frá keppni í íþróttum af öllu tagi en alveg sérstaklega frá golfmótum. Það kemur ekki á óvart. Systa á Vegamótum var um árabil ástríðufullur golfari og afar liðtæk líka í félagsmálum golfara í Eyjum. Hún var formaður Golfklúbbs Vestmannaeyja frá 1989 til 1991, fyrsta og eina konan sem hefur gegnt formennsku þar á bæ frá því klúbbur var stofnaður árið 1938.

Eiginmaðurinn, Guðmundur Þórarinsson frá Háeyri, oftast kallaður Týssi, fylgdi Systu í golfið á sínum tíma og starfaði líka mikið fyrir golfklúbbinn. „Ég sýkti hann af golfveirunni!“ sagði Systa spök á svip. Þær voru sjö konurnar í Eyjum sem héldu hópinn og spiluðu mikið saman á golfvöllinum og tóku þátt í mörgum mótum, bæði í einstaklingskeppi og sveitakeppni. Systa segir að Jaggá, vinkona sín og samstarfsmaður í Vinnslustöðinni [Jakóbína Guðlaugsdóttir, eiginkona Sigurgeirs ljósmyndara Jónassonar í Skuld] hafi hins vegar smitað sig af golfveirunni.

Systa kom til starfa í Vinnslustöðinni 1. ágúst 1952 og var kvödd þar með virktum 30. júní 2005 eftir farsælan starfsferil í 53 ár samfleytt,

lengst af sem bókhaldi og síðar gjaldkeri! Hún vann sem skólanemi í einu páskafríi hjá Einari ríka í Hraðfrystistöðinni. Það var allt og sumt sem hún gerði í þágu annarra en Vinnslustöðvarinnar á starfsævinni.

Í blaði sem Vinnslustöðin gaf út í tilefni sextugsafmælis síns árið 2006 fór Systa hlýlegum orðum um fyrirtækið og hafði engu við að bæta tíu árum síðar, í góðu yfirleiti á heimili aldraðra í Vestmannaeyjum.

„Mér leið alltaf vel í Vinnslustöðinni og er með þetta fyrirtæki nánast í blóðinu! Auðvitað voru stundum sviptingar og nýir síðir koma með nýjum herrum.

Þá var bara að laga sig að aðstæðum hverju sinni og aldrei hvarflaði að mér að skipta um vinnustað. Bjart er yfir Vinnslustöðinni og mér list afskaplega vel á hvernig þar er haldið á málum.“



Systa lést 2. nóvember 2016. Þetta er síðasta ljósmyndin sem af henni var tekin.

Yfirverkstjórinn og Íslandsbikarinn

„Oft var mikið um að vera, í mörg horn að líta og vinnudagurinn nær því að vera sólarhringur en dagur en þessi tími er skemmtilegur í minningunni. Stundum rekst ég á fólk á förnum vegi sem vann í Vinnslustöðinni á vertíð og bjó í verbúðinni. Þá rifjast ýmislegt upp sem viðkomandi þykir notalegt að minnast og mér líka,“ segir Viðar Elíasson, sem rekur Fiskvinnslu VE og gerir út Narfa VE, ásamt eiginkonunni, Guðmundu Bjarnadóttur. Hann var yfirverkstjóri og síðar framleiðslustjóri Vinnslustöðvarinnar frá 1978 til 1999.

Á æfingu um kvöldmat og aftur í vinnu

Viðar hélt í alla þræði framleiðslunnar hjá Vinnslustöðinni, hvaða nafni sem nefndist. Uppsývarfiskur, bolfiskur, frysting, söltun, skreið. Heilt gengi starfsmanna hengdi fisk í hjalla alla daga. Gleytum ekki humarvinnslunni.

Einhverjum hefði þótt allt þetta duga til að fylla í ramma sólarhringsins og rúmlega það. Viðar æfði líka og keppti í knattspyrnu á fyrstu árunum hjá Vinnslustöðinni, var bæði lykilmáður þar og í liði ÍBV og lyfti eftirsóttum bikar á loft þegar Eyjamenn urðu Íslandsmeistarar í knattspyrnu karla 1979. Sjálfsagt þótti og eðlilegt að vinna frá morgni til kvölds, fara á fótboltaæfingu um kvöldmatarleytið og aftur í vinnu á eftir ef svo bar undir. Liðsfélagarnir í Eyjaliðinu voru líka fiskvinnslumenn, iðnaðarmenn eða í öðrum störfum en höfðu sem hreina auka- og skemmtibúgrein að

gera út á meistaratitla í fótbolta.

Eplin falla stundum skemmtilega stutt frá eikinni. Annar sona Guðmundu og Viðars, Sindri, er sjávarútvegsfræðingur og sviðsstjóri uppsývarfisks í Vinnslustöðinni. Dæturnar, Elísa og Margrét Lára, eru landsliðskonur í knattspyrnu og sú síðarnefnda skærasta stjarna kvennaknattspyrnu landsmanna um árabil. Elsta barnið, Bjarni Geir, er læknir.

Meira horft til magns en gæða

„Vinnslustöðin var stórt og mikið fyrirtæki með eigin skip og marga viðskiptabáta. Mikið fiskaðist á fyrstu árunum mínum og reyndar óhemjumikið 1981 til '83 þegar við tókum oft á móti 400-600 tonnum af slægðum og óslægðum fiski á dag frá miðjum febrúar fram undir mánaðarmótin apríl/mái.

Á vertíðinni kom fyrir að bærust að landi allt að tveimur þriðju hlutum alls afla sem unninn var á heilu ári. Í maí minnkuðu umsvifin en samt var mikið veitt og unnið yfir sumarið og oft voru menn að í einni lotu frá klukkan 8 að morgni til klukkan 9 eða 10 sex eða sjö daga vikunnar. Starfsfólk léti ekki bjóða sér slíkt nú til dags!“

Á þessum árum veiddist miklu meira en nú þekkist og magnið skipti mestu máli. Það var undirstrikað með því að útnefna aflakóng hvernar vertíðar á sjómannadaginn, þann skipstjóra sem kom með mestan fisk að landi.

Þetta átti eftir að breytast af ýmsum ástæðum sem virkuðu hver á aðra og tengdust innbyrðis. Nytjastofnar fiskjar þoldu ekki svo stríða sókn og markaðurinn kallaði smám saman eftir meiri gæðum og fjölbreyttari vinnslu hráefnisins. Markmiðið færðist frá magni í að ná sem mestu út úr mun minni afla. Fiskveiðistjórnunarkerfið var lögfest, í senn viðbrögð við aflasamdrætti og offjárfestingu en um leið stjórnþæki í sjávarútveginum í heild og fyrir einstök fyrirtæki í atvinnugreininni.

Stundum kom fyrir að framleiðslukerfið í Vinnslustöðinni ofhitnaði eða svo gott sem „sprakk“ þegar meira barst að af fiski en hægt var að vinna með þokkalegu móti. Þá var sagt stopp en því var ekki endilega tekið með fagnaðarlátum. Viðari og félögum var bent á að ekki gengi að loka á hluthafa Vinnslustöðvarinnar eða aðra fasta viðskiptavini og taka ekki frá þeim fisk. Einum kúnna var svo misboðið að hann kom í matartíma og sturtaði aflanunm sínum framan við lokaðar dyr fiskmóttökunnar. Skilaboð sem ekki var hægt að misskilja.

Launaumslögin og djammið

„Stærsta vandamálið var að fá nægan mannskap til að vinna fiskinn þegar mest gekk á. Við rákum verbúðir þar sem komust fyrir allt að 120 manns í tveggja eða þriggja manna herbergjum.



Viðar Eliasson á skrifstofu sinni í Fiskvinnslu VE.

Sumir bjuggu þar árið um kring, aðrir eingöngu á vertíð. Mikil orka fór í mannahaldið, enda er misjafn sauður í mörgu fé og sumir komu ekki á vertíð eingöngu til að vinna heldur gleðjast dálítið í leiðinni í góðum félagsskap. Borgað var út á fimmtudögum og þá bar við að erfitt væri að manna vaktir næstu daga. Menn djömmuðu á meðan eitthvað var eftir í launaumslaginu og við urðum að halda fólki við vinnuna sína!

Fjöldi fólks kom til Eyja til að vinna í fiski, líka af Suðurlandi og áberandi margir úr Skagafirði. Bændur úr sveitum hér og þar komu aftur og aftur, verkvanir menn og traustir. Aðrir höfðu aldrei unnið í fiski og oftast en ekki sneri það einfaldlega að næsta manni að kenna nýliðanum réttu handtökin.“

Verbúðalífið lifir í Nýju lífi

Vertíð jafngilti jafnan uppgripavinnu. Fólk kom á vertíð til að ná sér í peninga og helst mikla



Íslandsmeistarinn með ÍBV 1979 hefur að sjálfstöðu grip uppi á vegg á kontórnum til að minna sig á forna frægð á knattspyrnuvelliðum!

peninga. Svo breyttist ýmislegt. Staðgreiðslukerfi skatta var lögfest og þá fjaraði út áhugi bænda fyrir vertíðarvinnu, segja Eyjamenn að minnsta kosti. Aflinn minnktaði, kvótakerfið kom til sögunnar um svipað leyti og vinnslan dreifðist meira yfir árið og risatoppar í veiðum og vinnslu heyrðu sögunni til. Verbúðum Vinnslustöðvarinnar var lokað og verbúðalífið þar lifir bara í minningunni og í kvikmynd Þráins Bertelssonar, Nýju lífi, sem tekin var að hluta upp í Vinnslustöðinni.

Verbúðir og farandverkamenn í Vinnslustöðinni urðu fréttæfni í dagblöðum sumurin 1979 og 1980, fyrst vegna kjaradeilna og síðar vegna maðka í skreið á lofti verbúðanna. Stundum gekk talsvert á. Einu sinni var Viðar yfirverkstjóri til dæmis vakinn upp um miðja nótt. Kappsömustu farandverkamennirnir höfðu þá læst húsvörðinn inni og tekið völdin í verbúðunum.

Húsasmiður í sjávarútvegi

Viðar Elíasson lærði upphaflega húsasmiði og vinn sem smiður fyrstu ár starfsævinnar. Hugurinn var samt alltaf við sjóinn, faðir hans var skipstjóri í Eyjum og stráksi sótti í að vera á bryggjunum á uppvaxtarárunum. Trúlega hefði hann sjálfur farið á sjó líka en fótboltinn hélt honum í landi. Svo tengdist hann stærsta sjávarútvegsfyrirtækinu í Eyjum fjölskylduböndum. Eiginkonan, Guðmunda, er dóttir Bjarna Sighvatssonar sem var einn eigenda og stjórnarmaður í Vinnslustöðinni um árabil. Örlögin voru ráðin. Viðar gerði fiskvinnslu að ævistarfi en var áfram húsasmiður í eigin þágu. Hann byggði sjálfur hús fjölskyldunnar og síðar byggði hann yfir fjölskyldufyrirtækið, Fiskvinnsluna VE.

„Fyrsta verkið mitt í Vinnslustöðina var að reikna út framlegð frá degi til dags. Það var fyrir daga tölvunnar, allt handfært og ég fór í skráningarbækur verkstjóranna annars vegar og í tíma-skráningu starfsfólks hins vegar.

Upplýsingar voru um hve mikið af fiski hefði farið á borð hverrar konu í vinnslunni, hvað hefði komið þaðan aftur og í hvernig umbúðum, hvað væri mikið af þunnildum og afskurði.

Þannig fylgdumst við með því hve miklu hver þáttur starfseminnar skilaði fyrirtækinu og ég get fullyrt að á þessu framlegðarsviði vorum við frumkvöðlar í íslenskri fiskvinnslu. Bónuskerfi var sömuleiðis fyrst tekið upp í Vinnslustöðinni og var ekki tilviljun. Síðar kom tölvuskráning til sögunnar og framlegðarútreikningarnir urðu nánast sjálfvirkir.

Breytingar í viðhorfum og tækni eru miklar á tiltölulega fáum árum, þegar horft er til baka. Þessi tími í Vinnslustöðinni er hins vegar eftirminnilegur og mér hefur alltaf verið hlýtt til fyrirtækisins.“

Stórmeistaraheimsókn

Tveir af fremstu stórmeisturum veraldar í skák á þeim tíma, Rússinn Boris Spassky og Tékkinn Vlastimi Hort, háðu einvígi í Reykjavík snemma árs 1977 um réttinn til að skora á hólmi, þáverandi heimsmeistara, Rússann Anatoly Karpov. Þetta var annað tveggja áskorendaeinvíga á sama tíma og svo fór að Spassky hafði betur, naumlega þó. Hann hlaut átta og hálfan vinning en Hort sjö og hálfan.

Einvígið var sögulegt vegna þess að gera þurfti hlé á því í miðju kafi þegar Spassky fékk hastarlegt botnlangakast og var í skyndingu skorinn upp á Landspítala. Hort er annálaður séntilmaður og gaf keppinaut sínum færi á að ná sér til að unnt væri að útkljá einvígið við skákbörðið. Spassky sigraði sum sé að lokum.

Meistararnir komu til Vestmannaeyja á meðan á Íslandsdvölinni stóð og Guðmundur Sigfússon tók myndirnar af þeim í Vinnslustöðinni. Með í för voru Friðrik Ólafsson stórmeistari, forystumenn Skáksambands Íslands og fleiri. Þá var verið að vinna loðnu til manneldis og á þessum tíma var ekkert mál að fara með hóp manna inn í vinnslusali án þess að klæða mannskapinn í sloppa og slá neti yfir hár!

Arnar Sigurmundsson var nýbyrjaður að vinna hjá Samfrostri og sat í stjórn Taflfélags Vestmannaeyja. Hann og fleiri Taflfélagsmenn tóku á móti gestunum, fóru með þá um Heimaey og sýndu þeim ummerki eldgossins. Bæjarstjórn bauð til hádegisverðar, enda höfðingjar á ferð.



Friðrik Ólafsson gantast við félagann Hort. Til hægri er Össur Kristinsson, forstöðumaður Rannsóknastofu fiskiðnaðarins í Vestmannaeyjum og formaður Taflfélags Vestmannaeyja.



Boris Spassky hinn hárrúði fyrir miðri mynd. Keppinautur hans, Hort, er lengsti til vinstri og aftan við Spassky er Vasihevich Smyslov, rússneskur stórmeistari í skák, fyrrum heimsmeistari og aðstoðarmaður Spasskys. Lengst til hægri er Marina, eiginkona Spasskys, og við hlið hennar Auður, eiginkona Friðriks Ólafssonar.



Gestabópurinn í Vinnslustöðinni. Þarna sést líka Arnar Sigurmundsson, að baki Össuri Kristinssyni, báðir í forystusveit Taflfélags Vestmannaeyja.

Helmingur Eyjaflotans til sölu!

Útvegsmenn í Vestmannaeyjum auglýstu nær helming flota síns til sölu á einu bretti á adventunni 1978, alls 33 skip og báta, 25 til 250 tonn að stærð. Þetta var augljóslega táknræn pólitísk aðgerð til að vekja athygli á bágrí stöðu fyrirtækja í sjávarútvegi.

„Þessir útvegsbændur, sem nú hafa auglýst skip sín, eru þekktir af öðru en að berja lóminn. Þeir eru þekktari fyrir vilja og þor til þess að bjarga sér sjálfir. En hins vegar eru nú uppi svo margar vondar ástæður gegn slíkum möguleikum, að ekki er möguleiki, að endar nái saman í útgerðinni, ef menn hafa ekki verið þeim mun heppnari í endurnýjun báta og búnaðar ásamt aflasæld.“

Þannig skrifar Árni Johnsen meðal annars í opnugrein í Morgunblaðinu 12. desember 1978 og vísar meðal annars í nýlega úttekt á útgerð 35 fiskiskipa í Eyjaflotanum. Af þeim voru 6 skip gerð út með hagnaði 1977 en samantekinn rekstur á þessum 35 skipum var hins vegar gerður upp með 14,3% tapi.

Ókyrrð í pólitík og óstjórn í efnahagsmálum

Á þessum tíma var óstjórn í efnahagslífinu á Íslandi og mikil ókyrrð í stjórnmálum. Við völd var ríkisstjórn sem Ólafur Jóhannesson, formaður Framsóknarflokksins, myndaði með Alþýðubandalagi og Alþýðuflokki eftir alþingiskosningar í júní 1978 þar sem þáverandi stjórnarflokkar, Sjálfstæðisflokkur og Framsóknarflokkur, töpuðu miklu fylgi en A-flokkarnir svokölluðu bættu miklu við sig, einkum Alþýðuflokkurinn.

Ríkisstjórnin varð skammlíf. Hún sprakk á árinu 1979 og kosið var að nýju til Alþingis í des-

emberbyrjun það ár. Starfsstjórn Alþýðuflokksins, með Benedikt Gröndal í forsæti, hafði þá setið í þrjá mánuði fyrir kosningar með hlutleysi Sjálfstæðisflokksins.

Framsóknarflokkurinn varð sigurvegari aðventukosninganna 1979 með nýjan formann, Steingrím Hermannsson í forystu. Við tók við stjórnarkreppa sem lyktaði með því að Gunnar Thoroddsen, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, myndaði ríkisstjórn með Framsóknarflokki, Alþýðubandalagi og hluta þingflokks sjálfstæðismanna í febrúar 1980. Þegar þar var komið sögu var Kristján Eldjárn, forseti Íslands, byrjaður að undirbúa utanþingsstjórn.

„Klemmdir í kerfinu“

Í Morgunblaðsgreininni kemur fram að eldgosið á Heimaey 1973 sé

„... að mörgu leyti upphaf þeirra fjárhagsvandráðasem við er að glíma í Eyjum nú. Vanefndir og svik stjórnvalda í bótagreiðslum vegna tjóns af völdum eldgossins hafa verið slíkar, að einsdæmi er og vandræðin hafa magnast vegna þeirrar blússverðbólgu, sem geisad hefur.“

Þá er talað um að útvegsmenn, sem auglýstu skipin sín til sölu, vilji flestir starfa áfram að útgerð og hyggi á „framhald aðgerða til þess að fá mál skynsamlega unnin“. Sumir þeirra séu samt þannig „klemmdir í kerfinu“, að þeir eigi vart nokkurra kosta völa.

Fiskiskip til sölu



Árntýr VE 115 51. smál.



Bjarnarey VE 501, 147 smál.



Faldur VE 138, 46 smál.



Dala-Rafn VE 506, 88. smál.



Kópur VE 11, 92 smál.



Erlingur VE 295, 23 smál.



Glófaxi, VE 300, 105 smál.



Öðlingur VE 202, 51 smál.



Björg VE 5, 63 smál.



Ólafur Vestmann VE 180, 63 smál.



Emma VE 219, 59 smál.



Burstafelli VE 35, 48 smál.



Gandi VE 171, 131 smál.



Ver VE 200, 70 smál.



Danaki-Pétur VE 423, 103 smál.

Upplýsingar hjá Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja, milli kl. 2—5 e.h., sími 98-1330, eða útgerðarmönnum viðkomandi skipa.

Sameiningarmál og eignarhlutir VSV í öðrum félögum

1949

Fiskur og ís. Vinnslustöðin eignast fyrirtækið og tekur við rekstri þess í byrjun árs.

1953

Fiskimjölsværsmiðjan. Vinnslustöðin og Fisk-ið-iðjan gerast hluthafar í félaginu.

1955

Gunnar Ólafsson & Co. VSV eignast meirihluta í félaginu (fundargerð 22. okt. 1955)

1972

Samfrost. VSV tekur þátt í að stofna félagið (lagt niður 1993).

1976

Klakkur útgerðarfélag. Vinnslustöðin tekur þátt í að stofna félagið.

1980

Samtog. Vinnslustöðin tekur þátt í að stofna félagið (lagt niður 1990).

1989

Lifrarsamlag Vestmannaeyja. Vinnslustöðin eignast félagið að fullu.

1990

Útgerðarfélagið Knörr stofnað um útgerðarrekstur Vinnslustöðvarinnar.

1992

Fiskiðjan, Fiskimjölsværsmiðjan – FIVE, Lifrarsamlagið, Gunnar Ólafsson & Co, Knörr og Vinnslustöðin sameinast undir nafni Vinnslustöðvarinnar hf. Sameining Fiskiðjunnar og Vinnslustöðvarinnar samt ekki staðfest formlega í stjórn VSV og færð til bókar í fundargerð fyrir en í nóvember 1994.

1994

Fiskiðjan sameinuð Vinnslustöðinni (sem átti félagið fyrir að fullu).

1996

Meitillinn hf. í Þorlákshöfn sameinaður Vinnslustöðinni.

1998

Útgerðarfélag Vestmannaeyja. Vinnslustöðin eignast hlut í nýstofnuðu félagi.

1997

Immanúel ehf. – sjá sérstaka umfjöllun.

2000

Gandí ehf. – sjá sérstaka umfjöllun.

2001

Jón Erlingsson ehf. í Sandgerði – sjá sérstaka umfjöllun.

2002

Úndína ehf. – sjá sérstaka umfjöllun.

2003

Ísleifur ehf. – sjá sérstaka umfjöllun.

2005

Huginn ehf. – sjá sérstaka umfjöllun.

2008

Ufsaberg ehf. – sjá sérstaka umfjöllun.

2009

About fish. Vinnslustöðin eignast 51% hlut í félaginu.

2012

Marhólmur ehf. Vinnslustöðin eignast 75% hlut í nýstofnuðu félagi um vinnslu síldarafurða, loðnuhrogna og fleira í Eyjum.

2013

Stígandi ehf. Vinnslustöðin eignast félagið að fullu.

2014

Eyjaís ehf. Vinnslustöðin eignast félagið að fullu.

Meitillinn

Stjórnir Vinnslustöðvarinnar og útgerðarfélagsins Meitilsins í Þorlákshöfn gerðu með sér samkomulag á síðari hluta árs 1996 um að sameina félögin undir nafni Vinnslustöðvarinnar.




Fyrirsögn Morgunblaðsfréttar 2. október 1966.

Sumarið 1999 lagðist fiskvinnsla á vegum Vinnslustöðvarinnar af í Þorlákshöfn. Vinnslustöðin eignaðist þá 40% hlut í Frostfiski í Þorlákshöfn og seldi Frostfiski eignir Meitilsins og skipið Danska Pétur með 500 tonna aflaheimildum. Vinnslustöðin seldi hlut sinn í Frostfiski árið 2005.

Meitillinn í Þorlákshöfn var stofnaður 1949. Kaupfélögin í Árnes- og Rangárvallasýslum lögðu félaginu til hlutafé, sýslusjóðirnir sömuleiðis og fleiri. Fyrir áramót hafði stjórn félagsins keypt fimm vélbáta og fengið samþykkt að kanna kaup á þeim sjötta. Fyrsta vertíð Meitilsins hófst í febrúarbyrjun 1950.

Immanúel ehf.

Immanúel var útgerðarfélag sem Emil Marten Andersen skipstjóri (Malli á Júlíu) og Þórdís Jóelsdóttir stofnuðu 1953 og gerði út Júlíu VE og síðar Danska Pétur VE-423, 103 tonna bát sem smíðaður var í Skipasmíðastöð Þorgeirs og Ellerts á Akranesi. Báturinn var afhentur 1971 og bar gælunafn föður Emils, Hans Péturs Andersen, sem Eyjamenn kölluðu Danska Pétur.



Emil Andersen 1971

Emil gerði Danska Pétur út til æviloka. Erfingjar hans seldu Vinnslustöðinni útgerðarfélagið Immanúel árið 1997 og VSV gerði Danska Pétur út um árabil.

Gandí ehf.

Gunnlaugur Ólafsson skipstjóri og Kristín E. Gísladóttir stofnuðu útgerðarfélagið Gandí árið 1977 og gerðu út samnefndan bát frá Vestmannaeyjum. Gandí VE var eikarbátur sem áður hét Þorbjörn, gerður út frá Grindavík. Félagið eignaðist nýtt stálskip með sama nafni 1985, áður Harald AK, og það þriðja 1999, sérútbúið línu-skip frá Noregi.



Gunnlaugur Ólafsson á Gandí 1999

Gandí ehf. var sameinaður Vinnslustöðinni árið 2000. Gunnlaugur lést langt um aldur fram árið 2005, 59 ára.

Jón Erlingsson ehf.

Vinnslustöðin keypti útgerðarfyrirtækið Jón Erlingsson ehf. í Sandgerði á árinu 2001 og sameinaði það félaginu. Helstu eignir Jóns Erlingssonar ehf. voru fiskvinnsluhús í Sandgerði, vélbáturinn Æskan GK-222 og aflaheimildir upp á 1.750 þorskígildistonn. Húsið var selt en Vinnslustöðin hélt eftir aflaheimildum, báti og veiðarfærum.

Jón Erlingsson, útgerðarmaður og fiskverkandi, fæddist í Sandgerði 10. júní 1933 og lést 13. desember 1996. Hann stundaði sjómennsku frá



Æskan GK-222 (Jón Erlingsson ehf.)

15 ára aldri og hóf fiskverkun í bílskúrnun heima 24 ára.

Árið 1972 stofnaði hann fiskverkunina Jón Erlingsson ehf. Félagið réðst í útgerð 1975 með hluta-eign í togaranum Erlingi GK-6, sem keyptur var nýr frá Noregi í samvinnu við aðra. Þátttaka í þeirri útgerð stóð til ársins 1984 er togarinn var seldur.

Aukin útgerðarumsvif kölluðu á stofnun annars fyrirtækis til að sjá um þá hlið rekstursins. Það var stofnað 1980, nefnt Valbjörn og keypti togarann Framtíðina árið 1981. Eftir kaupin var togarinn nefndur Haukur og fylgdi það nafn togara útgerðarinnar eftir það. Nýr Haukur var keyptur frá Færeyjum árið 1991 en sá eldri var seldur úr landi. Árið 1992 var keyptur 30 tonna bátur og nefndur Erlingur og 1996 bættust tveir bátar í flotann, Jón Erlings (50 tonna bátur) og enn einn Erlingurinn (100 tonn).

Úndína ehf.

Gísli Valur Einarsson og Björg Guðjónsdóttir stofnuðu útgerðarfélagið Úndínu og gerðu fyrst út trébátinn Björgu VE en síðar aðra Björgu VE, 123 tonna stálskip smíðað í Svíþjóð.

Úndína gerði Björgu hina síðari út fram á mitt ár 2002 þegar Vinnslustöðin eignaðist helmings-



Björg Guðjónsdóttir og Gísli Valur Einarsson 2003.

hlut í félaginu og það var síðan sameinað Vinnslustöðinni.

Gísli Valur stundaði ávallt togveiðar á bátum sínum og var jafnan í fremstu röð aflamanna í Eyjum með það veiðarfæri.

Ísleifur ehf.

Ársæll Sveinsson útgerðarmaður gerði um dagana út alls fimm báta sem báru nafnið Ísleifur. Hann lést árið 1969. Leifur, sonur Ársæls, starfaði að útgerðinni og varð útgerðarstjóri. Árið 1975 keypti hann Ísleif VE-63 ásamt tveimur yfirmönnum



Ársæll Sveinsson 1968



Leifur Ársælsson og Gunnar Jónsson.

á skipinu; Gunnari Jónssyni skipstjóra og Kára Birgi Sigurðssyni vélstjóra. Þeir seldu skipið til Þorlákshafnar 1982 en keyptu 550 tonna bát frá Færeyjum og nefndu Ísleif VE-63. Gunnar og Leifur keyptu hlut Kára Birgis í félaginu 1986.

Vinnslustöðin eignaðist Ísleif ehf. síðla árs 2003 og sameinaði félaginu. VSV gerði Ísleif út til 2015.

Gunnar Jónsson var mikill aflamaður, einkum á nótaveiðum, og var aflakóngur Vestmannaeyja 1971-1973.

Huginn ehf.

Útgerðarfélagið Huginn var stofnað 1959 þegar Guðmundur Ingi Guðmundsson og Kristín



Huginsfjölskyldan á sjómannaþegi.



Páll Þór Guðmundsson.

Pálsdóttir hófu að gera út eikarbátinn Hugin VE-55 ásamt Óskari Sigurðssyni frá Hvassafelli. Þau keyptu hlut Óskars í útgerðinni 1968.

Félagið eignaðist síðan og gerði út þrjú skip með sama nafni og númeri, allt nýsmíðar. Nýjasti Huginn, glæsilegt uppsjávarveiðiskip, var smíðaður í Síle árið 2001.

Útgerðarfélagið Huginn var meðeigandi í útgerð Vestmannaeyjar VE, skips sem kom til Eyja í gosinu 1973. Huginn og útgerðarfélagið Berg áttu Vestmannaey í sameiningu í gegnum félagið Berg Huginn hf.

Vinnslustöðin eignaðist 48% hlut í Hugin 2005. Synir Guðmundar Inga og Kristínar eru nú þar við stjórnvölinn og halda uppi fjölskyldumerkinu í fyrirtækinu. Guðmundur Huginn og Gylfi Viðar eru skipstjórar á Hugin VE og Páll Þór útgerðarstjóri.

Guðmundur Ingi var aflakóngur Vestmannaeyja 1972 og 1982-1986 og fiskikóngur 1972.

Ufsaberg ehf.

Árið 2008 keypti Vinnslustöðin 35% hlut í útgerðarfélaginu Ufsabergi ehf. og tók jafnframt við útgerð skips félagsins, Gullbergs VE.

Ufsaberg var stofnað 1969 og gerði út fjögur skip með sama nafni og númeri, Gullberg VE-292. Stofnendur og aðaleigendur voru Guðjón Pálsson skipstjóri, Ólafur Már Sigurmundsson



Sigríður Árný Bragadóttir og Eyjólfur Guðjónsson 1996.

vélstjóri og Jón Guðleifur Ólafsson fiskimatsmaður frá Garðstöðum, þekktari sem Leifi í Laufási. Leifi var tengdafaðir Guðjóns skipstjóra.

Fyrsta Gullbergið var trébátur sem smíðaður var í Vestmannaeyjum 1963 og Guðjón keypti ásamt meðeigendum sínum 1970.

Næsta Gullberg var stálskip, smíðað var í Norgei, og hið þriðja var keypt notað 1999, upprunalega smíðað í Póllandi.

Vinnslustöðin keypti Gullberg nr. 3 árið 2005 með aflaheimildum í loðnu, NÍ-síld og kolmunna.

Fjórða Ufsabergið var keypt árið 2000 og eingöngu gert út til bolfiskveiða en þau tvö á undan höfðu að mestu stundað uppsjávarveiðar. Vinnslustöðin eignaðist sem sagt 35% hlut í útgerðinni 2008.

Guðjón var farsæll sjómaður og einn aflasælasti skipstjóri Vestmannaeyja. Hann var til dæmis aflakóngur sex ár samfleytt, frá 1975 til 1981. Eyjólfur, sonur hans, tók við skipstjórn og útgerð Gullbergs eftir að Guðjón lést 1987. Eyjólfur var annar tveggja skipstjóra á Kap VE frá 2005 og síðar Ísleifs VE. Bæði Kap og Ísleifur eru í eigu Vinnslustöðvarinnar.

Stígandi

Jón Ólafsson frá Hólmi í Vestmannaeyjum stofnaði útgerðarfélagið Stíganda árið 1916 og fór að



Stígandi kemur heim 2002.

gera út 8,5 rúmlesta bát, sem upphaflega var smíðaður í Danmörku en keyptur frá Mjóafirði. Fjallað var ítarlega um sögu Stíganda í Morgunblaðinu 23. júní 2002 og þar kemur fram að félagið hafi þá líklega verið elsta starfandi fjölskyldufyrirtæki í útgerð í Vestmannaeyjum. Tilefni umfjöllunar blaðsins er að skömmu áður kom til heimahafnar nýtt togskip, Stígandi VE, sem smíðað var í Kína.

Á árinu 2013 keypti Vinnslustöðin útgerðarfélagið Stíganda og sameinaði það Vinnslustöðinni. Stígandi VE fylgdi með í kaupunum og 1.300 þorskígildistonna aflaheimildir. Vinnslustöðin seldi Stíganda til Suðurnesja á árinu 2016.

Stofnendur Vinnslustöðvarinnar hf.

Anders Bergersen, m/b Veiga
 Angatýr Elíasson Hlaðbæ.
 Axel Halldórsson, f.h. Sæbjargar hf.
 Axel Magnússon, m/b Mýrdælingur
 Ágúst Bjarnason Svalbarða
 Ársæll Sveinsson Fögrubrekku
 Árni Finnbogason
 Ágúst Guðmundsson
 Árni Sigurjónsson
 Ármann Guðmundsson, m/b Ársæll
 Benóný Friðriksson Gröf
 Bjarni Jónsson Garðshorni, m/b Gota
 Bjarni Jónsson Svalbarða
 Björn Bernódusson
 Björn Bjarnason, m/b Emma
 Björgvin Jónsson Úthlíð
 Elías Sveinsson
 Eiríkur Ásbjörnsson, m/b Emma
 Emil Andersen Sólbakka
 Gísli Jónsson Arnarhóli, m/b Víkingur
 Gísli Sveinsson Hvanneyri, m/b Gullveig
 Grímur Gíslason Felli, m/b Kristbjörg
 Guðlaugur Gíslason
 Guðlaugur Vigfússon Holti, m/b Von
 Guðjón Hafliðason Skaftafelli,
 m/b Mýrdælingur
 Guðjón Jónsson Hlíðardal, m/b Gullfoss
 Guðjón Sveinsson
 Guðjón Tómasson
 Gunnar M. Jónsson
 Gunnar Ólafsson, Tangabátur hf.
 Guðmundur Tómasson
 Guðmundur Ólafsson
 Guðmundur Vigfússon Holti, m/b Von
 Guðni Grímsson, m/b Maggý

Gunnsteinn Þorbjörnsson
 Hafsteinn Stefánsson, m/b Vestri
 Haraldur Hannesson Fagurlist, m/b Baldur
 Halldór Einarsson
 Helgi Benediktson
 Helgi Benónýsson Vesturhúsum
 Helgi Jónatansson
 Hlöðver Johnsen Saltabergi, m/b Gota
 Holberg Jónsson, m/b Björgvin
 Ingvar Þórólfsson Birtingarholti,
 m/b Mýrdælingur
 Ingólfur Theódórsson, m/b Sæbjörg
 Ívar Magnússon, m/b Mýrdælingur
 Jónas Jónsson Fagurlist, m/b Baldur
 Jóhann Sig. Jónsson
 Jónas Bjarnason
 Jón Vigfússon Holti, m/b Von
 Jón Guðmundsson, m/b Von
 Jón Benónýsson
 Jón Einarsson Höfðabrekku
 Jóhann Kristjánsson, m/b Örn
 Jóhann B.Sigurðsson, m/b Gissur hvíti
 Jón Tómasson
 Jón Þórðarson, m/b Lundi
 Jón Guðjónsson
 Júlíus Ingibergsson Hjálmholti, m/b Reynir
 Júlíus Snorrason Hlíðarenda
 Karl Guðmundsson Viðey
 Karl Guðmundsson, m/b Ver
 Kjartan Ólafsson Hrauni m/b Veiga
 Kristján Björnson
 Helgafellsbraut 1 (Kirkjulandi)
 Kristinn Sigurðsson, m/b Gullveig
 Knud Andersen Sólbakka.
 Lárus Ársælsson Fögrubrekku, m/b Jökull

Leó Ingvarsson, m/b Gullveig
Lúðvík Lúðvíksson
Magnús Kristjánsson, m/b Örn
Magnús Torberg, m/b Blátindur
Magnús Valtýrsson, m/b Skúli fógeti
Margret Sigurðardóttir, m/b Veiga
Martin Tómasson Höfn.
Ólafur Halldórsson, m/b Sídon
Ólafur A.Kristjánsson
Óskar Eyjólfsson
Óskar Jónsson, m/b Sjöfn
Ólafur Eyjólfsson, m/b Skúli fógeti
Óskar M. Gíslason Arnarhól, m/b Víkingur
Páll Ingibergsson Hjálmholti, m/b Reynir
Pétur Guðbjartsson, m/b Unnur
Pétur Andesen Sólbakka
Ragnar Stefánsson
Reykdal Jónsson, m/b Björgvin
Rögnvaldur Jónsson
Runólfur Runólfsson Bræðratungu,
m/b Halkion

Sighvatur Bjarnason Ási
Sigurður Bjarnason, Svanhól
Sigurjón Jónsson, m/b Örn
Sigurjón Ólafsson, m/b Lundi
Sigurjón Sigurjónsson Bifröst
Sigurjón Sigurbjörnsson
Svavar Antonsson Byggðarholti
Sveinn Ársælsson Fögrubrekku
Stefán Guðlaugsson Gerði
Steingrímur Björnson Kirkjulandi,
m/b Jökull
Torfi L. Torfason, m/b Alda
Tómas M. Guðjónsson Höfn
Tómas Sveinsson
Trausti Jónsson
Þorgeir Jóelsson Sælundi, m/b Lundi
Þorsteinn Kr. Gíslason, m/b Sjöfn
Þorsteinn Stefánsson, m/b Unnur
Vilhjálmur Guðmundsson,
m/b Skúli fógeti
Willum Andersen Sólbakka

Stjórnir Vinnslustöðvarinnar

2. október 1946

Undirbúningsnefnd að stofnun Fiskvinnslustöðvarar útgerðarmanna í Vestmannaeyjum: Jóhann Sigfússon, Helgi Benediktsson, Ársæll Sveinsson, Guðlaugur Gíslason, Ólafur Kristjánsson. Varamenn: Sighvatur Bjarnason, Ragnar Stefánsson.

30. desember 1946

Fyrsta stjórn: Jóhann Sigfússon formaður, Helgi Benediktsson varaformaður, Guðlaugur Gíslason, Ársæll Sveinsson, Ólafur Kristjánsson. Varamenn: Sighvatur Bjarnason, Ragnar Stefánsson.

14. júní 1948

Jóhann Sigfússon formaður, Ársæll Sveinsson varaformaður, Ólafur Kristjánsson, Helgi Benediktsson, Sighvatur Bjarnason. Varamenn: Jónas Jónsson, Kjartan Guðmundsson.

24. október 1949

Jóhann Sigfússon formaður, Sighvatur Bjarnason varaformaður, Jónas Jónsson, Ársæll Sveinsson, Guðmundur Vigfússon. Varamenn: Kjartan Guðmundsson, Óskar Gíslason.

14. desember 1950.

Jóhann Sigfússon formaður, Sighvatur Bjarnason varaformaður, Jónas Jónsson, Guðmundur Vigfússon, Ársæll Sveinsson. Varamenn: Óskar Gíslason; Guðjón Jónsson, Hlíðardal.

28. desember 1951

Jóhann Sigfússon formaður, Sighvatur Bjarnason varaformaður, Jónas Jónsson, Guðmundur

Vigfússon, Ársæll Sveinsson. Varamenn: Óskar Gíslason; Guðjón Jónsson, Hlíðardal.

22. desember 1952

Jóhann Sigfússon formaður, Sighvatur Bjarnason varaformaður, Jónas Jónsson, Guðmundur Vigfússon; Guðjón Jónsson, Hlíðardal. Varamenn: Haraldur Hannesson, Björgvin Jónsson.

17. desember 1953

Jóhann Sigfússon formaður, Sighvatur Bjarnason varaformaður, Jónas Jónsson, Guðmundur Vigfússon; Guðjón Jónsson, Hlíðardal. Varamenn: Haraldur Hannesson, Björgvin Jónsson.

17. desember 1954

Jóhann Sigfússon formaður, Sighvatur Bjarnason varaformaður, Jónas Jónsson, Guðmundur Vigfússon; Guðjón Jónsson, Hlíðardal. Varamenn: Björgvin Jónsson, Sveinbjörn Hjartarson.

21. desember 1955

Jóhann Sigfússon formaður, Sighvatur Bjarnason varaformaður, Jónas Jónsson, Haraldur Hannesson, Guðjón Jónsson, Hlíðardal. Varamenn: Sveinbjörn Hjartarson, Björgvin Jónsson.

7. janúar 1956

Jóhann Sigfússon formaður, Sighvatur Bjarnason varaformaður, Jónas Jónsson; Guðjón Jónsson, Hlíðardal; Haraldur Hannesson. Varamenn: Sveinbjörn Hjartarson, Óskar Matthíasson.

20. desember 1957

Jóhann Sigfússon formaður, Sighvatur Bjarnason varaformaður, Jónas Jónsson, Haraldur Hannesson; Guðjón Jónsson, Hlíðardal. Varamenn: Sveinbjörn Hjartarson, Óskar Matthíasson.

28. desember 1958

Jóhann Sigfússon formaður, Sighvatur Bjarnason varaformaður, Jónas Jónsson, Haraldur Hannesson; Guðjón Jónsson, Hlíðardal. Varamenn: Sveinbjörn Hjartarson, Óskar Matthíasson.

18. desember 1959

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Sveinbjörn Hjartarson, Jónas Jónsson; Guðjón Jónsson, Hlíðardal. Varamenn: Júlíus Ingibergsson, Guðni Grímsson.

28. desember 1961

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Jónas Jónsson, Sveinbjörn Hjartarson, Júlíus Ingibergsson. Varamenn: Guðjón Jónsson, Hlíðardal; Guðni Grímsson.

13. janúar 1963

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Jónas Jónsson, Júlíus Ingibergsson, Sveinbjörn Hjartarson. Varamenn: Guðlaugur Stefánsson, Sigurður Þórðarson.

7. janúar 1964

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Jónas Jónsson, Sveinbjörn Hjartarson, Júlíus Ingibergsson. Varamenn: Guðlaugur Stefánsson, Sigurður Þórðarson.

20. desember 1964

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Jónas Jónsson, Júlíus Ingibergsson, Sveinbjörn Hjartarson. Varamenn: Guðlaugur Stefánsson, Sigurður Þórðarson.

28. desember 1965

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Jónas Jónsson, Júlíus Ingibergsson, Sveinbjörn Hjartarson. Varamenn: Guðlaugur Stefánsson, Sigurður Þórðarson.

28. desember 1966

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Jónas Jónsson, Sveinbjörn Hjartarson, Júlíus Ingibergsson. Varamenn: Ingólfur Matthíasson, Óskar Sigurðsson.

28. desember 1967

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Sveinbjörn Hjartarson, Jónas Jónsson, Guðlaugur Stefánsson. Varamenn: Óskar Sigurðsson, Ingólfur Matthíasson.

27. desember 1968

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Jónas Jónsson, Sveinbjörn Hjartarson, Guðlaugur Stefánsson. Varamenn: Óskar Sigurðsson, Ingólfur Matthíasson.

29. desember 1969

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Jónas Jónsson, Sveinbjörn Hjartarson, Guðlaugur Stefánsson. Varamenn: Ingólfur Matthíasson, Óskar Matthíasson.

29. desember 1970

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Jónas Jónsson, Sveinbjörn Hjartarson, Guðlaugur Stefánsson. Varamenn: Ingólfur Matthíasson, Óskar Matthíasson.

3. desember 1971

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Óskar Matthíasson, Sveinbjörn Hartarson, Guðlaugur Stefánsson. Varamenn: Guðmundur Ingi Guðmundsson, Ingólfur Matthíasson.

28. desember 1972

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Óskar Matthíasson, Guðlaugur Stefánsson, Sveinbjörn Hjartarson. Varamenn: Guðmundur Ingi Guðmundsson, Ingólfur Matthíasson.

27. desember 1974

Sighvatur Bjarnason formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Guðlaugur Stefánsson, Óskar Matthíasson, Sveinbjörn Hjartarson. Varamenn: Guðmundur Ingi Guðmundsson, Ingólfur Matthíasson.

30. desember 1975

Guðlaugur Stefánsson formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Sveinbjörn Hjartarson, Óskar Matthíasson, Bjarni Sighvatsson. Varamenn: Guðmundur Ingi Guðmundsson, Ingólfur Matthíasson.

20. desember 1976

Sigurður Óskarsson formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Óskar Matthíasson, Ingólfur

Matthíasson, Bjarni Sighvatsson. Varamenn: Friðrik Óskarsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson.

29. desember 1977

Sigurður Óskarsson formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Bjarni Sighvatsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Ingólfur Matthíasson. Varamenn: Friðrik Óskarsson, Óskar Matthíasson

27. desember 1978

Sigurður Óskarsson formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Ingólfur Matthíasson, Bjarni Sighvatsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson. Varamenn: Friðrik Óskarsson, Óskar Matthíasson.

17. nóvember 1979

Sigurður Óskarsson formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Ingólfur Matthíasson, Bjarni Sighvatsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson. Varamenn: Friðrik Óskarsson, Óskar Matthíasson.

22. nóvember 1980

Sigurður Óskarsson formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Ingólfur Matthíasson, Bjarni Sighvatsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson. Varamenn: Óskar Matthíasson, Leifur Ársælsson.

16. október 1981

Sigurður Óskarsson formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Bjarni Sighvatsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Ingólfur Matthíasson. Varamenn: Óskar Matthíasson, Leifur Ársælsson.

9. október 1982

Sigurður Óskarsson formaður, Haraldur Hann-

esson varaformaður, Ingólfur Matthíasson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Bjarni Sighvatsson. Varamenn: Leifur Ársælsson, Óskar Matthíasson.

24. september 1983

Sigurður Óskarsson formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Bjarni Sighvatsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Ingólfur Matthíasson. Varamenn: Leifur Ársælsson, Óskar Matthíasson.

1. desember 1984

Sigurður Óskarsson formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Ingólfur Matthíasson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Bjarni Sighvatsson. Varamenn: Leifur Ársælsson, Óskar Matthíasson.

19. október 1985

Sigurður Óskarsson formaður, Haraldur Hannesson varaformaður, Haraldur Gíslason, Bjarni Sighvatsson, Ingólfur Matthíasson. Varamenn: Leifur Ársælsson, Matthías Óskarsson.

15. nóvember 1986

Bjarni Sighvatsson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Leifur Ársælsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Richard Sighvatsson. Varamenn: Guðmundur Sveinbjörnsson, Matthías Óskarsson.

6. júní 1987

Bjarni Sighvatsson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Leifur Ársælsson, Richard Sighvatsson. Varamenn: Guðmundur Sveinbjörnsson, Matthías Óskarsson.

28. maí 1988

Bjarni Sighvatsson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Richard Sighvatsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Leifur Ársælsson. Varamenn: Guðmundur Sveinbjörnsson, Matthías Óskarsson.

16. júní 1989

Bjarni Sighvatsson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Richard Sighvatsson, Leifur Ársælsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson. Varamenn: Matthías Óskarsson, Guðmundur Sveinbjörnsson.

29. júní 1990

Bjarni Sighvatsson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Richard Sighvatsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Leifur Ársælsson. Varamenn: Matthías Óskarsson, Guðmundur Sveinbjörnsson.

20. júní 1991

Bjarni Sighvatsson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Leifur Ársælsson, Richard Sighvatsson. Varamenn: Guðmundur Sveinbjörnsson, Viðar Elíasson.

11. apríl 1992

Bjarni Sighvatsson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Leifur Ársælsson, Guðjón Rögnvaldsson, Guðmundur Karlsson. Varamenn: Viktor Helgason, Guðmundur Ingi Guðmundsson.

22. nóvember 1992

Bjarni Sighvatsson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Guðjón Rögnvaldsson, Leifur Ársælsson, Geir Magnússon. Varamenn: Viktor Helgason, Guðmundur Ingi Guðmundsson.

11. desember 1993

Bjarni Sighvatsson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Guðjón Rögnvaldsson, Leifur Ársælsson, Geir Magnússon. Varamenn: Viktor Helgason, Guðmundur Ingi Guðmundsson.

5. nóvember 1994

Geir Magnússon formaður, Guðjón Rögnvaldsson varaformaður, Haraldur Gíslason, Elín Alma Arthúrsdóttir, Benedikt Sveinsson. Varamenn: Viktor Helgason, Bergvin Oddsson.

31. ágúst 1995

Geir Magnússon formaður, Guðjón Rögnvaldsson varaformaður, Bergvin Oddsson, Haraldur Gíslason, Gunnar Birgisson. Varamenn: Viktor Helgason, Sigurjón Óskarsson.

31. ágúst 1996

Geir Magnússon formaður, Guðjón Rögnvaldsson varaformaður, Haraldur Gíslason, Guðmundur Baldursson, Gunnar Birgisson. Varamenn: Viktor Helgason, Bjarni Jónsson.

24. október 1997

Geir Magnússon formaður, Guðjón Rögnvaldsson varaformaður, Haraldur Gíslason, Gunnar Birgisson, Guðmundur Baldursson. Varamenn: Viktor Helgason, Bjarni Jónsson.

31. ágúst 1998

Geir Magnússon formaður, Guðmundur Baldursson varaformaður, Haraldur Gíslason, Gunnar Birgisson, Jóhann Magnússon. Varamenn: Viktor Helgason, Bjarni Jónsson.

31. ágúst 1999

Geir Magnússon formaður, Kristinn Hallgrímsson varaformaður, Haraldur Gíslason, Viktor

Helgason, Örn Gústafsson. Varamenn: Benedikt Sigurðsson, Gunnlaugur Ólafsson.

14. desember 2000

Jakob Bjarnason formaður, Kristinn Hallgrímsson varaformaður, Gunnar Birgisson, Haraldur Gíslason, Örn Gústafsson. Varamenn: Benedikt Sigurðsson, Gunnlaugur Ólafsson.

30. nóvember 2001

Jakob Bjarnason formaður, Magnús Kristinsson varaformaður, Gunnar Birgisson, Haraldur Gíslason, Jón Kristjánsson. Varamenn: Benedikt Sigurðsson, Gunnlaugur Ólafsson.

10. maí 2002

Jakob Bjarnason formaður, Magnús Kristinsson varaformaður, Gunnar Birgisson, Haraldur Gíslason, Jón Kristjánsson. Varamenn: Benedikt Sigurðsson, Gunnlaugur Ólafsson.

4. febrúar 2003 (hluthafafundur)

Jakob Bjarnason formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Guðmundur Kristjánsson, Gunnar Birgisson, Gunnlaugur Ólafsson. Varamenn: Benedikt Sigurðsson, Hjálmar Þ. Kristjánsson.

1. maí 2003

Jakob Bjarnason formaður, Gunnlaugur Ólafsson varaformaður, Guðmundur Kristjánsson, Aðalsteinn Ingólfsson, Sigurjón Óskarsson. Varamenn: Haraldur Gíslason, Hjálmar Þ. Kristjánsson.

7. maí 2004

Gunnar Felixson formaður, Gunnlaugur Ólafsson varaformaður, Aðalsteinn Ingólfsson, Guðmundur Kristjánsson, Sigurjón Óskarsson. Varamenn: Haraldur Gíslason, Hjálmar Þ. Kristjánsson.

6. maí 2005

Gunnar Felixson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Aðalsteinn Ingólfsson, Hjálmar Þ. Kristjánsson, Leifur Á. Leifsson. Varamenn: Guðmundur Kristjánsson, Sigurjón Óskarsson.

5. maí 2006

Gunnar Felixson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Hjálmar Þ. Kristjánsson, Leifur Á. Leifsson, Sigurjón Óskarsson. Varamenn: Guðmundur Kristjánsson, Kristín Gísladóttir.

3. maí 2007

Gunnar Felixson formaður, Haraldur Gíslason varaformaður, Hjálmar Þ. Kristjánsson, Leifur Á. Leifsson, Sigurjón Óskarsson. Varamenn: Guðmundur Kristjánsson, Kristín Gísladóttir.

2. maí 2008

Haraldur Gíslason formaður, Leifur Á. Leifsson varaformaður, Hjálmar Þ. Kristjánsson, Sigurjón Óskarsson, Magnús Helgi Árnason. Varamenn: Guðmundur Kristjánsson, Kristín Gísladóttir.

8. maí 2009

Haraldur Gíslason formaður, Leifur Á. Leifsson varaformaður, Hjálmar Þ. Kristjánsson, Sigurjón Óskarsson, Magnús Helgi Árnason. Varamenn: Guðmundur Kristjánsson, Kristín Gísladóttir.

1. júní 2010

Guðmundur Örn Gunnarsson formaður, Leifur Á. Leifsson varaformaður, Hjálmar Þ. Kristjánsson, Sigurjón Óskarsson, Magnús Helgi Árnason. Varamenn: Guðmundur Kristjánsson, Kristín Gísladóttir.

30. júní 2011

Guðmundur Örn Gunnarsson formaður, Einar

Þór Sverrisson varaformaður, Leifur Á. Leifsson, Magnús Helgi Árnason, Sigurjón Óskarsson. Varamenn: Kristín Gísladóttir, Eyjólfur Guðjónsson.

28. júní 2012

Guðmundur Örn Gunnarsson formaður, Einar Þór Sverrisson varaformaður, Kristín Gísladóttir, Leifur Á. Leifsson, Magnús Helgi Árnason. Varamenn: Eyjólfur Guðjónsson, Magnea Bergvinsdóttir.

28. júní 2013

Guðmundur Örn Gunnarsson formaður, Einar Þór Sverrisson varaformaður, Hjálmar Þ. Kristjánsson, Páley Borgþórsdóttir, Rut Haraldsdóttir. Varamenn: Eyjólfur Guðjónsson, Magnea Bergvinsdóttir.

20. júní 2014

Guðmundur Örn Gunnarsson formaður, Einar Þór Sverrisson varaformaður, Guðmundur Kristjánsson, Páley Borgþórsdóttir, Rut Haraldsdóttir. Varamenn: Eyjólfur Guðjónsson, Íris Róbertsdóttir.

2. júní 2015

Guðmundur Örn Gunnarsson formaður, Einar Þór Sverrisson varaformaður, Guðmundur Kristjánsson, Íris Róbertsdóttir, Rut Haraldsdóttir. Varamenn: Eyjólfur Guðjónsson, Guðmunda Bjarnadóttir.

31. ágúst 2016 (hluthafafundur)

Guðmundur Örn Gunnarsson formaður, Einar Þór Sverrisson varaformaður, Ingvar Eyfjörð, Íris Róbertsdóttir, Rut Haraldsdóttir. Varamenn: Eyjólfur Guðjónsson, Guðmunda Áslaug Bjarnadóttir.

MYNDAUGAÐ



Sædis Einarsdóttir.



Mæðgurnar Matthildur Eiríksdóttir og Rebekka Björgvinsdóttir 1990.



Á netaverkstæði VSV.



Loðnufrysting. Vantar nöfn!